

Frjálsíþróttasamband Íslands 50 ára

Til að ná takmarki sínu verða allir að reyna á kraftana. Fornsögurnar segja frá því, hvernig hetjur tömdu líkama sinn við raunir og sál sína við þrek og snarræði. Héðan héldu menn og efndu til keppni meðal annarra þjóða og sýndu hæfileika sína til orðs og æðis.

Sagan hermir, að allt frá fyrstu tíð höfum við Íslendingar leitt hugann að stöðu okkar gagnvart öðrum þjóðum. Á þeirri öld, sem nú er senn á enda runnin hefur þátttaka okkar í hvers kyns alþjóðlegri keppni aukist jafnt og þétt. Íslenska þjóðin hefur leynt og ljóst sett sér það mark að vilja vera í fremstu röð.

Á þennan keppnisanda reynir mjög í frjálsíþróttum, þar sem hæfni og dugnaður eins manns ræður úrslitum að lokum. Fyrir íþróttamenn á faraldsfæti um heim allan, til þess að reyna sig í alþjóðlegri keppni, hlýtur að vera mjög mikilvægt að eiga góða að heima fyrir. Í 50 ár hefur Frjálsíþróttasamband Íslands verið slíkt skjól fyrir félagsmenn sína.

Markmið sambandsins er að búa þannig um hnúta, að sem flestir taki þátt í frjálsíþróttum og vel sé staðið við bakið á þeim, sem ná lengst. Um þessar mundir stunda tæplega 6000 manns frjálsíþróttir í landinu og er þátttakan dreifð um landið allt. Er þetta til marks um öflugt félagsstarf.

Saga frjálsíþróttanna geymir nöfn margra afreksmanna, sem hafa sprottið úr íslenskum jarðvegi og gleðilegt er, að hin síðari ár getum við einnig fagnað konum í þessum hópi.

Ég minnst þess frá fyrstu starfsárum Frjálsíþróttasambands Íslands að vera í fjölmönnum hópi áhugasamra áhorfenda á Melavellinum sem fylgdist með frjálsíþróttum og tók lifandi þátt í keppninni með hvatningarhrópum. Nú er algengara, að menn sitji heima í stofu fyrir framan sjónvarpsskjáinn og fylgist með sekúndubrotunum. Hitt hefur ekki breyst, að gleðitilfinning fer um áhorfandann, þegar hans maður vinnur.

Á þessum tímamótum skal þeirra minnst með sérstöku þakklæti, sem hafa fórnað óteljandi fristundum sínum í starfi fyrir Frjálsíþróttasamband Íslands. Þau hljóðlátu störf eru best launuð með því að almenningur leggi keppismönnum okkar lið, þegar mest á reynir.

Megi Frjálsíþróttasamband Íslands vinna enn um langan aldur að því, að gleðitilfinning vegna framgangs félagsmanna þess fylli brjóst íslenskra áhorfenda.



*Björn Bjarnason
menntamálaráðherra*

Frjálsíþróttasamband Íslands – 50 ára



Ellert Schram
forseti ISÍ

Frjálsar íþróttir eiga sér langa sögu á Íslandi, miklu lengri en líftími Frjálsíþróttasambandsins segir til um. Það er hinsvegar tímanna tákn að Frjálsíþróttasamband Íslands skyldi stofnað í kjölfarið á lýðveldisstofnuninni, þegar þjóðin vaknaði til lífsins og fann til sjálfstæðis síns. Það er líka tímanna tákn að með stofnun FRÍ hófst gullöld frjálsra íþróttá hér á landi, tímabil, sem er sveipað ljóma og afrekum og sigrum, svo þjóðin öll hreifst með og fagnaði hetjum sínum. Hetjum sem í hugum Íslendinga stóðu síst að baki og voru raunar arftakar, gömlu víkinganna, sögupersónanna úr Laxdælu og Njálssögu.

Huseby, Torfi, Clausenbræður, Jól, Skúli, Finnbjörn, Guðmundur, Ásmundur. Hver man ekki þessi nöfn og aðra þá sem voru með þeim í gullaldarliðinu og gerðu garðinn frægan. Og á eftir fylgdu.

Ég leyfi mér að fullyrða að þessi kynslóð íslenskra frjálsíþróttamanna, Evrópumeistararitlarnir, sigrarnir yfir Norðmönnum og Dönum og öll Íslandsmetin, hafi átt sinn stóra þátt í því sjálfstrausti og trú á eigin getu, sem gerði Íslendingum kleift að treysta sjálfstæði sitt í sessi.

Í kjölfarið og í áranna rás höfum við eignast margan afreksmanninn og konuna í frjálsum og enda þótt ég hætti mér ekki út á þann hála ís,

að telja upp nöfn, þá eiga þau öll þakkir skildar og viðurkenningu fyrir framlag sitt og afrek.

Hvað sem öllum öðrum íþróttagreinum líður, þá eru það frjálsar íþróttir sem heilla hvað mest á Olympíuleikum og afrek Vilhjálms Einarssonar, Einar sonar hans Vilhjálmssonar og nú síðast Jóns Arnar Magnússonar, svo einhverjir séu taldir, eru talandi tákn um þann ljóma sem stafar af þeim íþróttum, sem Frjálsíþróttasambandið hefur af fremsta megni reynt að efla og styrkja í fimmtíu ár.

Þar hafa margir öðlingar komið við sögu, forystumenn, þjálfarar og keppendur og þrátt fyrir bakslag í seglin og mótvind á stundum, hefur Frjálsíþróttasambandið haldið áfram að gegna mikilvægu hlutverki sínu og verið ein af styrkustu og merkustu stöðunum í litskrúðugu liði Íþróttasambands Íslands og Olympíunefndarinnar.

Þar hefur metnaður, ósérhlífni og einlægur áhugi fyrir velferð íþróttanna jafnan svifið yfir vötnunum.

Ég leyfi mér að óska FRÍ til hamingju með afmælið og sé mörg teikn á lofti um nýja gullöld.

með íþróttakveðju
Ellert B. Schram

IAAF



Dr. Primo Nebiolo
forseti I.A.A.F.

Eftir 50 ár telst fullum þroska náð, en fimmtugsafmæli fagnar Frjálsíþróttasambandið á þessu ári.

Þroski er ekki eingöngu bundinn aldri heldur tengist hann fenginni þekkingu, sigrum og ósigrum, sem auðga sögu, hvort sem í hlut eiga einstaklingar eða samtök þeirra. Saga íslenskra frjálsíþróttá er vörðuð kunnum nöfnum og brennandi eldmóði, og þar sem þegar árið 1927 var haldið meistaramót í frjálsíþróttum á Íslandi nær sagan lengra aftur en þessi fimmtíu ár.

Þetta ber þess vitni að íþróttamenning Íslendinga nær langt til fortíðar og er glöggvitni um íþróttanda þjóðarinnar. Mældur árangur er ekki eingöngu mikilvægur þegar meta skal þroska í íþróttum heillar þjóðar, heldur í hvert hásaeti íþróttunum er skipað, og á því liggur enginn vafi að Íslendingar skipa íþróttum veglegan sess og stunda þær af kappi. Án efa

munu ungir Íslendingar snúa sér að frjálsíþróttum og með ástundun þeirra samhæfa, ekki aðeins líkama og sál, heldur samband allra þjóða og æsku heims.

Ísland hefur átt sína miklu meistara, allt frá Vilhjálmi Einarssyni, sem ég minnst frá Melbourne 1956, þar sem hann kom næstur hinum einstaka brasilíska þrístökkvara Adhemar Da Silva, til tugþrautarkeppans Jóns Arnars Magnússonar, og ef til vill fyrst og fremst Völu Flosadóttur. Það er við hæfi að nefna Völu Flosadóttur af því hún er tákn samfellunnar í frjálsíþróttasögu heimsins sem og Íslands. Vala, sem kona og stangarstökkvari, er því bjartasta framtíðarvon okkar. Björt framtíð bíður íslenskra frjálsíþróttá næstu fimmtíu árin.

Dr. Primo Nebiolo

Ávarp formanns

Frjálsíþróttasambandið hélt uppá merkis-áfangu á árinu 1997, en þá voru 50 ár liðin frá stofnun þess, 16. ágúst 1947, en frjálsíþróttir eiga sér samt nokkuð lengri sögu hér á landi.

Frjálsíþróttir hafa rutt braut á mörgum sviðum íþróttanna hér á landi. Fyrsti Íslendingurinn sem keppti á Ólympíuleikum var Jón Halldórsson, en hann tók þátt í 100 m hlaupi á leikunum í Stokkhólmi 1912. Fyrstir íslenskra íþróttamanna til að láta kveða að sér á alþjóðlegum vettvangi voru keppendur á EM í Osló 1946 og í Brussel 1950. Óhætt er að segja að árangur okkar framúrskarandi íþróttamanna, Gunnar Huseby, Torfa Bryngeirssonar, Clausenbræðra og Finnbjörns Þorvaldssonar auk Vilhjálms Einarssonar síðar í Melborne hafi orðið til þess að gjörbreyta hugsunarhætti gagnvart íþróttum hér á landi. Þessir fræknu menn efldu stolt okkar og álit. Nú vorum við orðin fullgild í heimi íþróttanna.

Útbreiðsla íþróttarinnar er mikil, en alls eru 209 lönd aðilar að Alþjóðafrjálsíþróttasambandinu um þessar mundir, sem er meiri fjöldi en á aðild að nokkru öðru alþjóðlegu íþróttasambandi. Frjálsíþróttir eru einnig ein útbreiddasta íþróttagrein hérlendis, ekki síst sakir fjölbreyttni. Í frjálsum er eitthvað fyrir alla – fótfráa, stóra eða sterka.

Konur í frjálsíþróttum hér á landi láta sífellt meira að sér kveða og standa þær nú fullkomlega jafnfætis karlmönnum á keppnisvelli. Mælistika frjálsíþróttamanna er árangur og

frammistaða í keppni, ekki kyn, aldur eða önnur atriði. Í hópi okkar bestu afreksmanna nú eru konur og fer þeim fjölgandi.

Þó svo að framtíðin sé björt fyrir frjálsíþróttir hér á landi, ber að hyggja að mörgu. Aðstaða til æfinga, sem reyndar hefur farið batnandi, er víða á landinu ónóg svo dæmi sé tekið. Markmið okkar frjálsíþróttamanna er að skapa möguleika hér á landi fyrir okkar besta íþróttafólk til þess að æfa og keppa utanhúss sem innan árið um kring við bestu aðstæður.

Í þessu afmælisriti eru raktir helstu viðburðir í sögu frjálsíþróttanna á Íslandi og þeir eru margir og merkir. Okkur er öllum hollt að líta um öxl og leiða hugann að afrekum okkar forvera um leið og við einsetjum okkur að gera enn betur í framtíðinni.

Þeir sem unnu að útgáfu og ritun efnis í þessa bók eru færðar bestu þakkir. Örn Eirsson heitinn, fyrrverandi heiðursformaður FRÍ, átti frumkvæðið að þessari útgáfu, sem og mörgu öðru innan hreyfingarinnar. Hreyfingin stendur í mikilli þakkarskuld fyrir öll hans störf. Þá ber að þakka sérstaklega þeim sem tóku við útgáfu ritsins að Erni gegnum.

Að lokum er öllu frjálsíþróttáhugafólki færðar árnaðaróskir í tilefni fimmtíu ára afmælis sambandsins með von um bjarta framtíð.

Jónas Egilsson



*Jónas Egilsson
formaður FRÍ*

Formáli

50 ára afmælisrit Frjálsíþróttasambandsins er helgað minningu Arnar Eirssonar heiðursformanns FRÍ, sem var aðalhvatamaður að útgáfu þess og hafði að mestu lokið efnisöflun og ýmsum frágangi er hann féll frá.

Störf Arnar í þágu FRÍ og frjálsra íþrótta eru flestum kunn og verða seint fullþökkuð, en þau ná yfir öll þau 50 ár sem sambandið hefur starfað. Nægir þar að nefna stjórnarsetu í 30 ár þar af 18 ár í formennsku.

Við lokafrágang ritsins hafa margir lagt hönd á plóginn einkum við öflun mynda og samningu myndatexta, þeim öllum er þakkað þeirra framlag til útgáfunnar.

Einnig ber að geta um góðan stuðning og styrk Menningarsjóðs við útgáfuna.

Eins og ljóst má vera verða ekki gerð tæmandi skil öllu því mikla starfi og afrekum, sem unnist hafa á 50 ára ferli FRÍ, nægir þar að nefna Bikarkeppni FRÍ sem verið hefur einn af hápunktum íþróttastarfsins frá 1966, Viðavangshlaup Íslands frá 1972, að ógleymdu for-

ystuhlutverki sambandsins í Reykjavíkumaraþoni frá upphafi. Mörg glæsileg afrek hafa einnig verið unnin og margra þeirra getið í ritinu, þer sérstaklega að þakka höfundum þeirra frásagna sem þar eru.

Önnur afrek sem ekki er getið, lifa þó í minningu fólks og munu gera um ókomna tíð, nægir þar að nefna frábæra frammistöðu okkar ágætu kastara á „Grand Prix“ mótum Alþjóðafrjálsíþróttasambandsins, einnig þátttöku íslenskra unglinga í norrænu samstarfi sl. 20 ár.

Undirritaður, sem tók að sér forystu hóps til að ljúka þessari útgáfu vill þakka samstarf við alla þá sem lögðu fram starfskrafta sína og í von um að þetta afmælisrit megi verða frjálsíþróttunnendum nokkur skemmtun og fróðleikur um það mikla starf sem Frjálsíþróttasambandið hefur unnið á sínum 50 ára starfsferli bið ég alla vel að njóta.

Magnús Jakobsson

Efnisyfirlit

Ávarp menntamálaráðherra Björns Bjarnasonar 1	Kalott áratugurinn eftir Magnús Jakobsson 51
Ávarp forseta ÍSÍ Ellerts B. Schram 2	Myndir af afreksmönnum 54
Ávarp forseta IFFA Nebilo 2	Minningar frá landshlaupi eftir Sigurð Helgason 71
Ávarp formanns FRÍ Jónasar Egilssonar 3	Grunnstarf eftir Magnús Jakobsson 75
Formáli eftir Magnús Jakobsson ritstjóra 4	Balkan/Norðurlönd 78
Formenn FRÍ í 50 ár 5	Upphaf frjálsíþrótta á Íslandi eftir Ólaf Sveinsson 79
Stofnþing FRÍ 6	Þríþraut FRÍ eftir Sigurð Helgason 83
EM í Osló 1946 eftir Björn Vilmondarson 7	Andrésar Andar leikarnir eftir Sigurð Helgason 85
EM í Brussel 1950 eftir Ingólf P. Steinsson 11	Svavar Markússon 87
Stærsti sigurinn eftir Jóhann Bernhard 19	Jón J. Kaldal 87
Fyrsta landskeppnin eftir Örn Eirsson 29	Glæsilegur boðhlaupssigur 89
Fyrsti sigurinn eftir Örn Eirsson 33	Ýmislegt 90
Íslenskir keppendur á Ólympíuleikum eftir Örn Eirsson 37	
Úrslit í landskeppni Íslendinga eftir Gunnar Pál Jóakimsson 43	



50 ára afmælisrit Frjálsíþróttasambands Íslands

Útgefandi: Frjálsíþróttasamband Íslands 1998
Ritstjórar: Örn Eirsson og Magnús Jakobsson

Setning, umbrot og prentun: Grafík
Hönnun á kápu: Ingólfur P. Steinsson

Formenn Frjálsíþróttasambands Íslands í 50 ár – 1947–1997



*Konráð Gíslason
1947--948.*



*Lárus Halldórsson
1948–1950, 1953–
1954 og 1961–1962.*



*Garðar S. Gíslason
1950–1952.*



*Bragi Kristjánsson
1952–1953.*



*Brynjólfur Ingólfsson
1954–1960.*



*Jóhannes Sölvason
1960–1961.*



*Ingi Þorsteinsson
1962–1965.*



*Björn Vilmundarson
1965–1968.*



*Örn Eiðsson
1968–1984.*



*Guðni Halldórsson
1984–1986.*



*Agúst Ásgeirsson
1986–1989.*



*Magnús Jakobsson
1989–1993.*



*Helgi Haraldsson
1993–1997.*



*Jónas Egilsson
1997–*

Stofnþing Frjálsíþróttasambands Íslands

Laugardagurinn 16. ágúst 1947 er stór dagur í sögu íslenskra frjálsíþróttar. Þennan dag var stofnþing FRÍ haldið í Félagsheimili Verslunarmannafélags Reykjavíkur.

Benedikt G. Wáge, þáverandi forseti Íþróttasambands Íslands setti þingið og bauð fulltrúa velkomna. Rakti hann síðan sögu þessa mikilvæga máls í stuttri ræðu, sem var svohljóðandi:

„Á tveimur undanförunum ársþingum Íþróttaráðs Reykjavíkur voru samþykktar áskoranir á stjórn Íþróttasambands Íslands um stofnun Frjálsíþróttasambands. Þar sem slík ósk verður að berast frá fleiri aðilum, þá skrifaði Íþróttaráðið mörgum félögum víðsvegar á landinu og óskaði undirtekta. Þegar nægilega margar áskoranir höfðu borist, þá auglýsti stjórn ÍSÍ stofnþingið.

Eftirtalin félög sendu þessa fulltrúa á þingið:
Glimufélagið Ármann: Þórarinn Magnússon og Guðmund Sigurjónsson.

Knattspyrnufélag Reykjavíkur: Páll Halldórsson og Jóhann Bernhard.

Ungmennafélag Reykjavíkur: Stefán Runólfsson og Böðvar Pétursson.

Íþróttafélag stúdenta: Brynjólfur Ingólfsson og Skúli Guðmundsson.

Fimleikafélag Hafnarfjarðar: Hallsteinn Hinriksson.

Ungmennafélagið Drengur: Axel Jónsson.

Ungmennafélagið Afturelding: Lárus Halldórsson og Þorlákur Guðmundsson.

Íþróttafélagið Völsungur: Gunnar Sigurðsson og Ásmundur Bjarnason.

Ennfremur mætti Sigurður Steinsson, fulltrúi Íþróttafélags Reykjavíkur á þingið. Hann hafði ekkert skriflegt umboð meðferðis, en samþykkt var með samhljóða atkvæðum fulltrúanna, að hann fengi atkvæðisrétt á þinginu.

Loks skal þess getið, að tvö íþróttabandalög tilkynntu þátttöku í stofnun sambandsins, án þess að senda fulltrúa. Það voru Íþróttabandalag Akraness og Íþróttabandalag Vestmannaeyja.

Lög Frjálsíþróttasambands Íslands voru samþykkt samhljóða og ýmsar aðrar tillögur.

Fyrsti formaður FRÍ var kjörinn Konráð Gíslason, en aðrir í stjórn þeir Guðmundur Sigurjónsson, Lárus Halldórsson, Oliver Steinn Jóhannesson og Jóhann Bernhard. Í varastjórn voru kjörnir Sigurður S. Ólafsson, Þórarinn Magnússon og Ólafur Sveinsson.

Örn Eiðsson



Fyrsta stjórn FRÍ 1947-1948. Frá vinstri: Guðmundur Sigurjónsson varaformaður, Jóhann Bernhard, Konráð Gíslason formaður, Oliver Steinn gjaldkeri, Lárus Halldórsson ritari.

Evrópumeistaramótið í Osló 1946

Minningar Björns Vilmundarsonar um undirbúning, aðdraganda og þátttöku Íslendinga í Evrópumeistaramótinu í frjálsum íþróttum, sem haldið var í Osló 1946.

(Keppendur á mótinu voru: Finnbjörn Þorvaldsson, Gunnar Huseby, Jóel Sigurðsson, Jón Ólafsson, Kjartan Jóhannsson, Oliver Steinn, Óskar Jónsson, Skúli Guðmundsson, Stefán Sör-
en-son og Björn Vilmundarson.)

Eftir lok síðari heimsstyrjaldarinnar árið 1945 kom strax fram áhugi meðal íþróttamanna að reyna sig við aðrar þjóðir, en litil tækifæri höfðu áður verið til þess nema þá helst knattspyrnu-leikir við hernámsliðið.

Vakning til íþróttaiðkana hafði orðið meðal landsmanna á lýðveldishátíðinni á Þingvöllum 1944. Þar sýndu á annað hundrað íþróttamenn undir stjórn Vignis Andrés-sonar. Lúðrasveit lék „Öxar við ána“ og mikil stemning ríkti, þrátt fyrir slæm veðurskilyrði. Íþróttamennirnir fengu mikið klapp frá áhorfendum enda höfðum við æft vel í porti Austurbæjarskólans. Í kjölfar þessa atburðar voru haldin íþróttamót um allt land.

Á árinu 1946 stóð fyrir dyrum þriðja Evrópumeistaramótið í frjálsum íþróttum sem átti að halda í Osló og fór íþróttaförystan fljótlega að undirbúa þátttöku.

Ég hafði haft áhuga á íþróttum frá því að ég var í barnaskóla og eftir að knattspyrnutímabili mínu lauk sneri ég mér að frjálsum íþróttum. Á drengjameistaramóti í júlí 1946 setti ég drengjamei-
t í langstökki - 6,80 m. Mér kom þó aldrei í hug að ég yrði valinn til Oslóarfara-
rinnar og fór austur að Skarði í Gnúpverjahreppi.

Gleði mín var því mikil og óvænt þegar ég fékk símtal frá föður mínum þess efnis að Benedikt Jakobsson væri að leita að mér því að ég ætti að fara í keppni til Osló. Ég var fljótur til Reykjavíkur, enda 18 ára og hugurinn bar mig hálfra leið.

Tóku nú við reglulegri æfingar en áður og vorum við væntanlegir keppendur m.a. sendir ásamt þjálfurum í æfingabúðir að Reykjum í Hrutafirði. Þar æfðum við ötullega í vikutíma og nutum aðhlyningar Guðmundar Gíslasonar skólastjóra og konu hans Hlíf-
ar Böövarsdóttur sem ráku sumarhótel á staðnum.

Við tilvonandi keppendur ásamt fararstjóra dr. Birni Björnssyni og þjálfurum Benedikt Jakobssyni og Georg Bergfors lögðum svo af

stað áleiðis til Osló þann 13. ágúst kl. 8 að morgni frá Reykjavíkflugvelli.

Flogið var með 25 farþega í 4ra hreyfla herflugvél. Ég sat við hliðina á dr. Birni á leiðinni til Prestwick. Hvorugur hafði flogið áður. Gaman var þegar vélin tók sig á loft og fallett þótti mér Álftanesið úr lofti. Þoka var á leiðinni yfir hafið og því lítið að sjá þangað til við flugum yfir Skotland þar sem smjör virtist drjúpa af hverju stráí.

Vélin lenti samkvæmt áætlun klukkan 12 á hádegi að staðartíma. Feginn varð ég að komast á jörðu niður þó ekki væri nema um stund því við áttum að halda áfram með annarri vél til Kaupmannahafnar eftir 3 tíma. Við ætluðum að nýta þann tíma til að fá okkur að borða, sem við gerðum, en þegar til kom var maturinn óætur. Við fórum því svangir frá Skotlandi.

Vélin sem við flugum nú með var minni en hin og var 4 tíma á leiðinni til Kaupmannahafnar. Þegar þangað kom tók á móti okkur Baldur Möller sendiráðsritari. Hann fylgdi okkur til hót-
el Norden þar sem við áttum að gista.

Þegar við höfðum þvegið af okkur ferðarykið fannst okkur tími til kominn að fá okkur að borða á sæmilegum stað og hugðum helst á Tivolí. Ekki leist dr. Birni meir en svo á það en fyrir orð Baldurs fengum við því ráðið. Dr. Björn þurfti ekki að hafa áhyggjur lengi því að strax eftir að við höfðum lokið við ágæta máltíð fórum við beint heim á hótél til að sofa, enda orðnir þreyttir. Ég svaf ágætlega um nóttina þótt rúmfötin væru úr pappír.

Klukkan 7 næsta morgun tókum við lest til Osló. Það var 13 tíma ferðalag og heldur erfitt enda vorum við á 3ja farrými og sætin ekki þægileg.

Undirbúningsnefnd norðmanna tók á móti okkur á járnbrautarstöðinni ásamt ljósmyndurum og blaðamönnum. Síðan var ekið með okkur á þann stað sem við dvöldum á meðan á mótinu stóð. Það var hermannakampur í fögru umhverfi rétt fyrir utan Osló og á honum blakti íslenski fáninn. Í nágrenninu voru skógarlundir, lækjarsprænur og fagar tjarnir. Við kunnum strax vel við okkur þó að við værum þarna einir til að byrja með.

En þátttakendum, sem alls urðu 360 frá 20 þjóðum þar af 70 konur, fjölgaði óðum og fljótlega komst lífið í fastar skorður. Vagnar gengu á vissum tímum úr rjóðrinu út á æfingavöllinn



Björn Vilmundarson sat í stjórn FRÍ í allmörg ár og var formaður sambandsins 1965 til 1968. Björn var keppandi á Evrópumeistaramótinu í Osló 1946. Hann var aðalfararstjóri íslensku íþróttamanna í Mexíkó 1968.



Þátttakendur Íslands í Evrópumeistaramótinu.

„Jordal“. Búðirnar voru afgirtar og enginn komst inn nema hafa passa. Allir voru glaðlegir og félagslyndir nema e.t.v. Rússarnir sem héldu sig mikið út af fyrir sig.

Morgunmatur var borðaður klukkan 8 og síðan æft til klukkan 13 og þá sest að hádegisverði. Allur matur var kjarngóður og lustugur.

Á eftirmiðdögnum sleiktum við sólskinið á milli þess sem við fórum í gufubað. En fórum líka stundum niður í bæ. Allt var skammtað en þó virtist nóg af öllu. Ekki var hægt að kaupa gull og silfur nema láta sama málm á móti. Gaddaskór og búningar voru hvergi fáanlegir. Við fengum okkur búninga frá Svíþjóð. Þeir voru fallegir, bláir með rauðum borðum á öxlunum og ÍSLAND áletrað á bakið.

Setning mótsins, sem var mjög áhrifamikil, fór fram 22. ágúst á Bislet sem var þá einhver allra besti íþróttavöllur í Evrópu. Þátttakendur þjóðanna gengu í stafrófsröð inn á völlinn hver með sinn fána í farabroddi bornum af norskum skáta. Þegar farið var fram hjá stúku konungsins var fáninn látinn síga og litu þá allir í þá átt. Norðmenn gengu síðastir inn.

Meðan á inngöngunni stóð lék 30-40 manna lúðrasveit fjörug göngulög og að henni lokinni sungu allir viðstaddir, sem talið var að væru 25-30 þúsund manns, norska þjóðsönginn. Þegar þátttakendur höfðu gengið inn á völlinn bauð

formaður norska frjálsíþróttasambandsins, Mogens Oppegaard, alla viðstadda velkomna og að því loknu setti Noregskonungur mótið. Eftir það gengu þátttakendur út af vellinum í sömu röð og þeir höfðu komið inn.

Keppnin sjálf hófst svo á maraþonhlaupi og síðan rak hver keppnisgreinin aðra. Verðlaun voru veitt jafnóðum á upphækkuðum palli og þjóðsöngur sigurvegarans leikinn. Það voru hátiðlegar stundir og dreymdi mann um að heyra íslenska þjóðsönginn leikinn við slíkt tækifæri.

Sá draumur átti eftir að rætast þegar Gunnar Huseby, eftir harða keppni, sigraði í kúluvarpi með 15,56 m. Aldrei hefi ég verið jafn stoltur eins og þegar hann tók við gullverðlaununum og aldrei fundist íslenski þjóðsöngurinn fegurri en þá.

Þótt ekki kæmust fleiri Íslendingar á verðlaunapallinn í þetta sinn höfðum við sýnt að við vorum fullkomlega samkeppnisfærir við íþróttamenn hinna Evrópuþjóðanna.

Árangur okkar Íslendinga á mótinu var sem hér segir:

Finnbjörn varð 6. í 100 m á 10,9 í úrslitum og sannaði með því að hann var 6. besti sprett-hlaupari í Evrópu.

Stefán Sörensson varð 7. í þristökki með 14,11 m.

Skúli Guðmundsson varð 7. í hástökki með 1,90 m.

Kjartan Jóhannsson varð 6. í sínum riðli í 400 m á 50,7 sek.

Oliver Steinn varð 8. í langstökki með 6,82 m, 7,06 m í undankeppni.

Björn Vilmundarson varð 11. í langstökki með 6,69 m.

Jón Ólafsson varð 13. í kringlukasti með 42,40 m.

Gunnar Guseby varð 14. í kringlukasti með 41,74 m.

Jóel Sigurðsson varð 10. í spjótkesti með 58,06 m.

Óskar Jónsson varð 6. í sínum riðli í 1500 m á 3:58,4 sek.

Annar árangur okkar í ferðinni verður ekki tíundaður hér þar sem hann birtist í Árbók íþróttamanna 1946.

Síðasta mótsdaginn 25. ágúst var dansað í matsalnum og skemmtu allir sér hið besta hvort sem þeir höfðu sigrað eða tapað. Mótinu var lokið og ævintýrið á enda.

Við fórum þó ekki strax heim því að við áttum eftir að keppa í Fréðriksstad, Malmö og Gautaborg. Þar blöstu við okkur appelsínur og bananar í verslunargluggum og allt hægt að kaupa. Það skipti þó ekki máli fyrir okkur því að engum íslenskum peningum var hægt að skipta og við vorum bara á dagpeningum sem nægðu fyrir gistingu og fæði. Síðast kepptum við í Borås þann 4. september og tókum þaðan næturllest til Kaupmannahafnar.

Erfitt var að koma höpnum heim og ekki hægt að koma öllum í sömu ferð. Flugvélar voru



Forseti Íslands þakkar Oslóförunum ágæta frammistöðu á Evrópumeistaramótinu.



Úrslit í 100 m hlaupinu, Finnbjörn á 1. braut.

litlar og strjálur ferðir. Síðastir fórum við Finn-
björn og Stefán þann 13. september. Ekki
komust við þó nema til Prestwick. Þar bilaði vél-
in og tók 2 daga að gera við hana. Við tókum
okkur því far með tveggja hæða strætisvagni og
gátum skoðað bæði Glasgow og Edinborg.

Hinn 16. september lentum við svo í Reykja-
vík eftir rúmlega fjögurra vikna ferðalag og
minni fyrstu utanferð var þar með lokið.

Ég þakka samferðamönnum mínum fyrir
ánægjulega ferð og minnst þeirra sem látnir
eru.

Björn Vilmundarson



*Gunnar Huseby í
úrslitakeppninni*



Innganga íslenska flokksins á Bislettleikvanginn.

Þessi mynd var tekin í Oslo af Metro-Foto af íslensku Brusselförnum. Talið frá vinstri: Ásmundur Bjarnason, Fimbiörn Þorvaldsson, Haukur Clausen, Órn Clausen og Joel Sigurðsson. Miðröð frá vinstri: Magnús Jónsson, Guðmundur Lárusson, Pétur Einarsson, Gunnar Huseby og Torfi Bryngjærsson. Efsti röð frá vinstri: Ingólfur P. Steinsson, fulltrúi FRI á alþjóða frjálsþróttþinginu í Brussel, Garðar S. Gíslason, fararstjóri og Benedikt Jakobsson, landsþjálfari. Mynd þessi hefir birst víða en fyrst kom hún á forsiðu Fálkans.



EM í Brussel 1950

Á þessu ári eru 47 ár liðin frá því að Evrópu-meistaramótið í frjálsum íþróttum var haldið í Brussel þar sem íslenski hópurinn náði frækilegum árangri eins og flestum er kunnugt.

Íslensku keppendurnir voru: Ásmundur Bjarnason, Finnbjörn Þorvaldsson, Guðmundur Lárusson, Gunnar Huseby, Haukur Clausen, Jól Sigurðsson, Magnús Jónsson, Pétur Einarsson, Torfi Bryngeirsson og Örn Clausen.

Fararstjóri var Garðar S. Gíslason, formaður FRÍ, en auk hans voru með í ferðinni Benedikt Jakobsson þjálfari, Erlendur Ó. Pétursson formaður Brusselnefndarinnar og höfundur þessarar greinar, sem var í stjórn FRÍ og sat sem fulltrúi FRÍ á I.A.A.F. þinginu sem fram fór um leið og EM-mótið.

Ísland hlaut alls 28 stig og varð í áttunda sæti. Frakkland varð efst, hlaut 82 stig síðan kom Svíþjóð 73, Bretland 72, Ítalía 64, Finnland 49, Sovétríkin 45, Tékkóslóvakía 41. Næst á eftir Íslandi kom Noregur með 23 stig og síðan Sviss 16 stig. Danir náðu engu stigi á mótinu og voru dönsku blöðin heldur óhress með sína menn.

Í Alþjóðasambandi frjálsíþróttamanna voru á þessum tíma alls 63 sambönd frá jafnmörgum þjóðum, sem höfðu frá 1 upp í 7 atkvæði hvert á þingum I.A.A.F. Fram að þessu þingi hafði Ísland 1 atkvæði og var í neðsta flokki en samþykkt var breyting á þessu þingi og Ísland hækkað í tign og sett í C-flokk með 3 atkvæði framvegis á þessum þingum. Hin frábæra frammiastaða íslenska hópsins hefur áreiðanlega haft mikil áhrif á þessa ákvörðun. Hins vegar má einnig geta þess að við hliðina á mér sat Björn Björnsson, sem var búsettur í London, mikill áhugamaður um frjálsar íþróttir og þekktur meðal Íslendinga frá Ólympíuleikunum í London 1948 þegar hann var milligöngumaður fyrir Ólympíunefnd Íslands í London. Hann hafði komið á eignum vegum til Brussel. Ég gat komið því þannig fyrir að hann sat sem áheyrnarfulltrúi á þinginu við hliðina á mér og er ég viss um að hann hjálpaði mikið til með samtölum við marga fulltrúana, sem hann þekkti frá Ólympíuleikunum í London og var sífellt að kynna mig fyrir mörgum framámönnum eins og Avery Brundige forseta Alþjóða Ólympíunefndarinnar, sem var forseti þessa þings ásamt Lord Burgley fyrrum Ólympíumeistara í grindahlaupi og þá formaður I.A.A.F. Að sjálfsögðu má ekki gleyma ágætum fulltrúum Íslands á fyrri þingum, sem

hafa áreiðanlega haft áhrif á þann heiður sem Íslandi var sýndur með fjölgun atkvæðanna.

Það var mikið að gera hjá mér þessa daga. Þingið byrjaði kl. 9 f.h. og stóð til kl. 11 en þá hófst undankeppni og um 2 leytið hófst svo aðalkeppnin. Eftir að keppni lauk varð ég að komast til að draga um brautir, kast- og stökkraðir, en það var ætlast til þess að fulltrúar þjóðanna væru viðstaddir þá athöfn. Þetta dróst stundum langt fram á kvöld og komst ég ekki til baka á hótelið fyrir en kl. 22–23. Þetta gekk nokkuð vel utan einu sinni er ég dró 6. braut fyrir Guðmund Lárusson í úrslitahlaupinu í 400 m. Guðmundur hefði þó orðið nr. 3 ef hann hefði ekki misskilið endamarkið og sló af áður en hann komst alla leið.

Heisel leikvangurinn er með 440 metra hring í staðinn fyrir 400 metra hring sem er á flestum völlum og e.t.v. hefur það haft einhver áhrif á Guðmund.

Gunnar Huseby Evrópumeistari í kúluvarpi

Kúluvarpið fór fram 26. ágúst og sigraði Gunnar með miklum yfirburðum, varpaði kúlunni 16,74 og var næsti maður, Profeti frá Ítalíu 1 m 58 cm á eftir Gunnari eða með aðeins 15,16 m. Þetta kast Gunnars var nýtt Íslandsmet, norðurlandamet og 14 cm lengra en staðfest Evrópumet. Rússinn Heino Lipp hafði kastað 16,93 en það hafði ekki verið staðfest. Annars var það svo einkennilegt með Heino Lipp, hann kom aldrei fram utan Rússlands, meira að segja ekki á móti í Austur Berlin 1951 þegar mótshaldarar höfðu auglýst upp einvígi Huseby og Lipp.

Gunnar varpaði kúlunni 16,29 m í fyrstu umferð undankeppninnar og varð lang fyrstur og flaug inn í úrslitakeppnina. Savige frá Bretlandi varð næstur með 15,54 m.

Í úrslitakeppninni voru fimm af sex köstum Gunnars yfir 16 metra.

Mikið var skrifað um Gunnar í erlend blöð. Í einu þeirra sagði: „Huseby gerði aðeins eina tilraun í forkeppninni, 16,29 og var því auðséd að hinn sterkbyggði Íslendingur var vel fyrir kallaður. Í úrslitakeppninni tókst honum afbragðsvel upp og serían varð 16,18, 16,74, 16,00, 16,09, 14,91 og 16,12. Hann byrjar atrennuna djúpt og hægt, en útkastið er geysilegt, þegar allur líkamsþunginn fylgir kúlunni eftir. Hreyfanleiki axlanna var óvenju mikill. En annars er það



Ingólfur P. Steinsson sat í stjórn FRÍ í nokkur ár og var fararstjóri á Evrópumeistaramótið í Brussel 1950 þar sem hann sat einnig þing Alþjóðafrjálsíþróttasambandsins. Ingólfur var í framkvæmdanefnd fyrstu landskeppni okkar, við Norðmenn 1948. Hann gaf út Sportblaðið um nokkurt skeið á árunum eftir 1950. Ingólfur hefur unnið gott starf við útgáfu þessa rits, teiknaði m.a. kápu og sá um mikið af uppsetningu og frágangi þess.



Myndin er tekin á myndavél höfundar af ókunnum Þjóðverja, þegar stansað var í Flensburg í Þýskalandi á leiðinni til Kaupmannahafnar frá Brussel. Á þessa mynd vantar Gunnar, en þeir Sigurður Sigurðsson, fréttamaður RÚV og Erlendur Ó. Pétursson, heiðursfararstjóri eru með hópnum þarna.

enginn leyndardómur að afrek sín má Huseby fyrst og fremst þakka hraða sínum og yfirnáttúrulegu afli handleggja og úlnliða". Þessi orð skrifaði Sven Lindhagen í Idrottsbladet.

Torfi meistari

Torfi Bryngeirsson kom sannarlega á óvart með því að vinna langstökkið. Hann stökk 7,32 og bætti sitt eigið met um 8 cm.

Í undankeppninni hafði Dais frá Portúgal stökkið lengst, 7,32, næsti maður náði 7,22 og svo Torfi með 7,20. Stökk Torfa kom í annarri umferð og nægði vel í úrslitin.

Úrslitakeppnin fór fram síðdegis sama dag og úrslitin urðu: EM-meistari: Torfi Bryngeirsson, Íslandi, 7,32 m annar Wessels, Hollandi, 7,22 m þriðji Fiajen, Tékkóslóvakíu 7,20 m.

Svend Lindhagen segir um Torfa í Idrottsbladet: „Hinn hávaxni, ljóshærði Íslendingur, sem einnig hafði unnið sér rétt til þátttöku í úrslitakeppni í stangarstökki, valdi langstökkið, og lengi virtist hann hafa valið rangt. Hann vandaði sig þó sérlega vel í 5. tilraun og jók stökklengd

sína um nærri 25 cm og átti ágætt 6. stökk, hvort tveggja há og svífmikil stökk, með góðu framkasti fótanna“.

Í stangarstökkinu stökk Torfi 4 metra sem nægði til að komast í úrslitin. EM-meistari varð Lundberg frá Svíþjóð, stökk 4,25, annað sætið vannst á 4,10. Torfi hefði áreiðanlega lent á verðlaunapalli í þessari grein ef hann hefði getað keppt vegna langstöक्सins sem fram fór á sama tíma. Með lagni hefði líklega verið hægt fyrir Brussel-nefndina að óska etir smá breytingu á tímátöflunni, þannig að Torfi hefði getað keppt í báðum greinum. Þessi ósk hefði þurft að koma að heiman, það var of seint að óska eftir tilfæringu þegar flokkurinn var kominn til Brussel. E.t.v. höfðu menn ekki gert sér grein hve Torfi var sterkur í báðum greinum miðað við aðra keppendur.

Það má geta þess hér að tveimur árum síðar sigraði Torfi Lundberg á stórmóti í Stokkhólmi og stökk þá 4,35 og setti nýtt glæsilegt íslandsmet.

Örn Clausen annar í tugpraut

Eftir fyrri dag tugprautarkeppninnar var Örn fyrstur með 4104 stig, Tannander frá Svíþjóð annar með 3869 stig og Frakkinn Heinrich, þriðji með 3792 stig.

Keppnin síðari daginn var ákaflega hörð. Í fyrstu grein 110 m grind varð Örn fyrstur á 15,1 stk. Heinrich annar á 15,3 sek.

Eftir þessa grein hafði Örn 5016 stig, Heinrich orðinn annar með 4671 sti og Tannander þriðji með 4645 stig.

Eftir kringluna, sem var næsta grein, höfðu Heinrich og Tannander dregið talsvert á Örn, en Heinrich vann þá grein með 41,44 m kasti, sem gaf 754 stig. Örn varð tiundi með 36,20 m, sem gaf 502 stig. Tannander kastaði 41 m sléttan. Nú var staðan þessi: Örn 5618, Heinrich 5425, Tannander 5326.

Næsta grein var stangarstökkið. Örn stökk 3,40 og varð ellefti, fékk 652 stig. Hrinrich varð þriðji með 3,80 sem gaf 818 stig og Tannander stökk 3,70 og varð fimmti. Örn var enn fyrstur með 6270 stig, Heinrich kominn með 6243 stig og Tannander hafði 6101 stig.

Nú var komið að spjótkastinu, næst síðustu greininni. Heinrich varð fjórði með 53,31. Örn varð ellefti með 47,96 og Tannander varð níundi með 50 metra slétta. Þarna náði Heinrich forustunni og hafði 6891 stig, Örn 6820 og Tannander 6688. Þá var komið að síðustu grein, 1500 metra hlaupi. Ef mig minnir rétt þá þurfti Örn að vinna Heinrich með nálægt 30 sek. til að ná aftur forustunni og vonin því mjög lítil að það tækist. Hlaupið fór annars þannig að Örn varð sjötti á 4:49,6, Heinrich sjöundi með tímann 5:50,6. Heildarúrslit: EM-meistari: Ignace Heinrich, Frakklandi 7346 stig, Örn Clausen, Íslandi 7297 stig og Tannander, Svíþjóð 7175 stig.

Í blaðaviðtali segir Heinrich um Örn Clausen:



„Örn er framúrskarandi strákur. Ég gleymi aldrei síðustu grein þessarar tugbrautar þegar ég, eftir að hafa skipulagt hlaupið og ákveðið millitíma fyrirfram, fékk hellu fyrir eyrun af þreytu og tók það ráð að elta Örn eins og ég ætti lífið að leysa. Og þegar ég fann, eins og svefngengill, að ég smápokaðist nær markinu, þá ranka ég allt í einu við mér, við hjartanlegar hamingju-óskir þessa skæða keppinautar míns. Það hálfleið yfir mig í markinu af þreytu, og get ég ekki um það sagt, hvort ég hefði fremur hlegið eða grátið af geðshrærinu, að öðrum kosti . . .“

Ný stigatafla var samþykkt á IAAF-þinginu í Brussel, sem tók ekki gildi fyrr en árið eftir. Hefði þessi nýja gilt á þessu EM-móti hefði Örn orðið meistari með 6693 stig en Heinrich hlotið 6656 stig.

Árangur Arnar var annars þessi: 100 m 10,9, langstökk 7,09, kúla 13,17, hástökk 1,80 m, 400 m 49,8 sek., 110 m grind 15,1 sek., kringla 36,20 m, stöng 3,40 m, spjót 47,96 m og 1500 m 4:49,6 mín.

Guðmundur Lárusson fjórði í 400 m hlaupi

Guðmundur lenti í fyrri riðli undanúrslita 400 m hlaupsins, sem var mun erfiðari en seinni riðillinn. Tími Guðmundar var 5/10 betri en sigurvegarans í seinni riðlinum. Guðmundur hljóp á 48,0 sek. sem var nærri sekúndu betra en gildandi Íslandsmet hans. Hann varð þriðji í riðlinum á eftir Lunis frá Frakklandi 47,8 og Bretanum Lewis sem hljóp á 47,9 sek.

Þegar að úrslitahlaupinu kom vildi það svo óheppilega til að „höfundur“ dró 6. braut fyrir Guðmund, sem segja má að sé rothögg fyrir 400 metra hlaupara. En Guðmundur stóð sig vel, varð fjórði á eftir EM-meistararum Pugh frá Bretlandi sem hljóp á 47,3 sem var nýtt EM-met. Annar varð Lunis á 47,6, þriðji Erik Wolfbrant frá Svíþjóð á 47,9. Tími Guðmundar var

48,1. Á eftir komu svo Lewis, Englandi á 48,7 og Partelini, Ítalíu á 48,9.

Um Guðmund Lárusson sagði Idróddsbladet: . . . alltaf mjög hættulegur keppinautur, maður sem trúá má til alls.

Haukur í úrslit í 100 m hlaupi

Haukur Clausen komst í úrslit eftir harða og tvísýna keppni í undanúrslitunum. Hann varð fimmti á 10,8. EM-meistarinn, Bally frá Frakklandi hljóp á 10,7.

Haukur lenti í undanúrslitum í riðli með Bally og Rússanum Soukharov, sem urðu í 1. og 2. sæti, en baráttan um þriðja sætið sem var úrslitasætið, var svo hörð að ljósmynd þurfti til að skera út um það sæti. Fyrst hafði verið tilkynnt að Penna frá Ítalíu hefði orðið 3ji, sem var svo dregið til baka þegar ljósmyndin kom fram og sýndi Hauk í þriðja sæti.

Fjórir fyrstu í úrslitahlaupinu fengu sama tíma, 10,7. Það tók dómarauna hálf tíma að skoða ljósmynd af hlaupinu áður en þeir tilkynntu úrslitin. Eins og sést á tímum hlaupsins vantaði aðeins herslumuninn á að Haukur færi á verðlaunapallinn.

Ásmundur í úrslit í 200 m hlaupi

Í upphafi keppinnar lenti Ásmundur í 6. riðli og varð annar á 22,0, á eftir Rússanum Zucharev (21,9) en tveir fyrstu menn í hverjum riðli náðu að fara í undanúrslit, en þeim lyktaði þannig að Ásmundur náði þriðja sæti á 21,9, á eftir Bretanum, Shenton (21,5) og Frakkanum Camus (21,7). Síðari riðillinn vann svo Bally, Frakklandi á 21,9. Úrslitin urðu svo þessi: EM-meistari, Shenton, Englandi 21,5, 2. Bally Frakklandi 21,8, 3. Lammers, Hollandi, 22,1, 4. Moretti, Ítalíu, 22,1, 5. Ásmundur, Íslandi 22,1 og 6. Camus, Frakklandi, 22,2. Ásmundur var þarna aðeins hársbreidd frá verðlaunasæti.



Höfundur tók þessa mynd um borð í Gullfaxa á leiðinni heim. Magnús í afslöppunarstöðu, Ásmundur leikur á munnhörpu með ágætum tilþrífum, á meðan Finnbjörn Torfi og Guðmundur Lárusson sitja við spíl. Það var einmitt í þessari flugferð þegar Torfi sagði þessa frægu setningu er flogið var yfir Vestmannaeyjar: „Strákar þarna niðri eru Búastaðir . . . hann er sko enginn lopi strákurinn frá Búastöðum.“



Mynd tekin í jarnbrautarlestinni á leið til Kaupmannahafnar: Magnús, Örn, Pétur, Torfi, Haukur og Finnbjörn. Ljósmynd: Höfundur.

4X100 metra boðhlaup

Íslenska sveitin lenti í fyrsta riðli ásamt Rússum, Bretum, Belgum og Jógóslóvum. Íslendingar og Rússar komu jafnhliða í mark á 41,7 (landssveitarmet sem stóð í 27 ár). Þetta var endurtekið hlaup. Bretar og Belgar höfðu verið dæmdir úr leik í fyrra hlaupi þar sem bretar komu fyrstir í mark á 41,2, Rússar á 41,3 og Íslendingar á 42,1. Eftir miklar vangaveltur var ákveðið að hlaupið skildi aftur þennan riðil. Úrslitin urðu eins og fyrr segir. Í öðrum riðli: Frakkland 41,4, Svíþjóð 41,1, Noregur 42,5 og Sviss 43,7.

Úrslitahlaupið var mjög spennandi, Rússar unnu á 41,5 sek. Frakkar náðu öðru sæti á 41,8, Svíþjóð, Bretland og Ísland fengu öll sama tíma 41,9 og Ítalía rak lestina með 43,2. Þarna vantaði aðeins herslumuninn að íslenska sveitin færi á verðlaunapall. Í íslensku sveitinni voru: Ásmundur, Guðmundur, Finnbjörn og Haukur.

Þessi sama sveit (Örn í stað Guðmundar) sigraði einnig á Bislet mótinu þar sem íslenska flokknum var boðin þátttaka. Hljóp á 41,9 og um það hlaup segir „Sportmanden“ m.a. Skiptingin í 4X100 metra boðhlaupinu hjá Brusselförum íslensku var framúrskarandi góð er þeir hlupu hringinn á Bislet á 41,9 sek. Það var í rauninni ekki hægt að festa auka á þegar keflið gekk frá manni til manns. Ef við einhverntíma getum lært slíka aðferð munum við einnig geta fengið góða tíma í boðhlaupi.

Manni dettur í hug í þessu sambandi, hvað hefði gerst ef sveitin hefði fengið fleiri æfingar hér heima fyrir mótið. Það var víst aðeins ein æfing sem sveitin fékk.

Annars var það sorglegt eftir boðhlaupið í Brussel hve snögglega íslenski hópurinn varð að yfirgefa Heisel-völlinn. Það mátti ekki einu sinni biða eftir tilkynningu um úrslitin í boðhlaupinu,

en það kom einmitt síðar í ljós að samkvæmt myndum var ísl. sveitin greinilega í 4. sæti að mínu mati. Ástæðan fyrir þessu flaustri getur eiginlega ekki verið önnur en sú að spara pening með því að þurfa ekki að borga aukanoft fyrir hótelið, sem hét Hotel George Scheers. Eins og flestum er kunnugt var gjaldeyris af skornum skammti á þessum tíma og öll íþróttahreyfingin í peningasveldi og var FRÍ þar engin undantekning.

Aðrir keppendur Íslands í Brussel

Finnbjörn Þorvaldsson komst í undanúrslit í 100 m hlaupinu. Hann hljóp á 11,1 og varð annar í sínum riðli á eftir Bally frá Frakklandi (10,9) Finnbjörn fékk sama tíma og Sovétmaðurinn Karakulov, en hann hafði fyrir mótið verið talinn sigurstranglegur í þessu hlaupi. Finnbjörn varð sjötti í undanúrslitum í sínum riðli.

Gunnar Huseby keppti einnig í kringlukasti en honum tókst ekki að komast í úrslit. Hann varð 11. af 19 keppendum með 43,78, en níu komust áfram og hafði niundi maður kastað 44,14 m.

Jóel Sigurðsson kastaði spjótinu aðeins 57,94 m og var langt frá sínu besta. Hann varð 12. af 16 keppendum. Níu komust í úrslit og var níundi maður með 60,66 m. Sigurvegari varð Hyttianinen frá Finnlandi með 71,26 m.

Magnús Jónsson keppti í 800 m hlaupi og varð sjötti í sínum riðli á 1:56,2 mín. og komst því ekki í úrslit.

Pétur Einarsson náði einnig sjötta sæti í sínum riðli í 800 m hlaupinu og hljóp á 1:56,7 mín. Hann tók einnig þátt í 1500 m hlaupinu og varð sjöundi í sínum riðli á 4:08,8 mín.

EM-meistari í 800 m hlaupi varð H. J. Parlett,



Þessi mynd er tekin af Ragnari Vigni við heimkomuna á Reykjavíkurlugvelli og birtist í Tímanum. Forseti Íslands Herra Sveinn Björnsson í ræðustól. (Sjá nánar tilvitnun í ræðu forsetans í greininni) Við hlið hans sést Gunnar Thoroddsen, borgarstjóri, sem einnig hélt ágæta ræðu samanber grein þessa. Frá vinstri: Finnbjörn, Pétur, Ásmundur, Magnús, Guðmundur, Garðar, Ingólfur, Torfí, Gunnar og Benedikt.

Bretlandi á 1:50,5. Þriðji maður í hlaupinu varð enginn annar en Roger Bannister frá Bretlandi á 1:50,7, sem síðar varð heimsfrægur fyrir að hlaupa míluhlaup fyrstu manna undir fjórum mínútum.

Heisel-leikvangurinn

Engin upphitun mátti fara fram inn á sjálfum leikvanginum heldur á „Mini“ leikvangi, sem byggður hafði verið sérstaklega fyrir mótið. Inngangur á þennan æfingavöll var við búningasklefa karla. Sérstakur undirgangur var byggður inn á sjálfan leikvanginn, sem tók þá 67.776 áhorfendur. Í sæti komust aðeins 5.560 og af þeim var úthlutað 560 sætum fyrir fréttamenn og boðsgesti. Í fréttamannastúkunni sátum við tveir Íslendingar saman, Steingrímur Hermannsson (Tíminn) og höfundur (Vísir). Sigurður Sigurðsson útvarpsmaður sat efst í stúkunni. Þess má geta hér að við Steingrímur komumst í dönsku blöðin fyrir það eitt að standa upp og hrópa hvatningarorð til Arnar Clausen í 1500 metra hlaupinu, síðustu grein tugþrautarinnar. Við brutum víst allar síðareglur um hegðun blaðamanna í blaðamannastúku. Spennningurinn var einfaldlega svo mikill að við gleymdum okkur algjörlega, og hrópuðum hvenær sem okkur datt það í hug. Höfundur hefur hvorki fyrr né síðar orðið svo frægur að komast í dönsku blöðin.

Setning mótsins

EM-mótið var sett um fjögur leytið 23. ágúst í 25 stiga hita og mjög röku lofti. Setningin hófst með því að keppendur þátttökuþjóðanna gengu inn á völinn í stafrófsröð, en eins og á öllum stórmótum gengu gestgjafarnir síðastir inn. Höf. var valinn til að ganga inn með flokknum næst á eftir merki ISLANDE og íslenska fánanum. Eftir að flokkarnir höfðu raðað sér upp flutti Edouard Hermes form. belgíska frjálsíþróttasambandsins ræðu, en síðan tók Burleigh, lávarður, formaður Alþjóðasambands frjálsíþróttamanna (IAAF) til máls og flutti árnaðaróskir frá sambandsstjórninni. Þessu næst sagði Baudoin krónprins mótið sett. Þetta var fyrsta opinbera embættisverk, sem hann vann eftir að hann var kallaður til valda. Síðan var hópi bréfdúfa sleppt lausum. Þetta var mjög ánægjuleg og einföld athöfn. Það þurfti að fresta fyrstu grein, maraþonhlaupinu um smá tíma vegna geysilegs þrumuveðurs sem gekk yfir strax eftir opnunaráttíðina. Alla hina dagana víðraði nokkuð vel til keppni.

Erlingur Ó. Pétursson, hinn síungi og skemmtilegi maður, var sérstaklega boðinn til fararinnar, sem heiðursfararstjóri, en eins og áður segir var hann formaður Brusselnefndarinnar, (sem sá um allan undirbúning fararinnar). Erlendur skildi við hópinn í Kaupmannahöfn en allir aðrir héldu til Oslóar í boði norska frjálsíþróttasambandsins til keppni á Bislet. Aðrir

nefndarmenn voru: Bragi Kristjánsson, Garðar S. Gíslason, Jón Matthiesen, Konráð Gíslason, Ólafur Sveinsson og Oliver Steinn.

Þrír Íslendingar á verðlaunapalli í öllum verðlaunasætunum

Tvisvar kom það fyrir á þessu móti að Íslendingar skipuðu sér í öll verðlaunasætin. Í 100 m hlaupi og langstökki.

Finnbjörn vann 100 m hlaupið á 10,9, á undan Ásmundi (11,0) og Hauki (11,1). Í langstökkinu sigraði Torfi og stökk 7,05 m, Örn varð annar með 6,89 og Finnbjörn þriðji, stökk 6,76. Það var mjög ánægjulegt og óvanalegt að sjá okkar menn standa á verðlaunapalli í öllum verðlaunasætunum á svona stórmóti.

Gunnar Huseby vann kúluvarpið með 15,95. Norðmaðurinn Bjarni Engen varð annar með 14,32. Jóel Sigurðsson vann spjótkaстиð og kastaði 61,82 og náði sér aðeins upp úr lægðinni frá EM. Örn Clausen vann 110 m grindahlaup á 15,0 og jafnaði íslenska metið sitt. Ísland vann bæði boðhlaupin, 4X100 á 41,9 (Ásmundur, Finnbjörn, Örn og Haukur). 1000 m boðhlaupið vann ísl. sveitin á nýju landssveitarmeti, tíminn var 1:55,0. (Metið stendur enn.) Í sveitinni voru: Finnbjörn, Haukur, Ásmundur og Guðmundur. Magnús Jónsson vann B-flokkinn í 400 m hlaupi á 50,4, en í A-flokki þessa hlaups varð Guðmundur Lárusson annar á 48,2 á eftir Herbert McKenley, Jamaica (46,7). Í B-flokki 200 m hlaupsins vann Guðmundur Lárusson á 22,3, en í A-flokki varð Ásmundur Bjarnason þriðji (22,1) á eftir McKinley (21,1) og Panamamanninum LaBeach (21,5), en hann sló einmitt heimsmet Jesse Owens (20,3) frá Ól. í Berlín 1936. LaBeach setti metið 1948 og hljóp á 20,2 sek. Gunnar Huseby varð annar í kringlukasti með 46,21. Norðmaðurinn, Stein Johansen kastaði 48,13 og vann.

Í 800 m hlaupi varð Magnús sjötti á 1:57,1 og Pétur sjöundi á 1:57,5. Pétur tók svo þátt í mílu hlaupi og varð fjórði á nýju ísl. meti, 4:21,4 mín. Warren Dreutzler, USA vann míluna á 4:15,0. Á þessu móti keppti einnig Ingi Þorsteinsson, sem staddur var í Osló. Hann varð annar í 110 m grind á 15,5 sek. og fjórði í 400 m grind á 57,3 sek.

Heimferðin

3. september var svo haldið heim á leið með Gullfaxa. Haukur og Örn voru boðnir til keppni í Linköping í Svíþjóð og Jóel Sigurðsson fór til Kaupmannahafnar til keppni á lögregluþjónamóti, svo þessir þrír urðu ekki samferða heim og misstu því af hinni glæsilegu móttöku á Reykjavíkurflogvelli, þar sem talið var að 2000 manns hafi safnast saman til að fagna Brusselförunum.

Forseti Íslands, Herra Sveinn Björnsson hélt ræðu, ásamt Gunnari Thoroddsen, borgarstjóra. Bjarni Benediktsson, utanríkisráðherra,

Björn Ólafsson, menntamálaráðherra og Benedikt G. Waage, forseti ÍSÍ voru einnig meðal viðstaddra.

Móttökurnar voru mjög virðulegar og ánægjulegar. Lögregluþjónar stóðu heiðursvörð og er flokkurinn kom út úr flugvélinni dundi við lófatak allra viðstaddra. Flugfélagið hafði látið strengja borða á flugstöðvarbygginguna þar sem á stóð: „VELKOMNIR HEIM“

Í ræðu sinni sagði forsetinn m.a.: „Ég held að það sé óhætt að segja, að flestum eða öllum Íslendingum, sem komnir eru til vits og ára, hafi hlýnað um hjartaræturnar er fréttir bárust um frammistöðu ykkar á Brussel-mótinu“. Forsetinn gekk síðan til hópsins og heilsaði hverjum með inilegu handabandi.

Gunnar Thoroddsen sagði m.a. í sinni ræðu: „Hin fámenna íslenska þjóð, 140 þúsundir íbúa, sendir flokk 10 ungra manna til keppni í frjálsum íþróttum með rúmlega 20 öðrum þjóðum, sem hafa milljónir íbúa, tugi og jafnvel hundruð milljóna hver. Og hinn fámenni flokkur hinnar fámennu þjóðar sýnir slíkan vaskleik að verða áttunda að stigatöku og vinna til Evrópu-meistara í tveimur greinum, annað sæti í einni, fjórða sæti í einni og fimmta sæti í þrem. Þessi frammistaða vakti undrun og aðdáun allra þeirra víðs vegar um heim, sem fylgdust af brennandi áhuga og taugaæsingi með úrslitum Evrópumeistaramótsins . . .“ Allir hafið þið sýnt Íslandi sóma, hvort sem þið hafið unnið stig eða ekki, með hreysti ykkar og drengskap. Það hef ég fyrir satt að framúrskarandi drengileg framkoma ykkar á leikjunum hafi vakið hvað mesta hrifningu og samhyggð manna.“

Er allir Brusselfararnir voru komnir heim var flokknum boðið í Ráðherrabústaðinn í boði Ríkisstjórnarinnar og undirbúningsnefndin hélt samsæti 8. október og afhenti gjafir til minningar um förina.

Umsagnir erlendra blaða og einstaklinga

Danska Idrætsbladet komst svona að orði: Gunnar Huseby var fyrsti Norðurlandabúinn, sem komst alla leið upp á verðlaunapallinn, þrepi hærra en 2. og 3. maður, og þjóðsöngur Íslands – Ó guð vors lands – hljómaði til heiðurs Huseby og hinum glæsta sigri hans. „ . . . Í hlutfalli við fólksfjölda standa Íslendingar langfremstir þátttökuþjóðanna. Óskandi væri, að við (Danir) ættum dálítið af dugnaði og metnaði piltanna frá Sögueyjuni . . .“ . . . Eins og endrænar voru það hinir norrænu bræður okkar frá Íslandi sem hafa staðið sig best, er mest var í

húfi, og unnið landi sínu virðingu með óvæntum sigrum.

„Eins og Finnland í gær verðskuldar nú Ísland aðdáun allra þeirra sem frjálisþróttum unna“ sagði fyrrum heimsmethafi í 1500 m hlaupi, frakkinn Jules Ladoumégue í blaðinu Mirror-Spring.

Frægasti „frjálisþróttastatistiker“ heimsins á þessum tíma, Ítalinn Roberto L. Quercetani skrifaði grein í bandaríska tímaritið „Track and Field News“ og sagði m.a.: „Miðað við fólksfjölda (um það bil 1/1000 af íbúatöku USA) getur Ísland vafalaust gert kröfu til titilsins: „Mesta frjálisþróttþjóð heimsins“. Ísland var óþekkt í heimi frjálisþróttanna þar til fyrir sex árum, hefur upp á síðkastið teflt fram svo sterkum frjálisþróttamönnum að undrun sætir“.

Leiðari Morgunblaðsins

Morgunblaðið skrifaði eftirfarandi leiðara eftir mótið. „Á stórmóti sem þessu er ekki búist við miklu af keppendum fámennustu þjóðanna, þar sem úrvalið hlýtur að vera lítið. En á þessu móti er vafamál að keppendum nokkurrar þjóðar hafi í rauninni verið veitt meiri athygli en einmitt þeirrar fámennustu, Íslandi smáeyju lengst norður í Atlantshafi sendi á þetta mót, harðsnúinn flokk æskumanna, sem hvað eftir annað vakti undrun áhorfenda á Heysel-leikvanginum í Brussel, og útvarpsþulanna, sem á ólíkustu tungumálum skýrðu löndum sínum frá því, sem þar gerðist.

Íslendingar áttu menn í úrslitum í sjö íþróttagreinum og þetta litla land fékk tvo Evrópumeistara á meðan milljónaþjóðir urðu að láta sér lynda að fá einn eða engan. Tvisvar sinnum stóð Íslendingur á efsta verðlaunapallinum. Tvisvar var íslenski þjóðsöngurinn leikinn. Og þrisvar var íslenski fáninn að húni á verðlaunastöngum leikvangsins í Brussel.

Það fór ekki fram hjá neinum, að þetta litla land átti menn í úrslitum í 100, 200 og 400 metra hlaupi. Í kúluvarpi þekktu margir Huseby, en að hann skyldi bæta hið staðfesta Evrópumeit og vera rúmlega einum og hálfum metra á undan næsta manni, mun engum hafa dottið í hug. – Torfi Bryngeirsson kom öllum á óvart með sigri sínum í langstökki. Þar var öðrum en þessum reykviska lögregluþjóni ætlaður sigur. Þá var Íslandi og mjög veitt athygli í hinum umdeilda riðli í 4X100 metra boðhlaupinu. Í útvarpsendingum og blöðum var mikið um hann rætt. Mátti oft heyra nafn Íslands í fréttum á hinum annarlegustu tungumálum.

Tvo daga beindist svo loks athyglin að miklu leyti að ungum Íslendingi, Erni Clausen. Tug-



þraut er sú grein, sem mest mun fylgst með á hverju móti, ekki síst þegar keppnin er jafn tví-sýn fram til síðustu stundar og hún var að þessu sinni. – Spurningin var: Tekst Frakkanum Heinrich að sigra Íslendinginn? – Allt fram til síðustu stundar var það á huldu. Í síðustu grein keppinnar, 1500 m hlaupinu, tók Örn þegar forustuna, albuinn þess að vinna upp stigin sem Frakkinn hafði fram yfir hann. Þegar líða tók á hlaupið og aðal keppinautur Arnar var kominn að hlið hans, vissi Örn að hann hefði ekki krafta til þess. Þá rétti Örn Frakkanum hendina og óskaði honum til hamingju með sigurinn. Hlið við hlið hlupu þeir svo í mark en áhorfendur hylltu þá ákaft. – Skyldu Frakkar strax gleyma Íslendingnum, sem hafði nær komið í veg fyrir sigur þeirra í þessari sigildu íþróttagreini og lauk keppninni sem sönnum íþróttamanni sæmði . . . ?

Íþróttamennirnir geta verið þess fullvissir, að íslenska þjóðin þakkar þeim af heilum hug sigurrinn í Brussel.”

Niðurlag

Það var gaman að vera Íslendingur á þessum tíma. Strákarnir voru allir mjög einbeittir og eldmóðurinn var í lagi fyrir Ísland, hið unga lýðveldi. Þeir voru allir með eins og sagt er á nútímamáli þetta „EXTRA PLÚS“. Um þetta Brusselmót hefur mikið verið skrifað gegnum árin bæði greinar í dagblöð, tímarit og bækur. Ég hefi leitast við í þessari grein minni að skýra nákvæmlega frá hvað raunverulega gerðist og veit ekki annað en að allar tölur séu réttar. Við samningur greinarinnar hefi ég stuðst við minnisblöð mín, farið yfir ótal greinar í blöðum og borið saman tölur um afrek við Árbók íþróttamanna frá þessum tíma.

Að lokum vil ég þakka ritstjóra þessa afmælisrits fyrir að fá tækifæri til að skrifa þessa grein og vona fastlega að einhverjir hafi gaman að.

Ingólfur P. Steinsson

Bestur í 20 ár




Sigurður T. Sigurðsson Íslandsmethafi í stangarstökki 5,31 m hefur verið besti stangarstökkvari okkar í tvo áratugi.

Spjótkastsmethafi



Íris Grönfeldt Íslandsmethafi í spjótkasti 62,06 m setti sitt fyrsta met fyrir nær 20 árum, hún kastaði fyrst íslenskra kvenna yfir 40 m síðan yfir 50 m og loks yfir 60 m. Íris keppti á Olympiuleikum 1984 og 1988.

Sigurvegararnir í Osló. Fremri röð frá vinstri: Torfi Bryngelsson, Benedikt Jakobsson, landsþjálfari, Jens Guðbjörnsson fulltrúi FRI í Osló, Bragi Kristjánsson gjaldkeri fararinnar, Garðar S. Gíslason fararstjóri, Jóh. Bernhard sveitarstjóri, Kristján Jóhannssin, Örn Clausen og Haukur Clausen. Aftari röð: Kári Solimundarson, Asmundur Bjarnason, Þorsteinn Löve, Kristi. Magnússon, Gunnar Huseby, Agúst Ásgrímsson, Eiríkur Haraldsson, Hörður Hafliðason, Sig. Guðnason, Jón Sigurðsson, Adolf Óskarsson, Stefán Gunnarsson, Sig. Friðfinnsson, Guðm. Lárusson, Víktor Münch, Ingi Þorsteinsson, Hörður Haraldsson, Kolbeinn Kristinsson og Skúli Guðmundsson. A myndina vantar Pál Jónsson.



Stærsti sigurinn

Fyrri dagur

Klukkan var á mínútunni sjö 28. júní 1951, þegar fávar Danmerkur, Íslands og Noregs voru dregnir að hún á Bislet-leikvangnum í Osló og þjóðsöngvarnir leiknir. Stóðu áhorfendur upp í hvert sinn og hylltu hlutaðeigandi þjóð. Veður var eins gott og frekast varð á kosið, sólskin, logn og hiti, en þó voru brautir þungar eftir stöðugar rigningar síðustu dagana fyrir keppnina.

400 m grindahlaupið

Nú er kyrrðin rofin skyndilega, ræsir flautar og skipar fyrstu keppendum mótsins að taka sér stöðu í 400 m grindahlaupinu. Spennningur og eftirvænting læðist um mann allan, því ef til vill er það undir úrslitum þessa hlaups komið, hvernig okkur vegnar í keppninni. Þarna teflum við í fyrsta sinn fram tugþrautarmethafanum Erni Clausen, manningum, sem hefur hlaupið 110 og 200 m grindahlaup á mun betri tíma en keppinautarnir, en enginn veit hvað getur í þessari vandasömu grein. Hér er djarft teflt, því tilraunin gat mistekist, en hún gat líka heppnast svo vel, að það yrði keppendum okkar gott veganesti, svo sem síðar kom á daginn. Við höfðum verið svo heppnir að mega draga fyrst um brautir í hlaupum og valið 2. og 5. braut í þessu hlaupi. Hljóp Örn á 2. og Ingi á 5. braut. Mörgum á óvart fór Örn varlega af stað, en Ingi tók strax forystuna og geystist fram úr Borgersen á 6. braut. Er leið á hlaupið fór Örn að vinna á smátt og smátt og gætti þess jafnframt að hættulegasti keppinauturinn, Torben Johannesen, er var á 1. braut, færi ekki framúr. Á miðri síðari beygjunni hafði Ingi enn forystuna og leit þá jafnvel út fyrir tvöfaldan sigur Íslands, því nú fór Örn fram úr öllum, nema Torben, sem hékk enn í honum. Næst síðustu grind felldi Daninn hins vegar og sást þá, að hann átti lítið eftir. Örn var nú kominn greinilega á undan og ein grind eftir. æ, þarna felldi hann grind í fyrsta sinn. Hann lætur það samt ekkert á sig fá og lýkur hlaupinu sem öruggur sigurvegari, á nýju ísl. meti, daðþreyttur en ákveðinn. Torben kom svo 2-3 m á eftir, og þá Ingi, sem hafði komið mjög á óvart, á undan báðum Norðmönnum. Tilraunin með Örn hafði heppnast 100% og Ingi komið skemmtilega á óvart. Ísland hafði tekið forystuna í landskeppninni með tvöföldum sigri yfir Norðmönnum og 1. og 3. manni gegn Dönnum (8-3 og 7-4). Þessi óvænta og glæsilega

byrjun hefur eflaust haft sin góðu áhrif á baráttuvilla landanna, en jafnframt lamað mótstöðuafli keppinautanna, sem urðu þarna fyrir miklum vonbrigðum.

Úrslit:

Örn Clausen, Ísl. (met)	54,7 sek.
T. Johannessen, D	55,3 sek.
Ingi Þorsteinsson, Ísl.	56,1 sek.
D. Nielsen, N.	56,4 sek.
A. Rasmussen D.	56,5 sek.
J. Borgersen, N.	58,0 sek.

Stig:


Ísland - Noregur	8-3
Ísland - Danmörk	7-4
Danmörk - Noregur	7-4

200 m hlaupið


Hér fengu landarnir sömu brautir og í 400 m grindahl. Fékk Hörður betri brautina (2.), en Haukur þá (5.), með alla bestu mennina fyrir innan sig: Johansen á 1. og Schibsbye á 3. braut. Þrátt fyrir miklar sigurveonir okkar var eins og eitthvað dularfullt lægi í loftinu. Hörður virtist ekki vera í neinum bardagahug og Haukur var einnig taugaóstyrkur, brá t.d. of snemma við og var kallaður aftur ásamt Hald. Hansen á 6. braut. Við næstu tilraun heppnaðist viðbragðið allsæmilega a.m.k. hjá Hauk og Schibsbye, sem unnu mikið á á beygjunni. Í lok beygjunnar var Hörður þó búinn að ná sér á strik og kominn upp að hliðinni á þeim, og tók forustuna þegar á beinu brautina kom. Okkur til mikillar undrunar fór Schibsbye nú fram úr Hauk, sem virtist eitthvað miður sín síðari hluta hlaupsins. Dró hann úr hraðanum og greip um lærið, og þóttumst við



Jóhann Bernhard sat í stjórn FRI um skeið, hann var mikill áhuga- maður um afrek og afrekaskrár. Hann gat út árbækur frjálsíþróttamanna 1942 og 43 var síðan ritstjóri Árboka íþróttamanna í allmörg ár. Hann gaf síðar út og ritstýrði íþróttablaðinu Sport. Jóhann var einn af fararstjórum íslenska frjálsíþróttaliðsins, sem sigraði bæði Norðmenn og Dani í Osló 1951. Jóhann Bernhard er höfundur að merki Frjálsíþróttasambandsins.



Örn Clausen, stíghæsti maður landskeppninnar.



Hörður sigraði glæsilega í 200 m hlaupinu, en Norðurlandamestafinn Haukur Clausen tagnaði og varð aðeins fjórði.

Þá vita hvers kyns var, þ.e.a.s. að hann hefði fundið til hinnar þralátu tognunar í lærinu. Enda fór nú svo, að H. Johansen komst einnig fram úr Hauk á síðustu metrunum, okkur löndunum til mikillar gremju. Hörður vann öruggan sigur um 2 m á undan Schibsbye, sem tókst aðeins að vinna Johansen. Svo kom Haukur og Haldor Hansen fast á eftir, en Rasmussen greinilega síðastur. Tíminn 22,2 sek. var ekki eins góður og búist hafði verið við. - Stig eftir 2 greinar: Ísl. - Noregur 15:7, Ísl. - Danmörk 14:8, og Danmörk - Noregur 13:9.

Úrslit:

Hörður Haraldsson, Ísl.	22,2 sek.
Knud Schibsbye, D.	22,4 sek.
H. Johansen, N.	22,5 sek.
Haukur Clausen, Ísl.	22,8 sek.
H. Hansen, N.	22,9 sek.
B. Rasmussen, D.	23,2 sek.

Stig:

Ísl. and - Noregur	7-4
Ísland - Danmörk	7-4
Danmörk - Noregur	6-5

Lokastigatalan í landskeppni á stigatöflu Bislettleikvangsins.



Kúluvarpið

Nú gerist margt í senn. Hástökkvararnir eru byrjaðir á lægstu hæðunum fyrir aftan vinstra markið og kúluvarpararnir ganga í hringinn hver af öðrum aftan við hægra markið. Við skulum nú snúa okkur að þeim síðarnefnda, þar er fyrr úrslita að vænga. Norðmaðurinn Per Stavem byrjar keppnina með 14,66 m við mikinn fögnuð áhorfenda. Við þetta er eins og Ágúst komist úr jafnvægi, enda er þetta fyrsta alþjóðamót-ið, sem hann tekið þátt í. Mistökust tvö fyrstu köstin algerlega (12,88 og 12,38). Fór nú að fara um okkur, því Hurtigkarl hafði náð 14,10 í 2. tilraun, landi hans Larsen 13,25 og hinn Norðmaðurinn, Engen, 13,42. Huseby var hinsvegar í sérflokki, sem vænta mátti. Varpaði hann 16,17 í fyrstu tilraun, 16,30 í 2. og 16,69 í þriðju, við vaxandi húrrahróp áhorfenda. Reyndist það besta afrek mótsins. 3. og 4. tilraun Ágúst voru heldur í áttina (13,64 og 13,38) og hækkaði hann þá úr 6. sæti í 4. Í síðustu tilrauninni náði Ágúst sér loks á strik og varpaði 14,29 og 14,03, og tryggði sér þriðja sætið. Huseby tók nú á öllu, sem hann átti til í 3 síðustu tilraunum, varpaði 16,32 í 5. tilraun, en gerði 4. og 6. varpið ógilt (missti hana yfir 16 m strikið). Aðrir keppendur bættu ekki við sig að ráði, Stavem náði 14,70 í 5. umferð og Engen 13,88 í sömu umferð. Þar með var okkur tryggður tvöfaldur sigur yfir Dönum og 1. og 3. sæti gegn Norðmönnum, alveg eins og reiknað hafði verið með. Stig alls eftir 3 greinar: Ísl. - N. og Ísl. - D. 22:11 og D. - N. 17:16.

Úrslit:

Gunnar Huseby, Ísl.	16,69 m
P. Stavem, N.	14,70 m
Ágúst Ásgrímsson, Ísl.	14,29 m
V. Hurtigkarl, D.	14,10 m
B. Engen, N.	13,88 m
P. Larsen, D.	13,25 m

Stig:

Ísland - Noregur	7-4
Ísland - Danmörk	8-3
Danmörk - Noregur	4-7

3000 m hindrunarhlaupið

Þetta var hálfgerð sýningargrein fyrir okkur Íslendingana. Danir og Norðmenn hlupu saman í hóp fyrstu hringina og skildu brátt við landana, þótt Eiríkur gerði virðingarverðar tilraunir til að halda í við þá. Er leið á hlaupið tók Ernst Larsen forustuna, en landi hans Haglund dróst aftur úr báðum Dönunum og var ekki nema 200 m á undan Eiríki. Hér höfðum við búist við ísl. meti, en hin þunga braut kom í veg fyrir það. - Stig eftir 4 greinar: Ísl. - N. og ísl. - D. 25:19 og N. - D. 22:22.

Úrslit:

E. Larsen, N.	9:32,4 mín.
C. E. Berg, D.	9:43,6 mín.
H. Dybdahl, D.	9:50,2 mín.

R. Haglund, N.	10:00,8 mín.
Eiríkur Haraldsson, Ísl.	10:34,2 mín.
Hörður Hafliðason, Ísl.	10:47,0 mín.

Stig:

Ísland - Noregur	3-8
Ísland - Danmörk	3-8
Danmörk - Noregur	5-6

800 m hlaupið

Enda þótt við værum með fleiri stig en keppinautarnir, hafði útlitið verið hálfskyggilegt síðustu mínúturnar, þegar Ágústi gekk sem verst í kúlunni, Haukur hafði tagnað í 200 m og Skúli fellt 1,85 í hástökkinu (sjá hér á eftir). Nú reyndi því á landana að láta ekki bugast þótt á móti blési. 800 m hlaupararnir voru nú kallaðir á viðbragðsstað, látnir hanga þar fáklæddir í nokkrar mínútur, en síðan skipað að fara í aftur, vegna verðlaunaafhendingar, er fór fram um þær mundir. Loks voru þeir kallaðir aftur á viðbragðsstað, en hann var á miðri upphlaupsbrautinni, en ekki eins og við erum vanir, þar sem 100 m hlaupið endar. Við höfðum valið 1. braut handa Guðmundi og hafði hann því best skilyrði til að ná forustunni. Það tókst þó ekki fyrirhafnarlaust, enda var langt út í beygjuna og keppinautarnir harðir í horn að taka. Þegar komið var út á langhliðina, vildi Guðmundur ekki halda uppi sama hraða áfram, vegna seinni hringsins, svo hinir biðu ekki boðanna og þustu fram úr honum hver af öðrum. Hafði Sarto forystuna, þá Christensen, Nilsen og Lilleseth, en síðan kom Guðmundur og fylgdi þeim fast eftir og loks Sigurður Guðnason 6-8 m þar á eftir. Eftir fyrri hringinn, sem var hlaupinn á 55 sek. (það átti að sprengja Guðmund) var röðin sú sama, en þegar 300 m voru eftir, fór að færast líf í tuskurnar. Christensen tók forstuna af Sarto með Nilsen og Lilleseth fast á eftir sér. Guðmundur sá, að nú var annaðhvort að hrökkva eða stökkva, því að endaspretturinn var ekki nema að litlu leyti á beinni braut. og þótt það væri síður en svo árennilegt, að eiga að fara fram úr 4 reyndum 800 m hlaupurum á seinni beygjunni, lagði hann í það óhræddur og tók þá hvern af öðrum, og var kominn skáhalt upp að hliðinni á Gunnari Nielsen þegar 50 m voru eftir í mark. En nú var ekki hægt að ætlast til meira af Guðmundi, því Nielsen hafði þurft að hafa minna fyrir hlaupinu, einkum á síðari beygjunni, þar sem hann hljóp á innstu braut, og átti hann eftir góðan endasprett, sem Guðmundur réði ekki við. Öðru sætinu slepti hann þó ekki, þótt bæði Christensen og Lilleseth tækju báðir sterkan endasprett. Sarto hafði farið of geyst og dróst nú aftur úr, en Sigurður kom 15-20 m þar á eftir á persónulegu meti. Við landarnir vörpuðum nú öndinni léttar. Guðmundur hafði staðið sig eins og hetja, þrátt fyrir litla æfingu og meiðsl og skorti aðeins 0,6 sek. á ísl. metið. Stig eftir 800 metra: Ísl. - N. 31:24, Ísl. - D. 29:26 og D. - N. 29:26.



Daninn Gunnar Nielsen vann 800 m hlaupið, en Guðmundur Lárusson varð annar á ágætum tíma og sínum besta, 1:54,6 mín.

Úrslit:

G. Nielsen, D.	1:54,1 mín.
Guðmundur Lárusson, Ísl.	1:54,6 mín.
T. Lilleseth, N.	1:54,9 mín.
H. Christensen, D.	1:55,0 mín.
E. Sarto, N.	1:57,5 mín.
Sigurður Guðnason, Ísl.	2:01,0 mín.

Stig:

Ísland - Noregur	6-5
Ísland - Danmörk	4-7
Danmörk - Noregur	7-4

Hástökkið

Þegar hér var komið var nokkuð liðið á hástökkkeppnina. Sigurður Friðfinnsson hafði kennt hnemeiðslanna frá 17. júní og fallið úr á 1,80 m, ásamt Preben Larsen, en þá hæð hafði Daninn Nissen einnig átt örðugt með, for yfir í síðustu tilraun. 1,85 m fóru báðir Norðmennirnir og Nissen í fyrsta stökki, en Skúli féldi. Leit þá illa út fyrir okkur, því þótt við hefðum ekki reiknað með því að Skúli ynni báða Norðmennina, vildum við seint trú á því, að hann léti Danann vinna sig. Skúli fór nú vel yfir í 2. tilraun og var þá hækkað í 1,90 m. Ef enginn færi þá hæð, mundi Stai hafa unnið, Gundersen orðið annar, Nissen þriðji og Skúli fjórði. Þetta gerði Skúli sér vel ljóst, og þegar Stai hafði fellt 1,90 í fyrstu tilraun, „konsentreraði“ Skúli sig óvenju vel og lengi og flaut síðan yfir 1,90 í fyrstu tilraun. Við þetta var eins og hinum félli allur ketill í eld og felldu þeir allir þessa hæð. Þar með hafði Skúli snúið taflinu við, þegar mest á reið, og unnið grein, sem almennt var ekki reiknað með. - Eftir hástökkið stóðu stigin þannig: Ísl. - Nor. 37:29, Ísl. - Danm. 35:31 og Nor. - Danm. 34:32.

Úrslit:

Skúli Guðmundsson, Ísl.	1,90 m
E. Stai, N.	1,85 m
B. Gundersen, N.	1,85 m
E. Nissen, D.	1,85 m
P. Larsen, D.	1,75 m
Sigurður Friðfinnsson, Ísl.	1,75 m

Stig:	
Ísland - Noregur	6-5
Ísland - Danmörk	6-5
Danmörk - Noregur	3-8

5000 m hlaupið

Þetta var hápunktur fyrri dagsins og þó komu Íslendingar lítt við sögu. Hlaupið var fyrst og fremst einvigi milli Norðmanna og Dana. Aage Poulsen tók strax forystuna, en þegar liða tók á hlaupið, fóru Norðmennirnir Saksvik og Slaatten, sem kom í stað Stokken, að stríða honum með því að taka af honum forustuna. Eyddi Poulsen svo mikilli orku í þessa kippi, að hann sprengdi sig gersamlega og varð að lokum að hleypa landa sínum fram úr. Á tímabili leit út fyrir að Norðmenn fengju tvöfaldan sigur, en á síðasta hringnum tókst Ib Planck, sem ekki hafði tekið þátt í átökunum um fyrsta sætið, að ná Slaatten eftir óvenju sterklegan og óvæntan endasprett. Millitímar fyrsta manns voru 2:50,0 í 1000 m, 4:18,0 í 1500 m og 8:46,0 í 3 km. Af Íslendingunum er það að segja, að Stefán drógst strax aftur úr, en Kristján reyndi að hanga í fjórmenningunum, og þótt það tækist ekki, var hann ekki nema 200 m á eftir Aage Poulsen í lok hlaupsins og náði auk þess hinu langþráða takmarki að hlaupa undir 16 mín. Millitímar hans voru: 2:56 á 1000 m, 4:28 á 1500 m, 6:07,2 á 2000 m og 9:22,4 á 3000 m. Stig eftir 7 greinar: Ísl. - Nor. 40:37, Ísl. - Danm. 38:39 og Nor. Danm. 41:36.

Úrslit:	
Ö. Saksvik, N.	14:38,6 mín.
I. Planck, D.	14:48,6 mín.
S. Slåtten, N.	14:51,2 mín.
A. Poulsen, D.	15:11,2 mín.
Kristján Jóhannsson, Ísl.	15:49,2 mín.
Stefán Gunnarsson, Ísl.	16:16,6 mín.

Stig:	
Ísland - Noregur	3-8
Ísland - Danmörk	3-8
Danmörk - Noregur	4-7

Langstökkið

Þótt yfirleitt hefði verið reiknað með tvöföldum íslenzkum sigri í þessari grein, var engu líkara en að sú spá ætlaði að snúast við eftir byrjuninni að dæma. Örn kom þreyttur úr grindahlaupinu og Torfi náði sér ekkert upp (6,33, 6,68 og 6,57 í fyrstu stökkunum). Þegar við þetta bættist óvissan í hástökkunum og vonbrigðin yfir 200 m hlaupinu, var ekkert undarlegt, þótt svartýni færi að gripa um sig meðal landanna. En eftir að Skúli hafði tryggt sér sigur í hástökkunum, var eins og það smitaði út frá sér, því Örn fór 6,78 og 6,89, og Torfi náði sínu gamalkunna flugi og lenti hinumegið við 7 m strikið í 4. og 5. stökki. Þar með voru Íslendingarnir komnir í 1. og 3. sætið (höfðu verið síðastir í fyrstu umferð) og hættan liðin hjá. Hinir keppendurnir höfðu yfirleitt náð sínum besta árangri

í fyrstu tilraununum, t.d. stökk Rune Nilsen 6,95 í fyrsta, og Björn Andersen og Jens Smith 6,77 og 6,75 í 3. stökki. - Stig eftir langstökk: Ísl. - Nr. 47-41, Ísl. - Danm. 46-42, Nor. - Danm. 48-40.

Úrslit:

Torfi Bryngeirsson, Ísl.	7,06 m
R. Nilsen, N.	6,95 m
Örn Clausen, Ísl.	6,89 m
B. Andersen, D.	6,77 m
J. Smith, N.	6,75 m
P. Larsen, D.	6,45 m

Stig:

Ísland - Noregur	7-4
Ísland - Danmörk	8-3
Danmörk - Noregur	4-7

Sleggjukastið

Enda þótt almennt væri reiknað með því að Íslendingar lentu þarna í síðustu sætunum, höfðum við þó veika von um það, að Huseby tækist að vinna lakari Norðmanninn, Johan Nordby. Eftir fyrstu umferð virtist sá möguleiki enn vera fyrir hendi, því Nordby náði þá aðeins 43,35, en síðan lengdi hann sig upp í 45,41, og loks í 45,83 í síðasta kasti. Huseby var nokkuð jafn 42,14 (40,00, 42,45 og 44,53), en gerði lengstu köstin, fyrsta og síðasta, ógild. Páll fann til tognunar í öxlinni og hélt sig kringum 40 metra (39,23, 42,43, 39,41, 39,72 og 40,81). Danirnir og Strandli voru í sérflokki og Strandli þó langbestur. - Stig eftir sleggjukast: Ísl. - Nor. 50:49, Ísl. - Danm. 49:50, Nor. - Danm. 54:45.

Úrslit:

S. Strandli, N.	57,00 m
S. A. Frederiksen, D.	53,20 m
P. Cederquist, D.	51,27 m
J. Nordbye, N.	45,83 m
Gunnar Huseby, Ísl.	44,53 m
Páll Jónsson, Ísl.	42,43 m

Stig:

Ísland - Noregur	3-8
Ísland - Danmörk	3-8
Danmörk - Noregur	5-6

4X100 m boðhlaupið

Vegna forfalla Hauks Clausens varð að gripa til varamanns, til þess að hlaupa endasprettinn í boðhlaupinu. Fyrir valinu varð Torfi Bryngeirsson, sem þó var nýkominn úr langstökkunum, eins og Örn. Við þetta minnkuðu sigurveonir okkar nokkuð og var ekki laust við, að sumir örvæntu um úrslitin. Til allrar hamingju fór allt vel. Hörður skilaði forskoti á ystu braut móti F. Nielsen og Haldor Hansen. Skipting þeirra Ásmundar tókst þrýðilega og enn jókst bilið móti Niels Juel og Tor Frösaker. Á þriðja spretti fór Schibbye á innstu braut fram úr Rasmussen, en við Erni gat hann ekki hróflað. Þótt síðasta skiptingin milli

Arnar og Torfa tækist ekki sem best kom Torfi út úr henni með 3ja m forskot og hélt því að mestu móti Jörgen Fengel og H. Johansen, við mikinn fögnuð okkar landanna.

Úrslit:

Ísland 42,7 sek.
 Danmörk 43,0 sek.
 Noregur 43,1 sek.
 (Í sveit Íslands voru Hörður, Ásmundur, Örn og Torfi).

Stig:

Ísland - Noregur 5-2
 Ísland - Danmörk 5-2
 Danmörk - Noregur 5-2

Gátum við nú varpað öndinni léttar eftir vel heppnaðan fyrri dag og forustu í stigakeppninni, en með því höfðum við almennt ekki reiknað, þar sem seinni dagurinn var okkar betri dagur. - Stig eftir fyrri dag: Ísland - Noregur 55:51, Ísland - Danmörk 54:52 og Noregur - Danmörk 56:50.

Síðari dagur

Fáir landanna munu hafa sofið mikið aðfaranótt 29. júní. Þegar á allt var litið hafði keppnin gengið betur en búist hafði verið við, og jafnvel hinir bjartsýnustu eygðu tvöfaldan sigur framundan, ef ekkert sérstakt óhapp kæmi fyrir seinni daginn. Þegar risið var úr rekkju um morguninn, kom hinsvegar í ljós, öllum til mikillar fremju, að Torfi Bryngeirsson hafði fengið hálsbólgu og hita. Var brugðið skjótt við og leit að lækni, er gaf honum 2 penicilinsprautur. Leið nú dagurinn í mikilli eftirvægingu, og ekki bætti það úr skák, að Torfa virtist lítið skána við sprauturnar. Þegar líðið lagði af stað upp á völlum hálfsex-leytið, voru allir samt ákveðnir í að gera sitt besta, hvað sem það kostaði, og var Torfi þar ekki undanskilinn, þrátt fyrir lasleikann.

110 m grindahlaupið

Hér endurtókst að mestu leyti sama sagan og fyrri daginn. Örn (á 2. braut) vann öruggan sigur, en Ingi (5. br.) kom mjög á óvart með því að verða annar og tryggja Íslandi tvöfaldan sigur og örugga stigaforustu. Annars var keppnin hörð og erfitt að segja um röðina á 4 síðustu keppendum. Tímarnir gáfu t.d. ekki alls kostar rétta mynd af millibilinu, 2., 3., 4. og 5. fengu ívið of góðan tíma samanborið við fyrsta og síðasta mann. Ef Örn hefði ekki sparað sig vegna 100 m hlaupsins, sem hann átti í vændum, er sennilegt, að hann hefði getað hlaupið undir ísl. metinu. - Stig eftir 110 m grindahlaup. ísl. - Nor. 63:54, Ísl. - Danm. 62:55, Nor. - Danm. 63:54.

Úrslit:

Örn Clausen, Ísl. 15,1 sek.
 Ingi Þorsteinsson, Ísl. 15,2 sek.



H. Christensen, N. 15,3 sek.
 E. Christensen, D. 15,3 sek.
 E. Arneberg, N. 15,4 sek.
 E. Nissen, D. 15,6 sek.

Verðlaunaafhending í 110 m grindahlaupi. Frá vinstri Christensen, Örn og Ingi.

Stig:

Ísland - Noregur 8-3
 Ísland - Danmörk 8-3
 Noregur - Danmörk 7-4

100 m hlaupið

fór fram 15 mín á eftir grindahlaupinu, svo að Örn hafði nóg að gera um þessar mundir. Hafði verið ákveðið að hann hlypi með Herði í stað Hauks, þar sem Ásmundur átti að hlaupa tvo 400 m spretti með stuttu millibili. Viðbragðið heppnaðist yfirleitt vel, nema helst hjá Erni. Höfðu Danirnir forustuna framan af hlaupinu, en brátt fór Hörður (á 5. br.) að stika stórum, losaði sig við Toosbuy (á 6. br.) og tók litlu síðar forustuna af Schibsbye (á 1. br.). Johansen kom einnig með sterkan endasprett og tókst um 15 m frá markinu að fara fram úr Schibsbye, sem hætti þá skyndilega og haltraði í mark vegna tognunar, að því er talið var. Hörður sleit nú snúruna um 1 1/2 m á undan H. Johansen, en síðan komu þeir Toosbuy, Örn og Haldor Hansen, og hafði Örn unnið mikið á síðari hluta hlaupsins, og loks rak Schibsbye lestina. Tíminn á Herði var tilkynntur 10,8 sek., en síðan var beðið með frekari tilkynningar vegna ágreinings um röð á 3., 4. og 5. manni. Stóð til að dæma Toosby nr. 3, Hansen nr. 4 og Örn nr. 5, en af því varð ekki og kom til kasta yfirdómnefndar að skera úr ágreiningnum. Tökdu 3 markdómara að Örn hefði orðið 3., en aðrir þrír, að hann hefði orðið fimmti. Einn dæmði Toosby þriðja, en allir voru sammála um, að Hansen hefði orðið fjórði. Úrskurður nefndarinnar var á þá leið, að allir 3 skyldu dæmdir jafnir og stigum skipt, þó með þeim fyrirvara, að mynd af hlaupinu gæti breytt þeim úrskurði. Annars gefa tímarnir ekki alveg rétta hugmynd um innbyrðis afstöðu milli manna. Væri nær sanni að gera 0,2 sek. mun á 1. og 2. og 2. og 3. - Stig eftir 100 m: Ísle. - Nor. 69 1/2-58 1/2, Ísl. -

Danm. 69 1/2-58 1/2, Nor. - Danm. 70 1/2-57 1/2.

Úrslit:

Hörður Haraldsson, Ísl.	10,8 sek.
H. Johansen, N.	10,9 sek.
Örn Clausen, Ísl.,	11,0 sek.
K. Toosby, D.	11,0 sek.
H. Hansen, N.	11,0 sek.
K. Schibsbye, D.	11,3 sek.

Stig:

Ísland - Noregur	61/2-41/2
Ísland - Danmörk	71/2-31/2
Noregur - Danmörk	71/2-31/2

1500 m hlaupið

Þótt stangarstöcks- og spjótkastrkeppnin hefði byrjað kl. 61/2 og 7 voru enn ekki komin úrslit þaðan, svo ég get hér fyrst 1500 m hlaupsins. Þar komu Íslendingar álika lítið við sögu og í 5000 m hlaupinu. Jörgensen tók forystuna með Vefling, Gregersen og Lunaas fast á eftir (800 m á 2:07,0). Sigurður Guðnason reyndi að hanga í þeim fyrsta hringinn, en Stefán Gunnarsson var illa fyrirkallaður og drógst strax aftur úr. Þegar einn hringur var eftir tók Gregersen forystuna og fór geyst. Vefling elti, en Jörgensen og Lunaas drógust nokkuð aftur úr. Hófst nú spennandi einvígi milli hins unga og efnilega Dana og hins þrautreynda Norðmanns, sem lyktaði með hárfínunum sigri þess síðarnefnda. Sigurður hljóp vel þrátt fyrir ofurefnið og setti persónulegt met. - Stig: Ísland - Noregur 721/2-661/2, Ísland - Danmörk 721/2-661/2, Noregur - Danmörk 761/2-621/2

Úrslit:

K. Vefling, N.	3:55,8 mín.
S. Gregersen, D.	3:55,8 mín.
E. Jörgensen, D.	4:00,4 mín.
A. Lunaas, N.	4:02,4 mín.
Sigurður Guðnason, Ísl.	4:09,4 mín.
Stefán Gunnarsson, Ísl.	4:25,8 mín.

Stig:

Ísland - Noregur	3-8
Ísland - Danmörk	3-8
Noregur - Danmörk	6-5

Torfi stökk 4,30 m í stangarstökki og setti nýtt ísl. met. Hér er hann að reyna við 4,42, sem mistókst í þetta skipti.



Spjótkastr

Adolf byrjaði með 54,03, sem Block svaraði með 54,66. Mæhlum bætti við og kastaði 57,07, en Jóel gerði sér líti fyrir og kastaði 59,50, sem var lengsta kast eftir 1. umferð. Í næstu umferð náði Mæhlum vel heppnuðu kasti, 62,33, sem engum hinna tókst að hrófla við, það sem eftir var keppinnar. Jóel fór að vísu tvisvar yfir 60 m (66,07 í 2. og 60,74 í 6. umf.) og hélt 2. sæti fram að síðustu umferð, er Röberg náði sér loks á strik og kastaði 61,54, við mikinn fögnuð áhorfenda. Block tryggði sér 4. sætið í 4. umferð, og fór þá fram úr hinum ójafna landa sínum, sem náði 57,21 í fyrstu umferð og síðan ekki söguna meir. Adolf varð að láta sér lynda sjötta sætið með tæpa 55 metra, enda hefði hann þurft að kasta lengra en hann hefur gert í ár til þess að ná 5. sætinu. - Stig: Ísland - Noregur 75 1/2-74 1/2, Ísland - Danmörk 78 1/2-71 1/2 og Noregur - Danmörk 84 1/2-65 1/2.

Úrslit:

O. Mæhlum, N.	62,34 m.
E. Röberg, N.	61,54 m.
Jóel Sigurðsson, Ísl.	60,74 m.
T. Block, D.	59,28 m.
B. Stannius, D.	57,21 m.
Adolf Óskarsson, Ísl.	54,96 m.

Stig:

Ísland - Noregur	3-8
Ísland - Danmörk	6-5
Noregur - Danmörk	8-3

400 m hlaupið

Guðmundur fékk 1. braut og fór sér að engu óslegga. Hinsvegar fór Ásmundur (á 6. braut) greitt af stað og hélt forystunni fyrstu 300 metrana, en þá hafði Guðmundur smátt og smátt farið fram úr hinum keppendum og loks tekið forystuna af Ásmundi. Þegar þeir sáu að öllu var óhætt, slógu þeir örlítið af ferðinni og komu næstum samsíða í mark örugglega á undan Halldóri Hansen, sem reyndist sterkastur af keppinautum. Tíminn var ekki sérlega góður, enda áttu landarnir báðir eftir 4X400 boðhlaupið, og tóku því ekki á öllu sínu. Hlaupaðferð Íslendinganna fékk mikið hrós hjá Norðmönnum. - Stig eftir 400 metra: Ísland - Noregur 831/2-771/2, Ísland - Danmörk 861/2-741/2, Noregur - Danmörk 911/2-691/2.

Úrslit:

Guðmundur Lárusson, Ísl.	49,7 sek.
Ásmundur Bjarnason, Ísl.	50,1 sek.
H. Hansen, N.	50,7 sek.
H. Fals, D.	51,2 sek.
Ekeheien, N.	51,2 sek.
B. Rasmussen, D.	51,4 sek.

Stig:

Ísland - Noregur	8-3
-----------------------	-----

Ísland - Danmörk	8-3
Noregur - Danmörk	7-4

Stangarstökkið

Þessi grein hafði byrjað kl. hálfjö, en varð ekki lokið fyrr en kl. rúmlega átta. Framan af keppninni vorum við á nálum með Torfa, en hann harkaði af sér alla hálsbólgu og lét á engu bera. Byrjunarhæðin var 3,40, en þá hæð reyndi aðeins Anundkaas. Komst hann yfir 3,40 og 3,50 við þriðju tilraun, en féll úr 3,60. Kolbeinn og báðir Danirnir byrjuðu á 3,60 og þurfti Strenild tvö stökk til að komast yfir. 3,70 fóru allir keppendur yfir í fyrsta stökki, þ.e.a.s. Torfi og Kaas bættust nú í hópinn. 3,80 slepptu allir nema Kolbeinn, sem fór yfir í fyrsta stökki. Var þá hækkað í 3,90 og fóru Kaas og Stjernild yfir í fyrsta stökki, en Torfi felldi flestum á óvart. Vorum við nú hálfsmeykir um að lasleykinn væri farinn að segja til sín, en Torfi var á annarri skoðun og flaug hátt yfir í öðru stökki. Wiberg og Kolbeinn felldu 3svar og vann Kolbeinn því á því að hafa ekki sleppt 3,80. 4 metra fóru þeir Torfi og Kaas í fyrsta stökki, en Strenild féll úr. Var nú hækkað í 4,10 og flaug Torfi yfir í fyrsta, en Kaas þurfti 3 tilraunir. Þótt nú sýnt, hvernig fara mundi, og jafnframt var það greinilegt, að Torfi var ekki aðeins búinn að yfirvinna lasleikann, heldur jafnframt kominn í metskap. Flaug hann yfir 4,20 í fyrsta stökki, beið síðan eftir því að Kaas felldi þá hæð þrisvar og lét þá hækka í methæðina 4,30. Fór hann þá hæð við mikinn fögnuð áhorfenda og lét þá hækka í 4,42! Var hann mjög nálægt því að fara þá hæð í öllum þrem tilraununum og felldi aðeins með höndum í tvö fyrstu skiptin. En þótt Torfi missti þarna af nýju Evrópumeti, hafði hann unnið hug og hjörtu áhorfenda jafnt sem keppenda og dómara. - Stig eftir stangarstökk: Ísland - Noregur 901/2-811/2, Ísland - Danmörk 931/2-781/2, Noregur - Danmörk 971/2-741/2.

Úrslit:

Torfi Bryngeirsson, Ísl. (met)	4,30 m
E. Kaas, N.	4,10 m
R. Stjernild, D.	3,90 m
Kolbeinn Kristinsson, Ísl.	3,80 m
A. Wiberg, D.	3,70 m
Anundkaas, N.	3,50 m

Stig:

Ísland - Noregur	7-4
Ísland - Danmörk	7-4
Noregur - Danmörk	6-5

Þristökkið

Enda þótt við héldum enn öruggri forustu í stigakeppninni, gátu hinar óvissu greinar eins og þristökk og kringlukast gjörsamlega snúið við taflinu, ef illa tækist. Þristökkskeppnin varð t.d. mjög spennandi og tvísýn til síðustu stundar. Kristleifur byrjaði með 13,85, Riis stökk 13,28 og Larsen 14,21, en hinir gerðu allir ógilt.

Í næstu umferð gerðu Nilsen og báðir landarnir ógilt (stökk Kára var mjög langt), Danirnir lengdu sig örlítið (Larsen 14,44, Riis 13,37), en Rypdahl stökk öryggisstökk (12,61). Í þriðju umferð gekk Kári að plankanum til þess að gera gilt (12,56). Kristleifur lengdi sig um 3 cm og Rune Nielsen og Rypdahl nálgudust nú mjög með 13,50 og 13,78. Í fjórðu umferð náðu allir gildum stökkum. Rypdal og Nilsen fóru nú fram úr Kristleifi (13,91 og 13,95), en Kári svaraði með 13,92 og urðu ekki aðrar breytingar í þeirri umferð. Í síðustu 2 umferðunum lengdi Rypdal sig enn (14,02 og 14,14), en Kári svaraði því með 14,20 og tryggði sér þar með annað sætið í keppninni. Rune Nilsen komst einnig yfir 14 í síðustu umferð og náði nákvæmlega jafnlöngu stökki og landi hans, 14,14. Aðrir keppendur lengdu sig ekki og lauk þristökkinu með sigri Preben Larsens, sem var jafnbesti keppandinn (5 gild stökk yfir 14,20). - Stig eftir þristökk: Ísland - Noregur 961/2-861/2, Ísland - Danmörk 981/2-841/2, Noregur - Danmörk 1021/2-801/2.

Úrslit:

P. Larsen, D.	14,44 m
Kári Sólmundarson, Ísl.	14,20 m
J. Rypdahl, N.	14,14 m
R. Nielsen, N.	14,14 m
Kristleifur Magnússon, Ísl.	13,88 m
H. Riis, D.	13,37 m

Stig:

Ísland - Noregur	6-5
Ísland - Danmörk	5-6
Noregur - Danmörk	5-6

Kringlukastið

Kringlukastið hafði nú staðið nokkra stund. Stein Johnsen tók strax forystuna í fyrstu umferð (46,10) og lengdi sig síðan upp í 46,75 og 47,20 í næstu 2 umferðum. Huseby fór rólega í sakinar (44,73), en tók svo á í 2. kasti og nálgadist mjög merki Norðmannsins (46,67). Daninn Munk-Plum byrjaði einnig varlega (43,99), en lengdi sig svo stöðugt, þar til hann náði 47 metra kasti í 4. umferð. Var Huseby nú kominn í 3. sæti og aðeins tvö köst eftir. Mér varð lítið á kempuna, er hann bjóst til að kasta þessu næst síðasta kasti. Hann beið fyrst andartak, meðan áhorfendur höfðu sem hæst vegna hlaupanna á vellinum, velti kringlunni síðan notalega milli handanna, sneri sér mjúklega og náði háu og fallegu kasti, sem lenti alveg við 48 metra strikið. Þeir, sem ekki voru uppteknir af hlaupunum eða stökkunum urðu þarna vitni að fágætum keppnishæfileikum Gunnars Huseby, því þarna tók hann á síðustu stundu forystuna af manni, sem talinn var honum betri, og hækkaði sig úr 3. sæti í fyrsta. Þetta kast setti bæði Johnsen og Plum út af laginu, en svona til öryggis kastaði Huseby einnig lengra en þeir í síðustu umferð (47,56) og þar með lauk kringlunni

með óvæntum sigri Íslendinga. Löve og Kristian Johansen háðu harða keppni um 4. sætið, er lauk með greinilegum sigri þess síðarnefnda. - Stig eftir kringlukast: Ísland - Noregur 1021/2-911/2, Ísland - Danmörk 1051/2-881/2 og Noregur - Danmörk 1091/2-841/2.

Úrslit:

Gunnar Huseby, Ísl.	47,92 m
S. Johnsen, N.	47,20 m
J. Munk-Plum, D.	47,00 m
K. Johansen, N.	45,57 m
Þorsteinn Löve, Ísl.	43,96 m
P. Cederquist, D.	42,83 m

Stig:

Ísland - Noregur	6-5
Ísland - Danmörk	7-4
Noregur - Danmörk	7-4

10.000 m hlaupið (9600 m!)

Þetta átti eftir að verða sögulegt hlaup, eins og kunnugt er, þar sem hlaupararnir voru látnir hlaupa einum hring of lítið. Munu hringaverðirnir hafa ruglast á spjöldunum síðustu hringina, er þeir þurftu að skipta um skyndilega vegna þeirra, sem orðnir voru meira en hring á eftir forustunni. Kjersem og Slaatten tóku strax forustuna með Danina rétt á eftir sér, en íslendingarnir drógust smátt og smátt aftur úr. Kristján, sem aldrei hafði hlaupið fyrr þessa vegalengd, virtist vera greinilega sterkari en Viktor í þetta sinn og hélt uppi góðum hraða. Millitími þeirra á 5 km var 16:09,0 mín. (Kristján) og 16:31,2 (Viktor) en þá vegalengd hljóp fyrsti maður (Kjersem) á 15:40,0. Um þessar mundir fór Thøgersen einnig að dragast aftur úr, en Norðmennirnir og Greenfort héldu enn hópinn. Þegar 3-4 hringir voru eftir fannst Kjersem óþarfi að halda lengur niðri hraðanum vegna Slaattens, enda hafði Greenfort dregist talsvert aftur úr. Jók Kjersem nú hraðann og skildi Slaatten eftir í svokölluðu „Nomansland“, mitt á milli þeirra Greenforts. Thøgersen sem var orðinn hring á

eftir, kom auga á þetta og gaf landa sínum nægilega keppni til þess að nálgast Slaatten aftur og sigra hann á endaspretti. Þegar hringaverðirnir höfðu gefið Kjersem merki um að einn hringur væri eftir, uppgötvaðu þeir mistökin og reyndu að fá hlauparana til þess að halda áfram, en það var um seinan. Þeir höfðu þegar hafið endasprettið og annað komst ekki að í þeirra heila. Kjersem var langfyrstur, svo Greenfort og Slaatten um 35-40 m á eftir, þá Thøgersen einum hring á eftir, Kristján 250 m þar áe ftir og loks Viktor réttum 2 hringjum á eftir fyrstu mönnum. Fyrir þessi mistök hringavarða missti Kristján Jóhannsson af nýju Íslandsmeti og hefði Viktor einnig átt að vera undir sínu fyrra meti (ca. 33:26,0 og 33:56,8), en það er 33:57,6 mín. - Stig eftir 10 km: Ísland - Noregur 1051/2-991/2, Ísland - Danmörk 1081/2-961/2, Noregur - Danmörk 1161/2-881/2.

Úrslit:

J. Kjersem, N.	29:48,2 mín.
R. Greenfort, D.	29:55,4 sek.
S. Slaatten, N.	29:56,0 mín.
T. Thøgersen, D.	31:14,8 mín.
Kristján Jóhannsson, Ísl.	32:06,0 mín.
Viktor Munch, Ísl.	32:36,8 mín.

Stig:

Ísland - Noregur	3-8
Ísland - Danmörk	3-8
Noregur - Danmörk	7-4

4X400 m boðhlaupið

Áður en þetta hlaup hófst vorum við raunverulega búnir að sigra bæði löndin og þruffi boðhlaupssveitin aðeins að komast í mark, mátti verða síðust. Að sjálfsgöðu lét hún sér það ekki nægja, enda þótt við yrðum að grípa til 2ja varamanna í stað Clausenbræðra. Haukur var löglega forfallaður, en Örn, sem hafði keppt í 5 greinum á mótinu og orðið stighæstur einstaklinga var sparaður, þar sem engin hætta var á ferðum. Íslendingar fengu miðbrautina og tók Ingi strax forystuna móti Helge Fals (á 1. braut) og Börresen (á 3. br.). Í lok sprettsins var Börresen kominn aðeins fram úr, svo að Ekeheien fékk keflið á undan Herði Haralssyni. Á seinni langhlið fór Hörður fram úr og skilaði öruggu forskoti til Ásmundar, en Ekeheien og Christensen skiptu samtímis. Á þriðja spretti um hljóp Ásmundur öryggishlaup á móti Torben Johannesen og Ásbirni Aas og skilaði keflinu til Guðmundar vel á undan keppinautum. Gunnar Nielsen, sem hljóp síðasta spretti fyrir Dani, hélt auðsjáanlega að Guðmundur væri eitthvert barnaleikfang, því hann hugðist taka hann á langhliðinni. Guðmundur jók þá örliðið hraðann og hægði síðan á sér á seinni beygjuni. Ætlaði Nielsen þá aftur að reyan að komast fram úr, en Guðmundur þakkaði fyrir og kvaddi hann. Kom hann í mark 7-8 m á undan Nielsen, sem var 3-4 m á undan Haldori Han-

Sigursveitin í 4x400 m boðhlaupi. Frá vinstri Ingi Þorsteinsson, Hörður Haraldsson, Ásmundur Bjarnason og Guðmundur Lárusson.



sen. Millitímar Íslendinganna voru þessir: 51,8, 50,0, 50,8 og 49,0. Þar með var síðustu grein landskeppninnar lokið með algerum sigri Íslands.

Úrslit:

Íslendingar (landssveitarmet) 3:21,6 min.
Danir 3:22,6 min.
Norðmenn 3:23,2 min.

Stigin voru 1101/2-1011/2 gegn Norðmönnum og 1131/2-981/2 gegn Dönum, en Norðmenn unnu Dani með 1181/2-931/2.

Húrrahrópin hljóðnuðu, tíminn var tilkynntur og verðlaun afhent.

Stuttu síðar hófst lokaathöfnin með því, að

fáni Íslands var dreginn að hún! Síðan var fáni Noregs dreginn að hún til merkis um það, að Noregur hefði sigrað Danmörk. Við landarnir litum hver á annan hræðir í huga og ánægðir yfir unnum sigri. Á næstu mínútum vorum við Íslendingarnir umkringdir af blaðamönnum og áhugasömum unnendum frjálsþróttta, er spurðu okkur spjörunum úr og óskuðu okkur til hamingju með verðskuldaðan sigur. Því það virtust allir vera sammála um að sigurinn væri verðskuldaður.

Ég vil að lokum nota tækifærið og þakka keppendum fyrir ágæta frammistöðu og mikla samheldni þegar á reið. Landsþjálfarinn, Benedikt Jakobsson, og fyrirliði liðsins, Skúli Guð-

Þökkum veittan stuðning við útgáfu þessa rits

Mjólkursamsalan

Bitruhálsi 1

Henson

Brautarholti 8

Sportbær

Austurvegi 13-15

Kjarnavörur

Bæjarhrauni 4

Íþróttta- og tómstundaráð

Strandgötu 19b

Hitaveita Suðurnesja

Bæjarhrauni 4

Tryggingamiðstöðin

Aðalstræti 6-8

Sjóvá-Almennar

Kringlunni 5

Kaupfél. Skagfirðinga

Ártorgi 1 Sauðárkróki

Osta- og smjörsalan

Bitruhálsi 2

Síldarvinnslan

Hafnarbraut 6

Sparisj. í Keflavík

Tjarnargötu 12

Hitaveita Reykjavíkur

Grensásvegi 1

Happdr. Háskólans Gullnáman

Tjarnargötu 4

Akureyrarbær

Geislagötu 9

Hafnarfjarðarbær

Strandgötu 6

Kaupfél. Borgfirðinga

Egilsstötu 11

Verzlmsfél. Reykjavíkur

Kringlunni 7

Bökkum veittan stuðning við útgáfu þessa rits



EIMSKIP

VÍS VIS ÍSL N

Ölfushreppur

Selvogsbraut 2 Þorlákshöfn

Tryggingamiðstöðin

Aðalstræti 6-8

VÍS

Ármúla 3

Íþróttaskóli Íslands

Laugadalshreppi

Kaupf. V-Húnavetninga

Strandgötu 1 Hvammstanga

Olympíunefnd Íslands

Laugadal

Silfursport

Síglufirði

DHL

Faxafeni 9

J N N M G N S S N

U h l s r m l k n m n

tu r ut m r
 n u s y l t v r
 t f m a . G r u n n a r n a r
 h l l u r n r n r r u r
 m t u r r t t s r m l n
 s t n e t r a n r r f u r u m
 f u s r a f u r r u y r
 u r r u
 r m l l n .

M J T R U S M I G K S
 S U K K I

Fyrsta landskeppnin

Við Íslendingar háðum okkar fyrstu landskeppni í frjálisþróttum 26. og 27. júní 1948 í Reykjavík. Voru það frændur okkar Norðmenn sem við áttum í höggi við og reyndust ofjarlar okkar.

Áður en keppni hófst fyrri daginn gengu íþróttamennirnir í einfaldri röð inn á völlinn með þjóðfána sína í broddi fylkingar. Jens Guðbjörnsson mælti nokkur ávarpsorð og þjóðsöngvarnir voru leiknir. Ung stúlka færði Norðmönnum blómvönd og síðan hófst keppnin.

Fyrri dagur. – Góð byrjun

Flestum á óvart unnum við tvöfaldan sigur í 200 metra hlaupinu og varð það ef til vill því að þakka að Norðmennirnir voru mjög seinir að átta sig á skipunarorðum ræsis og „lá“ annar þeirra, Johnsen, gersamlega eftir í viðbragðinu. Haukur bar mjög af, en Bloch og Trausti háðu harða baráttu um 2. sætið. Tókst Trausta að verða tæpum metra á undan við mikil fagnaðarlæti áhorfenda. Johansen hljóp mjög rösklega síðari hluta hlaupsins. Tími Hauks var prýðilegur, því golan var á móti fyrir beygjuna. Stig: Ísland 8 Noregur 3.

Norðmenn harðari í hástökkinu

Norðmennirnir reyndust mun betri en búist var við og stukku 3 til 5 cm hærra en þeir höfðu áður gert á sumrinu. Kolbeinn féll út á 1,85, en hinir 3 fóru allir yfir 1,90 m. Þegar Norðmennirnir höfðu báðir stokkið næstu hæð, 1,93 m, var eins og Skúli missti sjálfstraustið, enda hefði hann þá þurft að stökkva 1,95 til að vinna. Við 3. tilraun á 1,93 var hann þó yfir ránni, en snerti hana aðeins með öxlinni og það nægði. Leirud reyndi ekki hærra en 1,95 vegna rigningarinnar, sem kom í lok hástöksins, en hann virtist ekki taka nærri sér. Stökklag hans er allsérkennilegt, ekki ósvipað og hjá Bolind-er. Paulson er mjög efnilegur nýliði, notar veltustílinn og hvolfir

sér yfir rána (líkt og Jón Ólafsson!) Skúli brást ekki vonum manna, en hér var við ofurefli að etja. Afrek Leirud's er nýtt vallarmet. Nú voru stigin orðin jöfn aftur 11:11.

Vallarmet í 800 m hlaupi

Við Vade þýddi vitanlega ekkert að reyna, en ef Óskar hefði verið betur fyrirallaður (hafði lit- ið æft vegna beinhimnubólgu) hefði annað sætið átt að vera öruggt. Að vísu hafði Óskar for-ustuna fyrri hringinn (56,6) en þá skelltu Norðmennirnir sér fram úr og stungu hann blátt áfram af. Var unun að sjá hve vel og skynsam-lega þeir hlupu. - Stigin: Noregur 19 - Ísland 14.

Óvænt annað sæti í spjótkastinu

Það kom á óvart að Jóel skyldi ná öðru sæti- nu í spjótkastinu. - enda var Dahle talsvert lak-ari en hans er venja. Hinsvegar háði rigningin mjög keppendunum og sigurvegarinn tók t.d. aðeins 3 köst. Afrek Mæhlum's er nýtt vallar- met. Noregur 26, Ísland 18.

Lærdómsríkt 5000 metra hlaup

Nú sáum við svart á hvítu hversu langt við eigum í land hvað langhlaupara snertir og eru þeir Stefán og Þórður þó engir aukvisar á okkar mælikvarða. Norðmennirnir hlupu með stuttum en tíðum skrefum og höfðu brátt náð það góðri ferð að Þórður varð að láta undan síga. Stefán fylgdi þeim í lengstu lög, hálfan þriðja km, en varð þá einnig að slaka á ferðinni. Þrátt fyrir

Frá setningarathófn landskeppninnar.



Torfi stekkur yfir 3,90 í stangarstöcki.



ofsarigningu og þunga braut færði hinn ungi og efnilegi Kjersem vallarmetið niður um 47 sek. en öldungurinn Willhelmsen (36 ára) var ekki langt á eftir. Millitímar voru þessir: 1500 (4:40,0)

3000 m (9:11,2) og 4000 m (12:10). Stefán hljóp á sínum besta tíma, en Þórður var 6,6 sek. lakari en síðast. Voru Norðmenn nú með 34 stig gegn 21.

Huseby illa fjarri í kúluvarpinu

Svona fór um sjóferð þá! Norðmenn unnu kúluvarpið, eina af okkar öruggustu greinum og þar með brást okkar síðasta von um að standa eitthvað í frændum okkar. Annars virtist lítill áhugi vera fyrir þessari keppni þegar það kom í ljós að Huseby mætti ekki til leiks. Sigfús hafði forustuna í fyrstu umferð, en í 2. umferð fóru báðir Norðmennirnir lengra en Sigfús og Vilhjálmur hafa gert best. Hinn hávaxni og myndarlegi Arne Rohde tryggði sér sigurinn í 4. umferð með 15 m kastí og landi hans hinn þrautreyndi norskí methafi Thoresen, hélt 2. sæti 19 cm á undan Sigfúsi. Nú var munurinn orðinn ískyggilega mikill eða 42 gegin 24.

Spennandi boðhlaup og kærkominn sigur

Loks unnum við „ótrygga“ grein og ekki skaðaði að það skyldi vera boðhlaup. Finnbjörn og Johansen voru svipaðir á 100 metra sprettinum en Bloch komst brátt framúr á 200 m og hljóp nú mun betur en áður. Varð Trausti að sjá á bak honum þrátt fyrir ágætt hlaup og Tangen fékk keflið 2 metrum á undan Hauk Clausen. En nú færðist nýtt fjör í íslensku sveitina, því Haukur tók á öllu, sem hann átti til að komast fram úr Tangen áður en beygjan byrjaði. Skilaði hann



Verðlaunahafar í langstöcki. Frá vinstri Kaare Ström, sigurvegarinn Finnbjörn Þorvaldsson sem stökk 7,16 í keppninni og Björn Langebakke.

keflinu til Reynis um 8 til 10 metrum á undan eftir frábært hlaup. Reynir fór mjúkt af stað en Dokka tók strax á öllu og át upp mikið af forskotinu. Hafði hann næstum náð Reyni þegar 100 m voru eftir. En þá vaknaði landinn og hristi Dokka af sér á endasprettinum. Var hlaup Reynis mjög vel útreiknað. Timinn var sá sami og ísl. metið. Millitímar voru um það bil þessir: Ísland: 11,0 - 22,4 - 34,8 - 50,4; Noregur: 11,0 - 22,0 - 36,0 - 50,8. Stig eftir fyrri daginn: Noregur 46, Ísland 31.

Síðari dagur:

Íslenskt met í 100 m hlaupi!

Það var viðbúið að tíminn yrði góður, því veðrið var alveg framúrskarandi gott og hagstætt með örilitilli golu af norðvestan. Haukur náði eins góðu viðbragði og hægt er að ná og hljóp með miklum tilþrifum. Kom hann í mark um 2 metrum á undan Bloch og Erni, sem virtust vera hnífjafnir. Johansen var svo tæpum 2 m þar á eftir og hafði unnið mjög á endasprettinum. Tími Hauks var ótrúlega góður - 10,6 sek. - eða nýtt ísl. met, 1/10 úr sek. betri en met Finnbjarnar frá 1947. Næstu tveir hlupu á persónulegum metum. Bloch var úrskurðaður á undan, en tími sami. Noregur 50, Ísland 38.

Glæsilegt stangarstöck

Keppnin var langdregin, en þó laus við að vera leiðinleg, enda ekki á hverjum degi sem Evrópumethafar sjást hér á vellinum. Bjarni Linnet byrjaði á 3,25 og fór síðan 3,40 og 3,50 í 1. stökki, en felldi 3,60. Bugjerde byrjaði á 3,40, en var næstum fallinn úr á 3,50. 3,60 fór hann í 1. og 3,70 í 2. stökki. Torfi byrjaði á 3,50 (í 2. stökki) og fór síðan 3,60, 3,70 og 3,80 í 1. stökki. 3,90 felldi hann tvisvar en fór yfir í 3ja og setti þar með nýtt met. Hærra komst hann ekki, og virtist hálfsmeykur við 4 metrana. Evrópumethafinn Erling Kaas byrjaði ekki fyrren á 3,60, sleppti svo úr 3,70 fór síðan 3,80 og 3,90 og 4 m. 4,10 fór hann í 2., en 4,20 m í 1. stökki. Ætlaði fagnaðarlátunum þá aldrei að linna. 4,30 felldi hann þrisvar, en það hefði annars verið nýtt Evrópumet. Árangur hans - 4,20 m - er glæsilegt afrek og nýtt vallarmet. Stigin: Noregur 57, Ísland 42.

Íslendingar að sækja sig

Í 400 m urðu þau óvæntu úrslit að báðir Íslendingarnir urðu á undan öðrum Norðmanninum, Per Dokka. Vade hafði yfirburði eins og fyrri daginn, en Reynir og Magnús virtust hugsa um það eitt að vera á undan Dokka og tókst það báðum. Virtist hann vera eitthvað eftir sig frá því í boðhlaupinu, því tími hans var óvenju slæmur. Reynir og Magnús hlupu báðir á persónulegum metum. Stig: Noregur 63, Ísland 47.

Haukur setur annað met

Í grindahlaupinu sýndi Haukur mjög áþreifanlega hversu harður keppnismaður hann er. Þrátt fyrir skrykkjótt hlaup yfir fyrstu grindurnar tókst honum að ná Garpestad yfir næst síðustu grind og verða vel á undan í markinu. Tíminn var nýtt ísl. met 1/2 sek. betra en það gamla, sem Skúli setti 1947. Garpestad var stutt á eftir, en hafði tafist nokkuð á því að fella grindur. Það sama hafði og hent hinn Norðmanninn, Arneberg, sem tókst þó að hrifsa 3. verðlaun frá kunningja sínum Skúla Guðmundssyni. Stóð Skúli sig þó þryðilega með tilliti til þess hve lítið hann hefir getað æft grindahlaup í ár. Stig: Noregur 68, Ísland 53.

Besta afrek mótsins

Ramstad hafði að sjálfsögðu mikla yfirburði í kringlukastinu. Er kast hans besta afrek mótsins samkv. Alþjóðastigatöflunni. Friðrik gekk inn í stað Huseby og sýndi góða keppnishæfileika. Voru þeir Ólafur ekki ýkja langt á eftir hinum Norðmanninum. Nú hafði Noregur 76 stig, en Ísland 56.

Spennandi 1500 m hlaup


Norðmennirnir tóku fljótt að sér forustuna og fylgdust að. Var hraðinn í meðallagi, 800 á 2:09,0, og 1000 m á 2:41,0 mín. Þegar 300 m voru eftir hóf Óskar byrjun á endaspretti en Norðmennirnir hertu einnig á sér. Náði Óskar Veiteberg á beinu brautinni, en Andresen tókst að forðast sömu örlög þrátt fyrir hraustlega tilraun Óskars. Pétur gat vitanlega ekki fylgt hinum þrem, en bætti þó tíma sinn um 6 til 7 sek. Stig: Noregur 83, Ísland 60.

Finnbjörn kemur á óvart í langstökki

Þrátt fyrir meiðslin frá því um veturinn, tókst Finnbirni að vinna þessa spennandi keppni og setja nýtt ísl. met og vallarmet. Náði hann strax forustunni í 1. umferð (6,94), lengdi sig svo upp í 7,02 og loks 7,16 í 4. umferð. Milli hinna þriggja mátti lengst af ekki sjá, en Halldór tapaði á því hve óviss hann var á plankanum. Voru flest stökk hans eins löng eða lengri en hinna, frá tanni. Langebakke var líka nokkuð óviss á plankanum, en býr auðsjáanlega yfir miklu. Ström er nú aðeins skuggi af sjálfum sér fyrir stríðið, stökk þá 7,46 og 15,82 m í þristökki. Stig: Noregur 88, Ísland 66.

Ísland vann síðustu orustuna

Það fór eins og fyrri daginn að Ísland vann síðustu orustuna - boðhlaupið. Ásmundur náði forustunni strax á 1. spretti móti Tangen, sá næsti var jafnaði (Finnbjörn og Vade), en Örn og einkum Haukur unnu af keppinautum sín-



Sigursveit Íslands í 4x100 m boðhlaupi. Frá vinstri Örn Clausen, Haukur Clausen, Finnbjörn Þorvaldsson og Ásmundur Bjarnason. Tími sveitarinnar var 42,1 sek.

um, Johansen og Bloch. Kom íslenska sveitin í mark 4 til 5 metrum á undan þeirri norsku á hinum frábæra tíma 42,1 sek. sem er nýtt landsveitar- og vallarmet. Boðhlaupið var 5. grein Hauks í keppninni og 5. sigurinn, sem hann vann fyrir Ísland. Var hann lang stighæstur allra einstaklinga í keppninni hlaut 181/2 stig. Heildarúrslit urðu annars þau að Noregur vann með 92 stigum gegn 73 og var keppnin því mun jafnaði síðari daginn.

Um þessa fyrstu landskeppni okkar í frjálsum íþróttum er það annars að segja að hún fór vel fram og þótti mönnum hún skemmtilegri og betur skipulögð í hvívetna en önnur frjálsíþróttamót, sem hér hafa verið haldin. Og þó hefði hún að skaðlausu mátt ganga hraðar, en þetta stendur vonandi allt til bóta. Norðmenn unnu verðskuldanan sigur, en við Íslendingar fengum lærdómsríka reynslu í þessum málum.

Daginn eftir landskeppnina bauð Bæjarstjórn Reykjavíkur norsku íþróttamönnum um skemmtigerð til Þingvalla, og var farið austurleiðina til baka og skoðaðir helstu staðirnir. Sama kvöld var haldinn dansleikur fyrir Norðmennina, en á þriðjudag lögðu þeir blómsveig á leiði fallinna landa sinna, en norski sendiherrann og frú hans höfðu boð inni fyrir þá og nokkra ísl. íþróttaleiðtoga síðar um daginn. Um kvöldið var haldin aukakeppni í nokkrum íþróttgreinum, en því miður var veður og þátttaka með lakara móti, hvað svo sem olli því síðara. Á miðvikudagskvöldið 30. júní hélt svo Frjálsíþróttasamband Íslands og framkvæmdanefndin kveðjusamsæti fyrir norsku gestina. Konráð Gíslason formaður FRÍ stjórnaði hófinu og þakkaði norsku íþróttamönnum fyrir komuna. Afhendi hann þeim íslenska fánann og áletraða minnispeninga um keppnina, en Ivar Ramstad fékk sérstök verðlaun fyrir besta afrek mótsins. Þá afhenti Konráð Olav Tendeland litada ljósmynd af Heklu, sem gjöf frá FRÍ til norska frjálsíþróttasambandsins. Tendeland þakkaði móttókur og allan aðbúnað með hlýjum orðum og mælti nokkur hvatningarorð til íslenskra frjálsíþróttamanna. Afhenti hann FRÍ norskan borðfána að gjöf frá norska frjálsíþróttasambandinu með ósk um áframhaldandi

góða samvinnu á þessu sviði. Að síðustu mælti forseti ÍSÍ nokkur orð til hinna norsku gesta, en afhenti síðan formanni FRÍ og framkvæmdarnefnd merki ÍSÍ í viðurkenningarskygni fyrir góða framkvæmd landskeppninnar.

Um miðnætti flugu Norðmennirnir héðan með „Heklu“ og voru kvaddir með hlýhug og árnaðaróskum íslenskra íþróttamanna.

Úrslitin í einstökum greinum

200 m hlaup:

1. Haukur Clausen, Í 22,0 sek.
 2. Trausti Eyjólfsson, Í 22,8 sek.
 3. Peter Bloch, N 22,9 sek.
 4. Henry Johansen, N 23,4 sek.
- Noregur 3 stig - Ísland 8 stig

Hástökk:

1. Birger Leirud, N. 1,95 m
 2. Björn Paulsson, N 1,93 m
 3. Skúli Guðmundsson, Í 1,90 m
 4. Kolbeinn Kristinsson, Í 1,75 m
- Noregur 8 stig - Ísland 3 stig

Spjótkast:

1. Odd Mæhlum, N 63,41 m
 2. Jón Sigurðsson, Í 58,14 m
 3. Sverre Dahle, N 56,70 m
 4. Adolf Óskarsson, Í 54,72 m
- Noregur 7 stig - Ísland 3 stig

800 m hlaup:

1. Björn Vade, N 1:55,0 mín.
 2. Sigurd Roll, N 1:57,3 mín.
 3. Óskar Jónsson, Í 1:59,6 mín.
 4. Pétur Einarsson, Í 2:01,1 mín.
- Noregur 8 stig - Ísland 4 stig

Kúluvarp:

1. Arne Rohde, N 14,98 m
 2. Bjarne Thoresen, N 14,80 m
 3. Sigfús Sigurðsson, Í 14,61 m
 4. Vilhj. Vilmundarson, Í 14,46 m
- Noregur 8 stig - Ísland 3 stig

5000 m hlaup:

1. Jakob Kjersem, N 15:08,0 mín.
 2. Thv. Wilhelmsen, N 15:22,4 mín.
 3. Stefán Gunnarsson, Í 16:02,0 mín.
 4. Þórður Þorgeirsson, Í 16:13,4 mín.
- Noregur 8 stig - Ísland 3 stig

1000 m boðhlaup:

1. Ísland 1:58,6 mín.
 2. Noregur 1:59,8 mín.
- Noregur 4 stig - Ísland 7 stig.

100 m hlaup:

1. Haukur Clausen, Í 10,6 sek.
 2. Peter Bloch, N 10,8 sek.
 3. Örn Clausen, Í 10,8 sek.
 4. Henry Johansen, N 11,0 sek.
- Noregur 4 stig - Ísland 7 stig

Stangarstökk:

1. Erling Kaas, N 4,20 m
 2. Torfi Bryngeirsson, Í 3,90 m
 3. Audun Bugjerde, N 3,70 m
 4. Bjarni Linnet, Í 3,50 m
- Noregur 7 stig - Ísland 4 stig

400 m hlaup:

1. Björn Vade, N 49,6 sek.
 2. Reynir Sigurðsson, Í 51,0 sek.
 3. Magnús Jónsson, Í 51,4 sek.
 4. Per Dokka, N 51,9 sek.
- Noregur 6 stig - Ísland 5 stig

Kringlukast:

1. Ivar Ramstad, N 49,33 m
 2. Johann Nordby, N 44,41 m
 3. Ólafur Guðmundsson, Í 42,19 m
 4. Friðrik Guðmundsson, Í 41,65 m
- Noregur 8 stig - Ísland 3 stig

110 m grindahlaup:

1. Haukur Clausen, Í 15,3 sek.
 2. Arnt Garpestad, N 15,6 sek.
 3. Egil Arneberg, N. 16,4 sek.
 4. Skúli Guðmundsson, Í 16,6 sek.
- Noregur 5 stig - Ísland 6 stig

Langstökk:

1. Finnbjörn Þorvaldsson, Í 7,16 m
 2. Kaare Strøm, N 6,90 m
 3. Björn Langbakke, N. 6,89 m
 4. Halldór Lárusson, Í 6,76 m
- Noregur 5 stig - Ísland 6 stig

1500 m hlaup:

1. Per Andresen, N 4:01,6 mín.
 2. Óskar Jónsson, Í 4:02,4 mín.
 3. Arne Veiteberg, N. 4:04,2 mín.
 4. Pétur Einarsson, Í 4:10,2 mín.
- Noregur 7 stig - Ísland 4 stig.

4X100 m boðhlaup:

1. Ísland 42,1 sek.
 2. Noregur 42,6 sek.
- Noregur 4 stig - Ísland 7 stig

Heildarúrslit:

- Noregur 92 stig
Ísland 73 stig

Örn Eiðsson

Fyrsti sigurinn – Danir lagðir 1950

Það hafði verið austan vindur og skýjadrif, en nú lyngdi undir kvöldið. Hin margumtalaða landskeppni milli Íslendinga og Dana var að hefjast á Melavellinum þann 3. júlí 1950 og 56 íþróttaklæddir keppendur og nokkrir fyrirliðar gengu í fylkingu inn á völlinn - Danir himinbláir, Íslendingar í fannhvítum peysum og bláum buxum, og gengu hlið við hlið Íslendingar og Danir. Þeir skipuðu sér fyrir framan áhorfendastúkuna og heilsuðu með fánunum, 24 Danir og 32 Íslendingar. Var flokkurinn hinn mennilegasti, þó bar það frá, að Íslendingar voru bjartari yfirlitum, 10 Íslendingar voru mjög norrænir, ljósir á hár og bjartir á svip, en aðeins tveir Danir voru bjartir á hár. Í beggja liði var mannemunur á hæð og annan vöxt. Í liði Dana voru nokkrir lágvaxnir þéttvaxnir piltar, flestir þó vel meðalmenn, hæst var í flokki þeirra hinn dökkhæðra, granna og mjúklega vaxna kringlukastara Jörgen Munk-Plum og hástökkvarann Erik Nissen, sem einnig er suðrænn á yfirbragð og tígurlegur í framgöngu. Í liði Íslendinga var einnig mikill hæðarmunur. Hæst bar hinn hánorræna, granna og beinbaxna hástökkvara Skúla Guðmundsson. Og gildasti keppandinn stóð í flokki Íslendinga - Gunnar Huseby. En margt var þar knárra piltar, er lægri voru í lofti. Eftir öllum sól-armerkjum á þessu vori vænti þjóðin mikils af þessum úrvalsmönnum og fór ekki dult. Þetta var í annað sinn, sem Íslendingar háðu landskeppni í frjálsum íþróttum, kepptu fyrir tveimur árum við Norðmenn og fóru halloka. Nú höfðu

menn tekið miklum framförum í flestum greinum, svo að tilhlökkun var mikil meðal íslenskra áhorfenda.

Nú hófust ávörp. Erlendur Ó. Pétursson formaður framkvæmdarnefndar setti mótið og bauð þátttakendur velkomna til leiks. Formaður danska frjálsíþróttasambandsins mælti nokkur orð og lék Lúðrasveit Reykjavíkur þjóðsöngva landanna.

Því næst hófst hin fjöruga, spennandi og vel skipulagða keppni. Leikstjóri var Þorsteinn Einarsson, en með honum starfaði 50 manna hópur dómara. Keppt var í 18 greinum, níu hvort kvöld 3. og 4. júlí. Er skemmst frá því að segja, að fyrra kvöldið ólgaði blóð áhorfenda mjög sökum harðrar og jafnrar keppni og tvisýnu um úrslit. Úrslitataflan fyrra kvöldið var á þessa lund:

	Ísl.	Danm.
Eftir 400 m grindahlaup	3	8



Á verðlaunapallinum að hástökkkeppninni lokinni. F. v.: Sigurður, Skúli, Nissen.



100 m hlaupið í Landskeppnini. F.v.: Schibsbye, Hörður, Haukur, Nielsen.



Guðmundur og Ásmundur vinna tvöfaldan sigur í 400 m hlaupinu.

- 100 m hlaup	8	14
- Kringlukast	15	18
- 400 m hlaup	23	21
- 1500 m hlaup	26	29
- Stangarstökk	32	34
- Sleggjukast	35	42
- 4X100 m boðhlaup	42	46
- Þristökk	50	49

Eins og taflan ber með sér valt á ýmsu fyrri daginn og mátti vart á milli sjá hvor bæri sigur af hólmi, enda kom ýmislegt óvænt fyrir, sem gerði skekkju í alla útreikninga.

Flestir reiknuðu með sigri Dana í 400 metra grindahlaupi, enda varð sú raunin, að þeir hlutu þar tvöfaldan sigur með Torben Jörgensen fyrstan. En almennt hafði verið gert ráð fyrir tvöföldum sigri Íslendinga í 100 metra hlaupinu. Það kom því óvænt, þegar Knud Schibbye tók forystuna í hlaupinu og sigraði Hörð Haraldsson og Hauk Clausen og kom fyrstur í mark á 11 sek. í mótvindi. Hörður Haraldsson varð annar á sama tíma. Þetta var ekki góður timi miðað við árangur 4-5 Íslendinga, sem hafa í vor hlaupið á 10,7 til 10,8 sek. Þótti nú horfa heldur illa.

Úrslit í kringlukasti hresstu hugann aftur, því að þar fengu Íslendingar 1. og 3. mann og munaði þó mjóu að verr færi. Þar keppti fyrir Dani hinn upprennandi J. Munk-Plum. Hann hafði sett danskt met 4 dögum fyrir keppnina hér og þegar aðeins ein umferð var eftir í keppninni hér var hann fyrstur með 48,19 m,

sem var danskt met. Kempan Gunnar Huseby var ekki á þeirri skoðun, að láta sigurinn úr hendi og sýndi frábært keppnisskap, er hann kastaði 48,32 m og fögnuður áhorfenda var gífurlegur. - Í 400 metra hlaupinu unnu Íslendingar tvöfaldan sigur með Guðmund Lárusson sem sigurvegara og Ásmund Bjarnason á hælum hans. Guðmundur jafnaði Íslandsmetið og nú tóku Íslendingar forystu í keppninni í fyrsta sinn. Það reyndi á þolrifin í 1500 metra hlaupinu, því að þar tefldu Danir fram sterkum mönnum. Tóku Danir strax forystu og héldu henni til loka. Þó var þetta mjög æsandi keppni, því að Pétur Einarsson sótti mjög á, er líða tók á hlaupið og hafði svo harðan lokasprett, að aftur dró saman, þótt ekki dygði honum krafturinn til sigurs.

Stangarstökkið var skemmtilegt og lengi tví-sýnt um úrslit, því að R. Stjernild fór 4,05 m í fyrsta stökki, en Torfi Bryngeirsson í þriðja. Þegar hækkað var í 4,15 m renndi Torfi sér léttilega yfir, en Stjernild felldi þrisvar. Torfi reyndi svo við 4,22 m, en tókst ekki. Kolbeinn Kristinsson frá Selfossi stóð sig ágætlega, náði sínum besta árangri og fór yfir 3,75 m. Hann er í mikilli framför. Sleggjukastið var Dananna og þeir höfðu mikla yfirburði, Sv. A. Fredriksen kastaði 50,38 m en okkar menn tæplega 43 metra. En þess ber að geta, að sleggjukast hefur verið lítið æft hér. Má af Dönnum læra í þessu. Þórður B. Sigurðsson er sá af yngri mönnum, sem líklegur er til að rétta þar hlut Íslands. 4X100 m boðhlaupið var glæsilegt af okkar hálfu, Ásmundur, Guðmundur Lár., Hörður og Haukur sigruðu örugglega.

Í þristökkinu, lokagrein fyrri dags sigruðu Kristleifur Magnússon frá Vestmannaeyjum og Stefán Sörensson tvöfalt og réttu þar með hallann, svo að Ísland hafði eitt stig yfir eftir fyrri daginn. Kristleifur er mikill keppnismaður, hann vill og hann getur. Stefán, methafinn í þristökki, hefur ekki keppt lengi, sökum veilu í fæti, en hljóp nú í skarðið og reyndist vel sem fyrr.

Seinni dagurinn var sigurdagur Íslands.

Þannig lítur úrslitatafla síðari keppnisdagsins út:

	Ísl.:	Danm.:
Eftir 110 m grindahlaup	57	53
- Kúluvarpið	65	56
- 200 m hlaupið	71	61
- Langstökkið	79	64
- 5000 m hlaupið	82	72
- Spjótkestið	88	77
- 800 m hlaupið	93	83
- Hástökkið	101	86
- 1000 m boðhl. úrslit	108	90

Seinni dagurinn var sigurdagur Íslendinga. Keppnin hófst með því, að Örn Clausen sigraði í 110 m grindahlaupi á 15,6 sek. Erik Nissen og Haukur Clausen hlupu báðir á 16 sek. Ísland hlaut 7 stig og jók bilið. - Í kúluvarpinu höfðu Gunnar og Vilhjálmur Vilmondarson yfirburði. Gunnar kastaði 16,25 m og Vilhjálmur 14,50 m. Íslendingar höfðu vænst þess að sigr tvöfalt í

1000 metra boðhlaupssveitin í landskeppninni við Dani. F.v.: Guðmundur Lárusson, Ásmundur Bjarnason, Örn Clausen og Haukur Clausen.



200 m hlaupinu með Hauk og Herði. En það óhapp vildi til að Hörður heltist úr lestinni í hálfnuðu hlaupi vegna tognunar, en komst þó í mark. Haukur sigraði með glæsibrag, en Schibsbýe varð annar 2/10 úr sek. á eftir.

Áfram hélt sigurgangan, í langstökkinu sigruðu Torfi og Örn tvöfalt með glæsilegum yfirburðum. Tóku þeir strax forystuna, lengdu síðan stökkin og náðu sínum besta árangri, Örn 7,20 m. og Torfi 7,24 m, sem er jafnt Íslandsmetinu, er hann á sjálfur. Danirnir stukku aðeins 6,80 og 6,50 m. - Búist hafði verið við tvöföldum sigri Dana í 5000 metra hlaupinu, enda fór svo, þótt Kristján Jóhannsson sýndi þrek og hlypi létt. Hann virðist skorta þjálfun en ekki hæfileika.

Spjótkestið var frábært, þar sem allir keppendur köstuðu yfir 60 metra. Jóel Sigurðsson bar auðveldlega sigur af hólmi, þótt Larsen og Block næðu góðum köstum. Hjálmar Torfason stóð sig vel, náði sínum besta árangri, kastaði 60,91 m og er annar Íslendingurinn, sem kastar lengra en 60 metra.

800 metra hlaupið var geysispennandi. Þar keppti Gunnar Nielsen fyrir Dani, heimsfrægur hlaupari, enda tók hann strax forystu og ætlaði sér ekkert annað en sigur. Pétur Einarsson og Magnús Jónsson voru í fyrstu á eftir Dönung, komust þó brátt fram úr Erik Jörgensen, en

drógust aftur úr Nielsen. Félagarnir skiptust á 2. og 3. sæti, þar til á síðustu 200 m að báðir hertu hlaupið og drógu jafnt og þétt á Danann. Hófst nú hin harðvítugasta keppni, en Pétur náði Nielsen í því er hann sleit snúruna. Þeir hlupu báðir sama tíma, en Nielsen var dæmdur sigurinn. Mjög vel gert hjá Pétri og Magnúsi, sem varð þriðji 9/10 úr sek. á eftir sigurvegurinum.

Skúli Guðmundsson og Sigurður Friðfinnsson sigruðu með glæsibrag í hástökkinu. Skúli setti nýtt Íslandsmet, stökk 1,96 metra og Sigurður varð annar með 1,85 metra. Þetta voru bestu afrek þeirra félaga frá upphafi.

Boðhlaupssveit Íslands hafði geysilega yfirburði, Haukur hljóp 100 m, Örn 200 m, Ásmundur 300 m og loks Guðmundur Lár loka-sprettinn 400 metra. Hann gat meira að segja veifað boðhlaupskeflinu til áhorfenda í loka-sprettinum og það féll áhorfendum vel, enda 18 stiga sigur í höfn, meiri en þeir bjartsynustu bjuggust við.

Að lokum var íslenski fáninn dreginn að hún sem sigurfáni keppinnar og þjóðsöngvar beggja landanna leiknir. Tókust síðan íslenskir og danskir keppendur í hendur og yfirgáfu leikvanginn undir fánum þjóða sinna.

Örn Eiðsson



Verðlauna- afhend- ing


*Tveir methafar.
Gunnar Huseby
afhendir Hreini
Halldórssyni verð-
laun fyrir kúlu-
varp.*



Frækna- hlaupa- konur

Ragnheiður Ólafsdóttir og Lilja Guðmundsdóttir tvær af okkar bestu millivegahlaupurum. Ragnheiður er núverandi Íslands-methafi í 800 m, 1500 m og 3000 m og Lilja er fyrrverandi methafi í sömu greinum.

Innganga íslenska íþróttahópsins á Olymptuleikunum 1948 í London. Fánaberi er Finnbjörn Þorvaldsson.



59 frjálsíþróttamenn hafa keppt á Ólympíuleikum frá 1912–1996

Fyrsti íslenski frjálsíþróttamaðurinn, sem keppti á Ólympíuleikum var Jón Halldórsson, en hann var meðal þátttakenda í 100 m hlaupi í Stokkhólmi 1912. Frjálsíþróttafolk hefur ávallt keppt á leikunum síðan 1936 og alls eru 59 íþróttamenn sem hlotnast hefur sá heiður.

Sextán keppendur hafa verið meðal þátttakenda tvívegis eða oftar. Vésteinn Hafsteinsson keppti á 4 leikum. Valbjörn Þorláksson, Einar Vilhjálmsson og Sigurður Einarsson þrívægis og þeir sem tvívegis hafa keppt eru Jón Þ. Ólafsson, Bjarni Stefánsson, Torfi Bryngeirsson, Vilhjálmur Einarsson, Hilmar Þorbjörnsson, Hreinn Halldórsson, Óskar Jakobsson, Oddur Sigurðsson, Íris Grönfeldt, Pétur Guðmundsson, Ásmundur Bjarnason og Þórdís Gísladóttir.

Árangur frjálsíþróttafólksins hefur yfirleitt verið góður og stundum frábær. Sá eini, sem hlotið hefur verðlaun er Vilhjálmur Einarsson, sem varð annar í þristökki í Melbourne 1956 og 5. í sömu grein 1960. Sonur hans Einar varð 6. í spjótkesti 1984. Sigurður Einarsson varð 5. í spjótkesti í Barcelona 1992. Hreinn Halldórsson varð 10. í kúluvarpi sem og Guðrún Arnardóttir í 400 m grindhlaupi í Atlanta 1996. Þrívægis hafa frjálsíþróttamenn verið í 11. sæti, Sigurður Sigurðsson í þristökki 1936, Óskar Jakobsson í kúluvarpi 1980 og Vésteinn Hafsteinsson í kringlukasti 1992. - Fjórir frjálsíþróttamenn hafa hlotið 12. sæti, Örn Clausen í tugþraut í London 1948, Sigfús Sigurðsson í kúluvarpi á sömu leikum, Valbjörn Þorláksson í tugþraut í Tokýó 1964 og Jón Arnar Magnússon í tugþraut í Atlanta 1976.

Hér á eftir birtist stutt yfirlit um þátttöku íslensks frjálsíþróttafólks í Ólympíuleikum 1912 til 1996.

Jón Halldórsson í Stokkhólmi 1912

Jón Halldórsson keppti fyrstur íslenskra frjálsíþróttamanna á Ólympíuleikum, en það var í Stokkhólmi 1912. - Jón tók þátt í 100 m hlaupi og varð 3. í sínum riðli á 12,1 sek.

Jón J. Kaldal í Antwerpen 1920

Jón J. Kaldal dvaldi í Kaupmannahöfn árin 1918-1923 við ljósmyndanáms. Hann tók þátt í langhlaupum á þessum árum og vann marga frækna sigra. Jón keppti í 5000 m hlaupi á Ólympíuleikunum í Antwerpen 1920. Jón varð

6. í sínum riðli af 13 keppendum og af ástæðum sem við þekkjum ekki keppti hann fyrir Danmörku.

Berlín 1936. Fyrsti Íslendingurinn í úrslitakeppni í frjálsíþróttum

Fjórir íslenskir frjálsíþróttamenn voru þátttakendur á Ólympíuleikunum í Berlín 1936. Einn keppendanna, Sigurður Sigurðsson komst í úrslitakeppnina í þristökki, sá fyrsti í frjálsum íþróttum. - Sigurður stökk í annarri tilraun vel yfir 14 metra sem dugði til að komast í úrslit. Þar stökk hann 13,58 m sem nægði í 11. sæti. - Sigurður tók einnig þátt í hástökki og jafnaði Íslandsmetið með því að stökkva 1,80 metra. Hann reyndi næst við 1,85 m en tókst ekki, en það var hæðin, sem þurfti að stökkva til að komast í úrslit.

Sveinn Ingvarsson Íslandsmethafinn í 100 m hlaupi hljóp í 6. riðli í 100 m hlaupinu og var 5. af sex keppendum. Timi hans var 11,1 sek.

Kristján Vattnes var meðal keppenda í spjótkestinu, en þess má geta að hann var fánaberi íslensku keppendanna við setninguna. Þá blakti íslenski fáninn fyrst á Ólympíuleikum. Kristján kastaði 55 metra, en til þess að komast í úrslitakeppni þurfti að kasta 60 metra.

Loks keppti Karl Vilmundarson í tugþraut. Hann hljóp 100 metra á 12,6 sek. og stökk 5,62 metra í langstökki. Eftir þessa slæmu byrjun hætti Karl keppni.

Segja má að árangur íslensku keppendanna hafi verið vel viðunandi.

London 1948. Tveir Íslendingar í 12. sæti

Myndarlegur hópur frjálsíþróttamanna var sendur til keppni á Ólympíuleikunum í London 1948 á eins árs afmæli Frjálsíþróttasambandsins.

Haukur Clausen komst í milli-riðil í 100 m



Örn Eiddsson var fyrst kjörinn í stjórn FRÍ 1954 og sat þar nær öslið til 1984 þar af formaður frá 1968 til 1984 lengur en nokkur annar formaður. Þegar Örn lét af formennsku var hann kjörinn fyrsti heiðursformaður sambandsins. Örn átti sæti í Olympíunefnd Íslands um langt skeið og var fararstjóri frjálsíþróttafólks á þrennum Ólympíuleikum og einnig á öðrum stórmótum, hann sat fjölmörg þing á alþjóðavettvangi og var sæmdur æðsta heiðursmerki Alþjóðfrjálsíþróttasambandsins 1986.

Jón Halldórsson fyrsti íslenski frjálsíþróttamaðurinn sem keppti á Ólympíuleikum, í Stokkhólmi 1912. Hann keppti í 100 m hlaupi og varð í 3. sæti í sínum riðli á 12,1 sek.



Lára Sveinsdóttir var fyrst íslenskra kvenna til að keppa á Olympíuleikum. Það var í München 1972. Lára keppti í hástökki og stökk 1,60 m í undankeppninni.

hlaupi, varð annar í sínum riðli á 11 sek., en komst ekki í undanúrslit. Haukur varð 3. í 1. riðli 200 m hlaupsins á 22,2 sek. sjónarmun á eftir öðrum manni og komst því ekki í milliriðil. Finnbjörn Þorvaldsson og Örn Clausen hlupu einnig 100 m, en komust ekki áfram. Örn tók síðan þátt í tugþrautinni og varð 12. á nýju íslensku meti 6444 stigum. Finnbjörn var meðalkeppenda í langstökki og stökk 6,89 m, en komst ekki í úrslit.

Reynir Sigurðsson hljóp 400 m á 51,4 sek. í 12. riðli og varð 3. og komst ekki áfram. Óskar Jónsson

setti nýtt ísl. met í 800 m hlaupi á 1:55,4 mín. en það dugði ekki til að komast í úrslit. Hann varð 6. í 3. riðli í 1500 m á 4:03,2 mín. Stefán Sörensen meiddist áður en keppni í þristökki fór fram og gat ekki keppt. Íslenska seitin í 4X100 m boðhlaupi varð 4. í 3. riðli á 42,9 sek. Fyrir Ísland hlupu Ásmundur Bjarnason, Finnbjörn Þorvaldsson, Trausti Eyjólfsson og Haukur Clausen. Ísland komst ekki í úrslit. Torfi Bryngeirsson stökk 3,90 m í stangarstökki og komst ekki í úrslit.

Sigfús Sigurðsson komst í úrslit í kúluvarpi og varpaði lengst 14,49 m í undankeppninni. Í úrslitunum varð hann 12. og kastaði þá 13,66 m.

Vilhjálmur Vilmundarson varpaði kúlnunni 13,91 m í undankeppninni og komst ekki í úrslit. Jól Sigurðsson kastaði spjótinu 56,85 m og komst ekki í úrslit.

Ísland varð skráð til þátttöku í 4X400 metra boðhlaup, en ákveðið var að vera ekki með. Þessvegna kepptu Magnús Jónsson og Páll Halldórsson ekki á leikunum, en þeir skipuðu meðal annarra boðhlaupsveitina.

Helsinki 1952

10 Íslendingar tóku þá í leikunum, allt frjálsíþróttamenn. Árangur þeirra var sem hér segir:

Þrír kepptu í spretthlaupum af okkar hálfu. Ásmundur Bjarnason varð 5. í sínum riðli í 100 m hlaupinu á 11,1 sek. og einnig 4. í 200 m hlaupinu á 22,4 sek. Hörður Haralds-

son varð 4. í 4. riðli 100 m hlaupsins á 11,0 sek. og einnig 4. í sínum riðli í 200 m hlaupi á 22,4 sek. Pétur Fr. Sigurðsson tók þátt í 100 m og hljóp á 11,3 sek. í 10. riðli. Enginn íslensku keppendanna komst í milliriðil.

Guðmundur Lárusson keppti í 400 og 800 m hlaupum. Hann hljóp fyrrnefndu vegalengdina á 49,7 sek. og 800 m á 1:56,8 mín. - Ingi Þorsteinsson tók þátt í grindahlaupunum. Hann hljóp 110 m á 15,6 sek. og 400 m á 56,5 sek. og var úr leik. Kristján Jóhannsson bætti Íslandsmetið í 10 km hlaupi um ca. 1 mínútu, hljóp á 32 mín. og það nægði í 26. sæti. Hann tók einnig þátt í 5 km hlaupi og hljóp á 15:23,8 mín.

Torfi Bryngeirsson var eini Íslendingurinn sem komst í úrslitakeppni í sinni grein í Helsinki hann stökk 4 m í undankeppninni en 3,95 m í aðalkeppninni og varð 14.-15. ásamt grískum keppanda. Friðrik Guðmundsson og Þorsteinn Löve kepptu í kringlukasti. Friðrik kastaði 45 m og Þorsteinn 44,78 m. Örn Clausen var skráður í tugþraut, en keppti ekki vegna meiðsla.

Silfurverðlaun Vilhjálms í Melbourne 1956

Tveir frjálsíþróttamenn kepptu á Olympíuleikunum í Melbourne. Þar vann Vilhjálmur Einarsson það frábæra afrek að vinna til silfurverðlauna í þristökki með því að stökkva 16,26 m, sem var ólympíumet, þar til Silva bætti það og stökk 16,35 m. Hilmar Þorbjörnsson tók þátt í 100 m hlaupi og varð 3. í fyrsta riðli á 10,9 sek. Gömul meiðsl tóku sig upp og hann keppti ekki í 200 m hlaupinu. Hilmar komst ekki í milliriðil.

Við heimkomuna frá Melbourne var vegleg móttökuathöfn á Reykjavíkurlflugvelli.

Róm 1960.

Vilhjálmur 5. í þristökki

Sjö manna hópur afreksmanna í frjálsum íþróttum voru sendir til keppni á Olympíuleikunum í Róm. Fremstur í flokki var Vilhjálmur Einarsson, sem fyrr um sumarið hafði stökkið 16,70 m á Laugardalsvelli, sem var glæsilegt Íslandsmet og engar líkur að það verði slegið fyrr en einhverntíma á næstu öld. Eftir harða og tvísyna keppni varð Vilhjálmur 5. á OL með 16,37 m, frábært stökk og aðeins 6 sm styttra en bronsverðlaunahafinn. Björgvin Hólm hlaut 14. sæti í tugþraut með 6261 stig.

Svavar Markússon stóð sig vel í 800 og 1500 m hlaupum. Hann setti Íslandsmet í síðarnefndu vegalengdinni, hljóp á 3:47,8 mín. og náði 19.-20. sæti af 38 keppendum. Hann varð 33. í 800 m hlaupi á 1:52,7 mín. Hilmar Þorbjörnsson hljóp 100 m á 10,9 sek. og það nægði í 32.-37. sæti af 60 keppendum. - Jón Pétursson stökk



Sigurður Sigurðsson varð fyrstur Íslendinga til að komast í úrslit á Olympíuleikum 1936. Hann stökk 14 m í þristökki í undankeppni og setti Íslandsmet, í úrslitum stökk hann 13,58 m.

1,95 m í hástökki og var 22.-23. af 32 keppendum. Valbjörn Þorláksson stökk 4,20 m í stangarstökki sem dugði í 17. sæti af 31. Pétur Rögnvaldsson tók þátt í 110 m grindahlaupinu og hljóp vegalengdina á 15,2 sek. Hann varð í 29.-31. sæti en keppendur voru 36 í greininni.

Þó að Vilhjálmur kæmi ekki með verðlaunapening heim frá Róm, eins og margir vonuðu, var árangur hans og frjálsíþróttamannanna ágætur.

Tókýó 1964.

Valbjörn 12. í tugþraut

Aðeins tveir frjálsíþróttamenn kepptu á leikunum í Rókýó, Valbjörn Þorláksson og Jón Þ. Ólafsson. Valbjörn stóð sig vel, varð í 12. sæti í tugþrautinni með 7135 stig. Jón Þ. Ólafsson keppti í hástökki og stökk 2 metra slétta og komst ekki í úrslit.

Mexíkó 1968.

Jón Þ. bestur

Guðmundur Hermannsson ásamt Valbirni og Jóni Þ., sem kepptu í Tókýó voru sendir til Mexíkó. Guðmundur varpaði kúlunni 17,35 m og var 26. í röðinni. - Jón Þ. stökk 2,06 m. í hástökkinu og skipaði 21. sæti ásamt 7 öðrum keppendum, en 39 tóku þátt í hástökkinu. - Valbjörn keppti í tugþraut eins og í Tókýó, en nú gekk ekki eins vel, gömul meiðsl tóku sig upp fyrri dag tugþrautarinnar og hann hætti.

München 1972.

Bjarni Stefánsson bestur

Bjarni Stefánsson náði lengst íslensku keppendanna í München en hann keppti í 100 og 400 m hlaupum. Hann komst í milliriðil í 400 m hlaupinu og setti nýtt íslenskt met, hljóp á 46,76 sek. Bjarni varð vel fyrir fram miðju í hlaupinu eða í 30.-31. sæti af 68 keppendum. Bjarni hljóp 100 m á 10,99 sek.

Þorsteinn Þorsteinsson hljóp 800 m á 1:50,1 mín. en komst ekki í úrslit. Erlendur Valdimarsson kastaði kringlunni 55,38 m og varð 24. af 29 keppendum. Lára Sveinsdóttir tók fyrst kvenna þátt í Ólympiuleikum í frjálsum íþróttum, hún stökk 1,60 m í hástökki og varð 41. af 45 keppendum.

Montreal 1976.

Hreinn 15. í kúluvarpi

Frjálsar íþróttir áttu sjö fulltrúa í Montreal. Bestum árangri náði Hreinn Halldórsson, er hann varð í 15. sæti í kúluvarpi af 23 keppendum, varpaði kúlunni 18,93 metra.

Bjarni Stefánsson varð 41. í 400 metra hlaupi

á 48,34 sek., en keppendur voru 52. - Óskar Jakobsson kastaði spjóti 72,78 m og varð 21. af 22 keppendum. Elías Sveinsson hóf keppni í tugþraut, en hætti eftir sjö greinar vegna meiðsla. Þórdís Gísladóttir felldi byrjunarhæðina í hástökkinu, sem var 1,70 m.

Ágúst Ásgeirsson tók þátt í tveimur greinum og setti ísl. met í þeim báðum, þó að ekki dygði það honum til að komast í úrslit. Hann hljóp 1500 m á 3:45,47 mín., og varð 36. af 42 keppendum. Ágúst setti einnig met í 3000 m hindrunarhlaupi og met tími hans var 8:53,95 mín. Hann varð 22. af 23 keppendum.

Lilja Guðmundsdóttir keppti í tveimur greinum eins og Ágúst og setti einnig met í þeim báðum. Lilja varð 31. af 35 keppendum í 800 m hlaupi á 2:07,26 mín. og 34. af 36 keppendum í 1500 m hlaupi á 4:20,27 mín. Ágæt Íslandsmet.

Moskva 1980. Hreinn 10. og

Óskar 11. í kúluvarpinu

Fjórir íslenskir frjálsíþróttamenn tóku þátt í Moskvuleikunum, Hreinn Halldórsson, Óskar Jakobsson, Oddur Sigurðsson og Jón Diðriksson. - Hreinn og Óskar komust báðir í úrslit í kúluvarpi, Hreinn varð 10. og kastaði 19,55 m og Óskar 11. með 19,07 m. Ágætur árangur það. Oddur Sigurðsson varð 45. í 100 m hlaupi á 10,94 sek. en keppendur voru 65. Oddi gekk enn betur í 400 m hlaupinu, varð 19. af 50 keppendum og hljóp á 47,39 sek.

Jón Diðriksson keppti í 800 m og 1500 m hlaupum. Hann varð 28. af 41 keppanda í 800 m á 1:51,1 mín. og hlaut 19.-21. besta tímamann í 1500 m á 3:44,4 mín.

Los Angeles 1984.

Einar 6. í spjótkastinu

Einar Vilhjálmsson varð 6. í spjótkastinu í Los Angeles og náði bestum árangri íslenska frjálsíþróttafólksins á leikunum. Oddur Sigurðsson stóð einnig vel, hann komst í milliriðil í 400 m hlaupi. Oddur var í 26. sæti í undanrásunum af



Vésteinn Hafsteinsson hefur oftast Íslendinga keppt á Olympiuleikum eða 4 leikum alls. Besti árangur Vésteins var í Barcelona 1992 en þá var hann í 11. sæti í úrslitum, kastaði kringlunni 60,06 m.



Olympiufarar Melbourne 1956. Frá vinstri Hilmar Þorbjörnsson, Ólafur Sveinsson forstjóri og Vilhjálmur Einarsson.

80 keppendum, hljóp á 46,30 sek. Hann gerði betur í milliriðlum, fékk tímann 46,07 sek., en það dugði ekki í úrslit. Sigurður Einarsson var með í spjótkastinu, en náði sér ekki á strík, kastaði 69,82 m og komst ekki í úrslit.

Kristján Harðarson keppti í langstökki, hann stökk 7,09 m og komst ekki í úrslit. Tvær stúlkur tóku þátt í leikunum. Íris Grönfeldt keppti í spjótkesti og kastaði 48,70 m, sem ekki dugði til að komast í úrslit. Þórdís Gísladóttir var með í hástökinu, stökk 1,80 m,

sem ekki nægði til að komast í úrslit.

Seoul 1988

Sjö íslenskir frjálsíþróttamenn, 5 karlar og tvær konur tóku þátt í leikunum í Seoul. Árangur var ekki í samræmi við væntingar. Einar Vilhjálmsson náði lengst varð 13, í spjótkesti af 30 keppendum, kastaði 78,92 m. Sigurður Einarsson varð 27. í sömu grein kastaði 75,52 m. Vésteinn Hafsteinsson hreppti 18. sæti í kringlukasti með 58,94 m. Keppendur voru 29. Pétur

Guðmundsson varpaði kúlu 19,21 m og það nægði í 14. sæti. Eggert Bogason keppti í kringlukasti, en gerði öll sín köst ógild.

Helga Haraldsdóttir varð 29. í 400 m grinda-
hlaupi af 35 keppendum, hljóp á 58,99 sek. Íris Grönfeldt kastaði spjóttinu 54,28 m og það nægði í 26. sæti, en keppendur voru 28. Enginn íslenskur frjálsíþróttamaður komst í úrslit í Seoul, þó að litlu munaði hjá Einari og Pétri.

Barcelona 1992.

Sigurður Einarsson 5. í spjótkesti

Fjórir íslenskir frjálsíþróttamenn kepptu á Ólympíuleikunum í Barcelona. Þeir stóðu sig vel, en bestum árangri náði Sigurður Einarsson í spjótkesti, varð í 5. sæti og kastaði 79,50 m. - Einar Vilhjálmsson tók einnig þátt í spjótkastinu og lenti í 14. sæti, hann kastaði lengst 78,70 m.

Vésteinn Hafsteinsson komst í úrslit í kringlukastinu, kastaði 60,20 m í undankeppninni og varð 12. maður inn í úrslit. Þar varð hann 11. og kastaði lengst 60,06 m. - Pétur Guðmundsson varpaði kúlu 19,15 m og það nægði í 14. sæti. Í heildina náðist raunar mjög góður árangur íslenskra frjálsíþróttamanna á leikunum 1992.

Atlanta 1996.

Jón Arnar og Guðrún best

Á 100 ára afmælisleikum Ólympíuleika nútímans voru þrjú íslenskir frjálsíþróttamenn meðal þátttakenda. Guðrún Arnardóttir, Jón Arnar Magnússon og Vésteinn Hafsteinsson.

Guðrún tók þátt í 400 m grindahlaupi og sigraði í sínum riðli í undanrásunum á nýju íslensku meti, 54,88 sek. - Í undanúrslitum bætti hún nýsett met sitt og hljóp á 54,81 sek. Munaði sáralitlu að hún kæmist í úrslit. Tími Guðrúnar var 10. besti tíminn í undanúrslitum. Jón Arnar Magnússon varð 12. í tugbraut á nýju íslensku meti, hlaut samtals 8274 stig. Þá keppti Vésteinn í kringlukasti og kastaði 56,30 metra, en komst ekki í úrslit.

Frammistaða Íslendinganna í Atlanta var með miklum ágætum ekki síst frjálsíþróttafólksins. Hér lýkur þessu yfirliti um þátttöku Íslensks frjálsíþróttafólks á Ólympíuleikum frá 1912 til 1996.



Frá tugbrautakeppni Ólympíuleikanna 1948. 110 m grindahlaup. Frá v.: Rebello, Örn Clausen og Bob Mathias.



Frá Olympíuleikunum í München 1972. Bjarni Stefánsson lengst til vinstri kemur í mark í milliriðli 400 metra hlaupsins. Aðrir á myndinni eru Tadesse, Epíopi sem varð fimmti og Philips frá Venzúela sem varð sjöundi.



Heiðursviðurkenning

Froseti Alþjóðafriðsambandsins Dr. Primo Nebiolo sæmir Örn Eiðsson æðsta heiðursmerki sambandsins á þingi í Stuttgart 1986.

Landslið Íslands í Evrópubíkarkeppni í Luxemburg 1981. Efsta röð f.v.: Jón Döðricksson, Unnar Vilhjálmsson, Einar Vilhjálmsson og Friðrik Þ. Óskarsson. Miðröð: Örn Eirísson formaður FRI, Hreinn Halldórsson, Jón Ódasson, Hjörtur Gíslason, Þorvaldur Þórssón, Agúst Asgeirsson, Óskar Jakobsson, Oddur Sigurðsson, Guðmundur Þórarinnsson þjálfari og Sigurður Bjarnason varaformaður FRI. Fremsta röð: Sigurður Sigurðsson, Sigurður T. Sigurðsson, Gunnar Þ. Snorrason, Gunnar P. Jóakimsson og Sigurður P. Sigmundsson.



Úrslit í landskeppni Íslendinga 1948–1997

Hér á eftir fer skrá yfir þátttöku Íslendinga í landskeppni í tímaröð frá fyrstu landskeppni Íslendinga 1948 til ársins í ár. Fyrst er tekin landskeppni önnur en Evrópubikarkeppni og Kalottkeppni, þar næst Evrópubikarkeppni karla og kvenna, þá landskeppni í tugþraut og fimmtarþraut og síðast landskeppni í köstum.



Gunnar Páll Jóakimsson var um árabíl einn af okkar bestu milli-vegalengdarhlaupurum og keppti í fjölmörgum landskeppnum í öllum hlaupum frá 400 m til 5000 m. Hann snéri sér að þjálfun hlaupara, þegar keppnisferli lauk, með góðum árangri. Gunnar hefur unnið mikið starf í nefndum FRÍ, m.a. í skráningarnefnd og við gerð afrekaskrár.

Ísland – Noregur í Reykjavík 26. júní og 27. júní 1948

Úrslit í stigakeppni	
Noregur	92
Ísland	73

Ísland – Danmörk í Reykjavík 3. og 4. júlí 1950

Úrslit í stigakeppni:	
1. Ísland	108
2. Danmörk	90

Ísland – Noregur – Danmörk í Osló 28. og 29. júní 1951

Úrslit í stigakeppni:	
Ísland	110,5
Noregur	101,5
Ísland	113,5
Danmörk	98,5

Ísland – Holland í Reykjavík 20. og 21. júlí 1955

Úrslit í stigakeppni:	
1. Holland	111
2. Ísland	103

Ísland – Danmörk í Kaupmannahöfn 19. og 20. júlí 1956

Úrslit í stigakeppni:	
1. Ísland	108,5
2. Danmörk	102,5

Ísland – Holland í Vlaardingen og Rotterdam 22. og 24. júlí 1956

Úrslit í stigakeppni:	
1. Holland	111
2. Ísland	103

Ísland – Danmörk í Reykjavík 1. og 2. júlí 1957

Úrslit í stigakeppni:	
1. Ísland	116
2. Danmörk	95

Ísland – Danmörk í Randers 30. og 31. ágúst 1958

Úrslit í stigakeppni:	
Ísland	110
Danmörk	101

Ísland – Noregur A, B og C – Belgía – Danmörk í Osló 20. og 21. júlí 1960

Úrslit í stigakeppni:	
1. Noregur A	110
2. Belgía	85
3. Noregur B	78
4. Ísland	61
5. Noregur C	60
6. Danmörk	57

Ísland – Austur Þýskaland (B) í Schwerin 10. og 11. september 1960

Úrslit í stigakeppni:	
1. Austur Þýskaland	111
2. Ísland	71

Ísland – Noregur A, B og C – Austurríki – Danmörk í Osló 12. og 13. júlí 1961

Úrslit í stigakeppni:	
1. Noregur A	111
2. Noregur B	72
3. Austurríki	71
4. Danmörk	61,5
5. Ísland	54
6. Noregur C	50,5

Ísland – Austur Þýskaland (B) í Reykjavík 12. og 13. ágúst 1961

Úrslit í stigakeppni:	
1. Austur Þýskaland	110
2. Ísland	63

Ísland – Danmörk í Reykjavík 1. og 2. júlí 1963

Úrslit í stigakeppni:	
1. Danmörk	135
2. Ísland	77

Tugbrautarlandslið Íslands 1974. Frá vinstri: Vilmundur Vilhjálmsson, Karl West, Hafsteinn Jóhannesson, Guðmundur Þórarinnsson þjálfari, Elías Sveinsson og Páll O. Pálsson forstjóri.



Ísland – Vestur Noregur í Álasundi

6. og 7. ágúst 1963

Úrslit í stigakeppni:

1. Vestur Noregur	120
2. Ísland	81

Ísland – Vestur Noregur í Reykjavík

21. og 22. júlí 1964

Úrslit í stigakeppni:

1. Vestur Noregur	106
2. Ísland	95

Ísland – Skotland í Edinborg, Skotlandi

21. ágúst 1965

Úrslit í stigakeppni:

1. Skotland	91
2. Ísland	52

Ísland – Skotland í Reykjavík

18. og 19. júlí 1966

Úrslit í stigakeppni karla:

1. Skotland	114
2. Ísland	85

Úrslit í stigakeppni kvenna:

1. Skotland	36
2. Ísland	15

Ísland – Danmörk A og B – Noregur B – Svíþjóð B – Finnland B í Álaborg

6. og 7. september 1969

Úrslit í stigakeppni:

1. Finnland B	94
2. Danmörk A	93
3. Svíþjóð B	87
4. Noregur B	72
5. Danmörk B	50
6. Ísland	42

Ísland – Írland í Dublin

24. og 25. ágúst 1971

Úrslit í stigakeppni:

1. Ísland	22
2. Írland	27

Norðurlandabikarkeppni kvenna með þátttöku Vestur Þýskalands í Osló

25. júní 1974

Úrslit í stigakeppni:

1. Vestur Þýskaland	78
2. Svíþjóð	55
3. Finnland	54
4. Danmörk	48
5. Noregur	42
6. Ísland	16

Ísland – Írland í Reykjavík

5. og 6. ágúst 1974

1. Írland	108
2. Ísland	106

Ísland – Skotland í Reykjavík

19. og 20. ágúst 1975

Úrslit í stigakeppni:

1. Skotland	118
2. Ísland	94

Ísland – Skotland – Norður Írland í Edinborg, Skotlandi 21. og 22. ágúst 1976

Úrslit í stigakeppni:

Ísland – Skotland	78–124
Ísland – Norður Írland	109–93

Norðurlandabikarkeppni kvenna í Joensuu, Finnlandi 12. og 13. júní 1976

Úrslit í stigakeppni:

1. Finnland	73
2. Svíþjóð	61
3. Noregur	44
4. Danmörk	44
5. Ísland	14

Norðurlandabikarkeppni kvenna í Varberg, Svíþjóð 12. júlí 1980

Úrslit í stigakeppni:

1. Svíþjóð	61
2. Finnland	58
3. Noregur	53
4. Danmörk	33
5. Ísland	16

Ísland – Wales í Reykjavík

17. og 18. júlí 1982

Úrslit í stigakeppni:

1. Wales	108
2. Ísland	97

Norðurlandabikarkeppni kvenna í Reykjavík 17. og 18. júlí 1982

1. Noregur	43
2. Svíþjóð	43
3. Finnland	35
4. Ísland	28

Sex landa keppni í Edinborg 30. og 31. júlí 1982, Skotlandi

Úrslit í stigakeppni karla:

1. Skotland	91
2. Wales	89
3. Ísland	74
4. Norður Írland	70
5. Ísrael	63
6. Lúxemborg	44

Úrslit í stigakeppni kvenna:

1. Skotland	53
2. Ísland	45
3. Norður Írland	32
4. Ísrael	20

Ísland – Wales – Norður Írland – Holland í Swansea 26. ágúst 1984

Úrslit í stigakeppni:

1. Wales	207,5
2. Holland	198
3. Ísland	168,5
4. Norður Írland	159

Ísland – Lúxemborg í Reykjavík 1987

Úrslit í stigakeppni:

1. Ísland	109
2. Lúxemborg	92

Ísland – Skotland – Írland í Grangemouth 9. júlí 1988, Skotlandi

Úrslit í stigakeppni:

	Konur	Karlar
1. Skotland 288	129	159
2. Írland 232	104	123
3. Ísland 192	79	113

Ísland – Lúxemborg í Lúxemborg 4. og 5. september 1988

Úrslit í stigakeppni:

1. Ísland	124
2. Lúxemborg	74

Ísland – Lúxemborg – Lorraine Frakklandi og Emilia Romagna Ítalíu

1. Ísland	223,5
2. Lorraine	183,5
3. Lúxemborg	133
4. Emilia Romagna	128

Ísland – Írland – Skotland í Mosfellsbæ 1. og 2. júlí 1990

Úrslit í stigakeppni karla:

1. Skotland	141
2. Írland	136
3. Ísland	126

Úrslit í stigakeppni kvenna:

1. Írland	90
2. Ísland	69

Kast- og stökklandskeppni í Grimsby 19. ágúst 1990

Úrslit í stigakeppni:

1. Bretland	122
2. Spánn	101,5
3. Ísland	59,5



Kastlandslið Íslands sem sigraði Dani bæði í karla og unglíngaflokki 1978. Fremri röð unglíngalandsliðið f.v.: Vésteinn Hafsteinsson, Einar Vilhjálmsson og Óskar Reykdalsson. Aftari röð: Hreinn Halldórsson, Elías Sveinsson, Ólafur Unnsteinson þjálfari, Erlendur Valdimarsson og Óskar Jakobsson.

Fimm landa keppni í Grangemouth, Skotlandi 16. júní 1991

Úrslit í stigakeppni karla:

1. Skotland	70
2. Írland	64
3. Wales	62
4. Norður Írland	55
5. Ísland	51

Úrslit í stigakeppni kvenna:

1. Skotland	57
2. Wales	56
3. Norður Írland	51
4. Írland	50
5. Ísland	37

Fjölþrautlandskeppni

Landskeppni í tugþraut í Schwerin í Austur Þýskalandi

26. og 27. september 1967

Austur Þýskaland – Austurríki – Danmörk – Ísland

Úrslit í stigakeppni:

1. Austur Þýskaland	14885
2. Austurríki	14818
3. Danmörk	14149
4. Ísland	11315

Landskeppni í tugþraut í Reykjavík 26. og 27. júní 1972

Spánn – Bretland – Ísland

Úrslit í stigakeppni:

1. Spánn	13920
2. Bretland	13859
3. Ísland	13588

Evrópubikarkeppni í tugþraut í Reykjavík 11. og 12. ágúst 1973

Úrslit í stigakeppni:

1. Frakkland	22060
2. Belgía	20817
3. Holland	20613
4. Bretland	20588
5. Danmörk	20242
6. Ísland	19091

Evrópubikarkeppni í fimmtarþraut í Reykjavík 12. ágúst 1973

1. Frakkland	12374
2. Bretland	11966
3. Holland	11573
4. Ísland	9990

Landskeppni í tugþraut í Barcelona, Spáni 15. og 16. september 1973

Úrslit í stigakeppni:

1. Bretland	14320
2. Spánn	14184
3. Ísland	13741

Landskeppni í tugþraut í París 28. og 29. september 1974

Frakkland – England – Ísland

Úrslit í stigakeppni:

1. Frakkland	30712
2. England	27692
3. Ísland	26280

(3 fyrstu 19931)

Evrópubikarkeppni í tugþraut í Barcelona, Spáni 19. og 20. júlí 1975

1. Austur Þýskaland	22969
2. Frakkland	22689
3. Belgía	21696
4. Sviss	21310
5. Bretland	20314
6. Ísland	19766

Landskeppni í tugþraut í London 17. og 18. september 1977

Úrslit í stigakeppni:

1. Frakkland	20575
2. Bretland	20068
3. Ísland	19985

Evrópubikarkeppni í tugþraut í Kaupmannahöfn 30. og 31. júlí 1977

Úrslit í stigakeppni:

1. Noregur	20555
2. Danmörk	20379
3. Ísland	19882
Tékkósllovakía utan keppni	22715

Evrópubikarkeppni kvenna í fimmtarþraut í Kaupmannahöfn 30. og 31. júlí 1977

Úrslit í stigakeppni:

1. Noregur	11155
2. Danmörk	11136
3. Ísland	9871
Tékkósllovakía utan keppni	11154

Landskeppni í tugþraut í Frakklandi 16. og 17. september 1978

Úrslit í stigakeppni:

1. Sviss	21957
2. Frakkland	21256
3. Bretland	21025
4. Ísland	21004

Evrópubikarkeppni í tugþraut í Bremerhaven í Þýskalandi 14. og 15. júlí 1979

Úrslit í stigakeppni:

1. Vestur Þýskaland	22929
2. Frakkland	22545
3. Sviss	21991
4. Ísland	20800

5. Bretland	20735
5. Ítalía	20481

**Evrópubíkarkeppni í fimmtarbraut
kvenna í Bremerhaven í Þýskalandi
14. og 15. júlí 1979**

Úrslit í stigakeppni:

1. Vestur Þýskaland	13195
2. Frakkland	12469
3. Bretland	12446
4. Sviss	11663
5. Ítalía	11152
6. Ísland	10497

**Landskeppni í tugbraut Ísland – Bretland
í Reykjavík 8. og 9. september 1979**

Úrslit í stigakeppni:

1. Bretland	28169
2. Ísland	26210

(3 fyrstu 20252)

**Evrópubíkarkeppni kvenna í sjöbraut í
Madrid, Spáni, 4. og 5. júlí 1987**

Úrslit í stigakeppni:

1. Noregur	15419
2. Spánn	15360
3. Danmörk	15157
4. Grikkland	14628
5. Ísland	14386
6. Írland	12292

**Evrópubíkarkeppni í tugbraut í Vín
15. og 16. júlí 1989**

Úrslit í stigakeppni:

1. Spánn	22091
2. Austurríki	21730
3. Danmörk	21423
4. Belgía	20722
5. Ísland	20014

**Landskeppni í tugbraut, Ísland – Bretland
– Frakkland í Stoke, Englandi,
2. og 3. september 1989**

Úrslit í stigakeppni:

1. Bretland	22406
2. Frakkland	20954
3. Ísland	20486

**Evrópubíkarkeppni í tugbraut í Hasselt,
Belgíu, 10. og 11. júlí 1993**

Úrslit í stigakeppni:

1. Belgía	20063
2. Portúgal	20017
3. Ísland	19473
4. Írland	

**Evrópubíkarkeppni í sjöbraut í
Kaupmannahöfn 2. og 3. júlí 1994**

Úrslit í stigakeppni:

1. Ungverjaland	17154
2. Danmörk	15004
3. Portúgal	14854
4. Noregur	14014
5. Ísland	13775
6. Írland	13108

**Evrópubíkarkeppni í tugbraut í
Kaupmannahöfn 2. og 3. júlí 1994**

Úrslit í stigakeppni:

1. Portúgal	20846
2. Austurríki	20838
3. Danmörk	20702
4. Noregur	19575
5. Írland	15339
6. Ísland	6929

**Evrópubíkarkeppni í tugbraut í Reykjavík
1. og 2. júlí 1995**

Úrslit í stigakeppni:

1. Ísland	21354
2. Lettland	20216
3. Danmörk	20184
4. Írland	17472

**Evrópubíkarkeppni í sjöbraut í Reykjavík
1. og 2. júlí 1995**

Úrslit í stigakeppni:

1. Danmörk	15722
2. Ísland	14904
3. Írland	13880

**Evrópubíkarkeppni í tugbraut í Tallin,
Eistlandi 15. og 16. júlí 1996**

Úrslit í stigakeppni:

1. Eistland	24178
2. Spánn	23883
3. Rússland	23389
4. Austurríki	22200
5. Holland	22037
6. Finnland	21614
7. Hvíta Rússland	21506
8. Ísland	20892

**Evrópubíkarkeppni í tugbraut í Maribor,
Sloveníu 28. og 29. júní 1997**

Úrslit í stigakeppni:

1. Pólland	22941
2. Hvíta Rússland	22432
3. Ísland	22192
4. Danmörk	21574
5. Slóvenía	21529
6. Portúgal	20652
7. Ungmennalið Slóveníu	19566
8. Litháen	19276
9. Belgía	18679
10. Noregur	14462

Kastlandskeppni

Kastlandskeppni Ísland – Danmörk í Reykjavík 8. og 9. júní 1977

Úrslit í stigakeppni:

1. Ísland	27
2. Danmörk	17

Kastlandskeppni Ísland – Danmörk í Haderslev, Danmörku 24. og 25. júní 1978

Úrslit í stigakeppni:

1. Ísland	25
2. Danmörk	19

Kastlandskeppni Ísland – Ítalía í Reykjavík 11. ágúst 1979

Úrslit í stigakeppni:

1. Ítalía	23
2. Ísland	21

Kastlandskeppni Ísland – Ítalía á Palermó, Ítalíu 6. og 7. september 1980

Úrslit í stigakeppni:

1. Ítalía	26
2. Ísland	18

Úrslit í Evrópubikarkeppni karla

Dublin 24.–25. júní 1967

Úrslit í stigakeppni:

1. Belgía	115
2. Írland	98,5
3. Ísland	86,5

Reykjavík 5. og 6. júlí 1970

Úrslit í stigakeppni:

1. Finnland	81
2. Belgía	69
3. Danmörk	60
4. Írland	53
5. Ísland	37

Brussel 30. júní og 1. júlí 1973

Úrslit úr stigakeppni:

1. Noregur	105
2. Belgía	90
3. Holland	83
4. Danmörk	64,5
5. Ísland	42
6. Luxemborg	32,5

Lissabon 14. og 15. júní 1975

Úrslit úr stigakeppni:

1. Spánn	114
2. Svíss	110
3. Belgía	93
4. Holland	88
5. Portúgal	65
6. Ísland	46
7. Írland	43

Sölleröd 25. og 26. júní 1977

Úrslit í stigakeppni:

1. Portúgal	74
2. Írland	65
3. Danmörk	64
4. Ísland	54
5. Luxemborg	43

Luxemborg 16. og 17. júní 1979

Úrslit í stigakeppni:

1. Portúgal	74
2. Danmörk	65,5
3. Írland	54
4. Luxemborg	53,5
5. Ísland	51

Esch-sur-Alzette, Luxemborg 20. og 21. júní 1981

Úrslit í stigakeppni:

1. Danmörk	71
2. Tyrkland	69
3. Írland	64
4. Ísland	58
5. Luxemborg	37

Dublin, Írlandi 20. og 21. ágúst 1983

Úrslit í stigakeppni:

1. Noregur	83
2. Holland	63
3. Írland	57
4. Danmörk	49
5. Ísland	46

Reykjavík, Íslandi 10. og 11. ágúst 1985

Úrslit í stigakeppni:

1. Svíþjóð	79
2. Belgía	68
3. Danmörk	54
4. Írland	53
5. Ísland	45

Maia, Portúgal 27. og 28. júní 1987

Úrslit í stigakeppni:

1. Belgía	72
2. Portúgal	66
3. Írland	62
4. Noregur	60
5. Ísland	39

Dublin, Írlandi 5. og 6. ágúst 1989

Úrslit í stigakeppni:

1. Júgóslavía	72
2. Portúgal	69
3. Holland	68
4. Írland	53
5. Ísland	38

Viseu í Portúgal 22. og 23. júní 1991

Úrslit í stigakeppni:

1. Noregur	92
2. Portúgal	89
3. Holland	75,5
4. Danmörk	62
5. Írland	58,5
6. Ísland	41

Kaupmannahöfn, Danmörk 12. og 13. júní 1993

Úrslit í stigakeppni:

1. Danmörk	72
2. Lettland	65
3. Eistland	62
4. Litháen	58
5. Ísland	41

Dublin, Írlandi 11. og 12. júní 1994

Úrslit í stigakeppni:

1. Belgía	102
2. Holland	97
3. Portúgal	95
4. Írland	90
5. Litháen	77

6. Ísland	63
7. Smáþjóðaúrval	35

Tallinn, Eistlandi 10. og 11. júní 1995

Úrslit í stigakeppni:

1. Austurríki	109
2. Írland	100
3. Júgóslavía	99
4. Eistland	85
5. Ísland	72
6. Litháen	50
7. Smáþjóðaúrval	43

Oordegem, Belgíu 29. og 30. júní 1996

Úrslit í stigakeppni:

1. Belgía	93,5
2. Holland	92,5
3. Kýpur	91
4. Ísrael	64
5. Ísland	52
6. Smáþjóðaúrval	37

Óðinsvé, Danmörku 28. og 29. júní 1997

Úrslit í stigakeppni:

1. Slóvanía	125
2. Danmörk	115
3. Ísrael	115
4. Kýpur	107
5. Litháen	84
6. Smáþjóðaúrval	
7. Ísland	62
8. Armenía	30

Úrslit í Evrópubikarkeppni kvenna

Lyngby 30. júní 1973

Úrslit úr stigakeppni:

1. Finnland	66
2. Tékkóslavakía	62
3. Noregur	45

4. Danmörk	43
5. Írland	40
6. Ísland	16



Landsið Íslands í Evrópubikarkeppni í Odense 1997 ásamt þjálfurum og fararstjórum.

Söllerud, Danmörku 25. og 26. júní 1977

Úrslit í stigakeppni:

1. Noregur	49
2. Portúgal	35
3. Ísland	34
4. Grikkland	31

Dublin, Írlandi 17. júlí 1977

Úrslit í stigakeppni

1. Austur-Þýskaland	114
2. Stóra Bretland	106
3. Búlgaría	91
4. Holland	63
5. Austurríki	55
6. Írland	48
7. Danmörk	46
8. Ísland	21

Cwmbran, Wales 1. júlí 1979

Úrslit í stigakeppni:

1. Vestur-Þýskaland	109
2. Stóra Bretland	105
3. Ungverjaland	90
4. Frakkland	69
5. Júgóslavía	61
6. Austurríki	43
7. Danmörk	39
8. Ísland	23

Barcelona, Spáni 20. júní 1981

Úrslit í stigakeppni:

1. Spánn	44
2. Grikkland	44
3. Portúgal	34
4. Ísland	28

Dublin, Írlandi 20. og 21. ágúst 1983

Úrslit í stigakeppni:

1. Danmörk	47
2. Sviss	46
3. Írland	32
4. Ísland	30

Reykjavík, Íslandi 10. og 11. ágúst 1985

Úrslit í stigakeppni:

1. Noregur	49
2. Belgía	48
3. Írland	32
4. Ísland	30

Maia, Portúgal 27. og 28. júní 1987

Úrslit í stigakeppni:

1. Spánn	70
2. Belgía	59
3. Portúgal	41
4. Írland	35
5. Ísland	32

Dublin, Írlandi 5. og 6. ágúst 1989

Úrslit í stigakeppni:

1. Holland	71
2. Grikkland	54
3. Portúgal	51

4. Írland	40
5. Ísland	24

Viseu í Portúgal 22. og 23. júní 1991

Úrslit í stigakeppni:

1. Noregur	76
2. Portúgal	66
3. Austurríki	61
4. Danmörk	50
5. Írland	48
6. Ísland	34

Kaupmannahöfn, Danmörku**12. og 13. júní 1993**

Úrslit í stigakeppni:

1. Litháen	70
2. Danmörku	64
3. Lettland	53
4. Ísland	36
5. Eistland	30

Dublin, Írlandi 11. og 12. júní 1994

Úrslit í stigakeppni:

1. Holland	99
2. Belgía	88
3. Grikkland	76
4. Danmörk	74
5. Írland	62
6. Ísland	55
7. Smáþjóðaúrval	22

Tallinn, Eistlandi 10. og 11. júní 1995

Úrslit í stigakeppni:

1. Danmörk	97
2. Ísland	81
3. Írland	74
4. Eistland	72
5. Lettland	69
6. Júgóslavía	47
7. Smáþjóðaúrval	35

Bergen, Noregi 28. og 29. júní 1996

Úrslit í stigakeppni:

1. Rúmenía	101
2. Sviss	92
3. Pólland	89
4. Finnland	88
5. Svíþjóð	77
6. Noregur	69
7. Danmörk	56
8. Ísland	40

Óðinsvé, Danmörku 28. og 29. júní 1997

Úrslit í stigakeppni:

1. Holland	100
2. Danmörk	93
3. Ísland	62
4. Ísrael	57
5. Kýpur	53
6. Smáþjóðaúrval	30

Gunnar P. Jóakimsson

Kalottáratugurinn

Upphaf þátttöku Íslendinga í Kalottkeppni má rekja til ársfundar norrænu frjálsíþróttasambandanna í Gautaborg haustið 1971 þegar fulltrúar FRÍ þeir Örn Eiðsson og Þorvaldur Jónason náðu samkomulagi um aðild okkar að þessu samstarfi, sem hafði verið í gangi milli norðurhluta Noregs, Svíþjóðar og Finnlands um árabíl.

Fyrsta keppni með þátttöku okkar fór síðan fram í Mo í Rana í Noregi 1972. Ýmsir þættir í ferðatilhögun voru í nokkurri óvissu og urðu erfiðari en ráð var fyrir gert, m.a. átta stunda rútuferð að nóttu til frá Þrándheimi til Mo, alls tók ferðalagið til áfangastaðar fullan sólarhring.

Þrátt fyrir erfitt ferðalag stóð íþróttafólkið sig með miklum sóma og var strax ljóst að hér væri um að ræða keppni sem hæfði vel stórum hóp íslensks frjálsíþróttafólks t.d. keppti á þessari fyrstu Kalottkeppni í fyrsta sinn fullskipað kvennalandslið Íslands, sem varð í öðru sæti í keppninni og setti allmörg Íslandsmet.

Þátttakendur í þessari fyrstu keppni voru um 45. Í fararstjórn voru auk undirritaðs, sem átti því láni að fagna að vera þátttakandi í átta af þeim tíu skiptum sem við tókum þátt í Kalottkeppninni, Sigurður Helgason formaður útbreiðslunefndar FRÍ, Einar Gíslason framkvæmdastjóri FRÍ og Jóhannes Sæmundsson þjálfari.



Sigursveit Íslands í 4x400 m boðhlaupi í Tromsø 1975 ásamt Erni Eiðssyni formanni FRÍ. Sveitina skipuðu Erna Guðmundsdóttir, Lilja Guðmundsdóttir, Ingunn Einarsdóttir og Sigrún Sveinsdóttir.

Þrátt fyrir góðan árangur, jafna og skemmtilega keppni var strax ljóst að hér yrði um mjög fjárfrekt og erfitt verkefni að ræða, sem gæti jafnvel reynst þröngum fjárhag sambandsins um megn, var því tekin sú ákvörðun að fara ekki í keppnina 1973 sem var háð í Norður Finnlandi og hefði orðið mjög kostnaðarsöm.

Þó þessi ákvörðun hafi verið tekin vegna þessarar keppni var samt haldið áfram að finna fjárhagslegar leiðir til áframhaldandi þátttöku og næsta ár tók FRÍ flugvél á leigu og seldi í hana aukasæti til áhugasamra frjálsíþróttunnenda. Þessi háttur var síðan viðhafður í fjögur skipti af þeim átta ferðum sem farnar voru í þessu samstarfi, sama átti einnig við um ferðatilhögun hinna þátttökupjóðanna í þau tvö skipti sem keppnin fór fram hérna.

Kalottkeppnin var ávallt bæði hörð og jöfn þó Ísland og Norður Finnland hefðu ætíð nokkra yfirburði í heildarúrslitum. Fyrsti íslenski sigurinn vannst 1975 í Tromsø og í síðustu keppni sem við vorum þátttakendur í Alta 1983 vannst sigur bæði í kvennaflökki og sameiginlegri keppni, með þeirri keppni lauk þessu samstarfi, sem var á alla staði mjög ánægjulegt og árangursríkt og



Erlendur Valdimarsson tók þátt í Kalottkeppninni í öll skiptin. Hann átti lengi Íslandsmet í kringlukasti og sleggjukasti. Hann tók þátt í Ólympíuleikunum 1972.

víst er að frá því eiga allir þátttakendur góðar minningar.

Af þeim tæplega 200 íþróttamönnum sem komu við sögu Kalottkeppninnar voru allmargir sem settu áþreifanlega svip á keppni bæði með glæsilegum árangri og ekki síður með langri og árangursríki þátttöku.

Eftirtalið íþróttafólk sem oftast keppti fyrir Íslands



Guðrún Ingólfsdóttir keppti níu sinnum í Kalott. Hún var yngsti þátttakandi í fyrstu keppninni 1972. Guðrún átti lengi Íslandsmet í kúluvarpi og er núverandi methafi í kringlukasti.

Keppni í 110 m grinda-
hlaupi í Kalott. Íslensku
keppendurnir eru Þor-
valdur Þórsson Íslands-
methafi í 400 m
grindahlaupi og Hjört-
ur Gíslason.



Kalott

1972 Mo i Rana

	Karlar	Konur	Samtals
Ísland	163	123	286
N Noregur	162	91	253
N Svíþjóð	148	98	216
N Finnland	233	135	368

1974 Luleå

Ísland	174	104	278
N Noregur	139	133,5	272,5
N Svíþjóð	154	87	241
N Finnland	246	124,5	379,5

hönd og segja má að hafi lengst af verið kjöl-
festan í landsliði Kalottaráttugarins.

Erlendur Valdimarsson keppti á öllum 10
Kalottkeppnum einn Íslendinga en auk þessarar
löngu þátttöku var Erlendur ávallt í fremstu röð
í sínum greinum.

Guðrún Ingólfsdóttir og Ágúst Ásgeirsson
tóku þátt 9 sinnum, auk þess var Ágúst farar-
stjóri í síðustu keppninni.

8 sinnum kepptu þau Þórdís Gísladóttir, Ós-
kar Jakobsson og Hreinn Halldórsson.

7 sinnum kepptu þau Lára Sveinsdóttir, Lilja
Guðmundsdóttir, Friðrik Þ. Óskarsson, Jón Dið-
riksson, Gunnar P. Jóakimsson, Sigurður Sig-
urðsson og Sigfús Jónsson.

Öllu þessu frábæra keppnisfólki svo og öð-
rum þeim sem tóku þátt í Kalott eru hér með
færðar bestu þakkir fyrir þeirra hlut í ánægju-
legu samnorraenu samstarfi.


Úrslit Kalottkeppninnar er að finna í útgáfum
FRÍ á mótum árána 1972-1983 en hér á eftir
fylgja stigaúrslit.

1975 Tromsø

Ísland	206	122	328
N Noregur	162	139,5	301,5
N Svíþjóð	135,5	130,5	266
N Finnland	192,5	80	273,5



Ágúst Ásgeirsson keppti níu sinnum í Kalott. Ágúst átti
m.a. Íslandsmet í 1500 m hlaupi og 3000 m hindrunar-
hlaupi. Hann tók þátt í Olympiuleikum 1976.



Geirlaug B. Geirlaug-
dóttir keppti í Kalott
1980 aðeins 12 ára,
hún hefur lengi verið
einn besti spretthlaup-
ari landsins og á Ís-
landsmet í 4x100 m og
4x400 m boðhlaupum.

1976 Reykjavík

Ísland	179	138	317
N Noregur	156	131	287
N Svíþjóð	138	114	252
N Finnland	225	130	355

1977 Sotkamo

Ísland	164	138	302
N Noregur	168,5	124,5	293
N Svíþjóð	142,5	100,5	243
N Finnland	220	146	366



Tvöfaldur íslenskur sigur í Kalottkeppninni í Umeå 1978. Jón Diðriksson Íslandsmethafi í 1500 m, 5000 m og 3000 m hindrun kemur fyrstur í mark í 800 m hlaupi eftir harða keppni við Gunnar Pál Jóakimsson.

1978 Umeå

Ísland	186	154,5	340,5
N Noregur	153	118,5	271,5
N Svíþjóð	127	117,5	244,5
N Finnland	226	122,5	348,5

1979 Bodö

Ísland	207	138	345
N Noregur	130	112	242
N Svíþjóð	143	94,5	237,5
N Finnland	213	164,5	377,5

1980 Reykjavík

Ísland	207	155,5	362,5
N Noregur	153	102	255
N Svíþjóð	132	130,5	262,5
N Finnland	203,5	127,5	330

1982 Arvidsjaur

Ísland	169	158	327
N Noregur	155	128	283
N Svíþjóð	169	105	274
N Finnland	235	121	356

1983 Alta

Ísland	202,5	171	373,5
N Noregur	161,5	85,5	247
N Svíþjóð	163	121	283
N Finnland	207	134,5	335,5

Magnús Jakobsson

Fjölhæf íþróttakona

Ingunn Einarsdóttir var mjög fjölhæf íþróttakona, átti met í spretthlaupum, grindahlaupi og fimmtarbraut



25 ár í bikarkeppni FRÍ

Fríðrik Þ. Óskarsson á langan og sigursælan feril að baki, hann hefur keppt oftast í Bikarkeppni FRÍ en nokkur annað eða 25 sinnum alls.



Myndir af 15 mestu afreksmönnum Íslendinga í frjálsum íþróttum eru hér á blaðsíðum 55–69

Við val á þessum myndum var stuðst við eftirfarandi atriði. Að viðkomandi íþróttamaður hafi orðið Norðurlandameistari eða methafi, hlotið verðlaun á Evrópumeistaramóti, verið i einu af sex fyrstu sætum á Olympíuleikum og Heimsmeistaramóti eða komist í úrslit á Grand Prix mótum Alþjóða frjálsíþróttasambandsins.

Einar Vilhjálmsson

Einar Vilhjálmsson var annar af tveim bestu spjótökstur-um Íslands um árabil. Hann sigraði marga fræknustu spjótkastara heims á stórmótum, þó að ekki tækist það á ÓL og EM. Lengst náði Einar á hefðbundnum stórmótum á Ólympíuleikunum í Los Angeles, er hann var í sjötta sæti. Íslandsmet Einars Vilhjálmssonar í spjótkasti er 86,80 m.



Einar náði mjög góðum árangri á stigamótum (Grand Prix) Alþjóða frjáls-íþróttasambandsins, en þau mót hafa svipaðan styrkleika og Ólympíuleikar eða heimsmeistaramót. Hann keppti alls á 4 úrslitamótum en þar keppta átta stigahæstu að afloknum mótum sumarsins bestum árangri náði Einar 1985 er hann hafnaði í þriðja sæti. Einar varð bandarískur háskólameistari í spjótkasti árin 1983 og 1984.

Einar Vilhjálmsson tryggir sér 6. sætið á Ólympíuleikunum í Los Angeles 1984.

er fyrsti íslenski spretthlauparinn, sem kemst á alþjóðlegan mælikvarða í grein sinni. Það gerðist áramótinu í Osló árið 1946. Mörg glæsileg afrek fylgdu í kjölfarið, sem of langt er upp að telja, en þess skal þó getið, að hann varð Norðurlandameistari í 100 og 200 m hlaupi í Stokkhólmi 1949. Auk spretthlaupsins var Finnbjörn einnig snjall langstökkvari.




Finnbjörn Þorvaldsson með Konungsbikarinn, sem veittur var fyrir besta afrek á 17. júnimótinu í Reykjavík ár hvert.



Guðrún Arnardóttir

er í fremstu röð grindahlaupara í heimi um þessar mundir. Árangur hennar á stórmótum að undanförunu er mjög glæsilegur og er hún fyrsta íslenska konan sem komist hefur í úrslit á Grand Prix mótum alþjóðafriðsþróttasambandsins s.l. haust og hafnaði þar í 6. sæti. Íslandsmet hennar í 400 m grindahlaupi er 54,79 sek. Auk þess á Guðrún Íslandsmet í 100 m grindarhlaupi, 200 m hlaupi og boðhlaupum.



Gunnar Huseby

Mesti afreksmaður íslenskra frjálsíþrótta á síðari hluta fimmta áratugarins og byrjun þess sjötta var án nokkurs vafa Gunnar Huseby. Tvívegis Evrópumeistari í kúluvarpi og í síðara skiptið í Brüssel 1950 með ótrúlega yfirburði. Þar varpaði hann kúlunni 16,74 m sem var hans besti árangur. Aðrir sigrar hans voru fjölmargir, sem of langt yrði upp að telja.



Verðlaunahafar í kúluvarpi í Brussel 1950. Frá vinstri: Profeti Ítalíu 15,16 m, Huseby 16,74 m og Grigalka Rússlandi 15,14 m. Huseby varð 1,58 m á undan næsta manni á Evrópumeistaramótinu.

Haukur Clausen

var einn af bestu spretthlaupurum Íslands í lok fimmta áratugarins og byrjun þess sjötta. Hann varð m.a. Norðurlandameistari í 200 m hlaupi aðeins 18 ára gamall og nýju Íslandsmeti 21,9 sek. Síðar setti hann Norðurlandamet í sömu grein, hljóp á 21,3 sek. Hann var 5. í 100 m hlaupi á Evrópumeistaramótinu í Brüssel 1950.



Haukur Clausen sigrar á Norðurlandameistaramótinu í Stokkhólmi 1947 á 21,9 sek., annar er Tranberg Noregi á 22,0 sek. og þriðji Lundquist Svíþjóð 22,1 sek.

Hreinn Halldórsson

var ein mesta stjarna íslenskra íþróttaráttugnum. Lengst náði Hreinn á alþjóðlegum mótum, þegar hann varð Evrópumeistari í kúluvarpi í San Sebastián á Spáni árið 1977. Hreinn komst einnig í úrslit í kúluvarpi á Ólympíuleikunum í Moskvu 1980. Sigrar hans á öðrum alþjóðlegum mótum voru fjölmargir.



Hreinn Halldórsson
setur vallarmet á
Laugardalsvelli og
varpar kúlu 21,02 m.


Jón Arnar Magnússon

er mesti afreksmaður íslenskra frjálsíþrótta á 50 ára afmælisári Frjálsíþróttasambands Íslands. Íslandsmet hans í tugbraut, sett á þessu ári er 8470 stig og eitt besta tugbrautarafrek í heiminum á árinu. Hann vann bronsverðlaun í sjöbraut innanhúss bæði á Evrópumeistaramótinu og Heimsmeistaramótinu. Jón Arnar stendur nú á tindi afreka sinna og á eflaust eftir að gera betur á næstu árum.




Oddur Sigurðsson

eini núverandi Norðurlandamethafi okkar í karlaflokki. Árangur hans í 400 m hlaupi 45,36 sek. hefur staðið sem slíkur frá árinu 1984. Oddur keppti á tvennum Ólympíuleikum með góðum árangri. Hann var mikill keppismaður og var mættarstólpi í landsliði okkar í mörg ár.




Pétur Guðmundsson

var arftaki Hreins Halldórssonar í Kúluvarpinu og hefur borið höfuð og herðar yfir aðra kúluvarpara landsins á tíunda áratugnum. Sigrar hans eru margir og glæstir, en lengst náði hann með bronsverðlaunum á heimsmeistaramótinu innanhúss í Barcelona 1992. Íslandsmet Péturs í kúluvarpinu er 21,26 m



Náði góðum árangri á stórmótum auk 5. sætis á Olympíuleikunum í Barcelona, varð hann 6. á Heimsmeistarumótinu í Tokýó 1991 og í þriðja sæti í úrslitakeppni stigamóta Alþjóða frjálsíþrottsambandsins 1989, sama ár valdi „Track and Field News“ víðlesnasta frjálsíþróttatímarit heims þá Sigurð og Einar Vilhjálmsson besta spjótkastspár heims.



Sigurður kastar spjóti-
inu 80,34 m og tryggir
sér 5. sætið á Olympíu-
leikunum í Barcelona
1992.


Torfi Bryngeirsson

Það er nokkuð víst að einn mesti keppnismaður íslenskra íþróttahélfur verði Torfi Bryngeirsson. Torfi vann margar góða sigra á sínum, en lengst náði hann á Evrópumeistaramótinu í Brüssel, er hann varð Evrópumeistari í langstökki og stökk 7,32 m. Hann gat því miður ekki keppt í stangarstöckinu, því að það fór fram á sama tíma.



Vala Flosadóttir

skaust með miklum hraða upp á stjørnuhimin íþróttanna er hún varð Evrópumeistari í stangarstökki innanhúss í Stokk-hólmi 1996. Á heimsmeistaramótinu innanhúss 1997 varð hún í 8. sæti. Þá á hún heimsmet unglinga í greininni, 4,20 m. Vala er ung og á framtíðina fyrir sér.



Valbjörn Þorláksson


Sennilega hefur enginn íslenskur íþróttamaður átt lengri og farsælli feril en Valbjörn Þorláksson. Sigrar á íþróttamótum jafnt innanlands sem utan eru heit „legió“. Þrívígis tók Valbjörn þátt í Ólympíuleikum og náði lengst í Tokyo 1964, en hann varð tólfíti í tugþraut. Þá var hann Norðulandameistari í sömu grein árið eftir.



Vilhjálmur Einarsson

Það leikur vart á tveim tungum, að Vilhjálmur Einarsson er sá íslenskur íþróttamaður, sem náð hefur lengst og sýnt mest öryggi og keppnisskap á stórmótum. Eins og allir vita varð hann silfurverðlaunamaður í þrístökki í Melbourne 1956. Þá hlaut hann brons á Evrópumeistaramóti í Stokkhólmi 1958, fimmta sæti á Olympíuleikunum í Róm 1960 og loks 6. sæti á Evrópumeistaramóti í Belgrad 1962. Hann náði auk þess frábærum árangri á fjölmörgum öðrum stórmótum, t.d. í hástökki án atrennu. Íslandsmet hans í þrístökki, 16,70 m virðist ekki vera í neinni hættu ennþá, enda árangur sem gildir á stórmótum í dag, þó að afrekið hafi verið unnið fyrir 37 árum.


Vilhjálmur í silfurstökk-
inu í Melbourne.




Vilhjálmur og da Silva,
olympiumeistarinn sem
stökk 16,35 m, eftir
verðlaunaafhending-
una í Melbourne.

Örn Clausen

Ísland hefur oft átt tugbrautarmenn í fremstu röð í heiminum. Sá, sem fyrstu vakti heimsathygli var Örn Clausen en hann tók í fyrsta sinn þátt í tugbraut á Ólympíuleikunum í London 1948 þá aðeins 19 ára og varð 12. á nýju Íslandsmeti. Tveimur árum síðar hlaut hann silfurverðlaun á Evrópumeistaramótinu í Brüssel eftir harða og eftirminnilega keppni við Frakkann Ignace Heinrich. Ótrúlegur afreksmaður, sem hætti alltof snemma.






Sjúkravörur



Ue s r t s un



USTU KKI HF.
r r n 2 -Sm 5 2 11

Minningar frá Landshlaupi FRÍ 1979

Árið 1974 var þess minnst að 1000 ár voru liðin frá upphafi Íslandsbyggðar. Einn liður í hátíðarhöldunum er tengdust þessum tímamótum var boðhlaup sem Íþróttasamband Íslands efndi til frá Ingólfshöfða til Reykjavíkur sem var nálægt 450 km leið.

Ég var þá formaður útbreiðslunefndar FRÍ og með mér í nefndinni var m.a. Þorsteinn Einarsson, þáverandi íþróttafulltrúi ríkisins.

Skömmu eftir hlaupið færði ég það í tal við Þorstein að gaman væri að efna til boðhlaups umhverfis landið sem þá var fyrst framkvæmantlegt vegna opunar hringvegarins sem einnig var liður í hátíðarhöldunum þetta ár.

Ekki varð þó neitt af framkvæmdum fyrr en á stjórnarfundum FRÍ þegar ég bar fram tillögu þess efnis.

Samþykkt var að vísa tillögunni til ársþings FRÍ sem haldið var 1978, en á því þingi var tillagan samþykkt.

Ekki var laust við að mörgum fyndist áætlun þessi all glæfraleg einkum vegna þess að hlaupa átti dag og nótt. En tillagan var þó samþykkt og fól stjórn FRÍ mér skömmu síðar framkvæmd hlaupsins í samvinnu við heimaáðila, íþrótt- og ungmennafélög um land allt.

Þá strax hófst undirbúningurinn sem stóð í meira en hálfu ári. Leið sú sem hlaupa átti um var mæld nákvæmlega með hjálp Vega-

gerðar ríkisins og reyndist hún vera 2500 km. Gert var ráð fyrir að hver hlaupari hlupi 1 km að meðaltali. Af þeim sökum prófaði ég fjölda fólks, þjálfað og óþjálfað, og komst að þeirri niðurstöðu að meðalhraði hlaupara yrði 12 km/klst. Heimaáðilum var síðan sent kort er sýndi leið þá sem hlaupa átti ásamt tímaáætlun. Þeim var falið að skipuleggja hlaupið innan þeirra félagssvæis og þeir hvattir til að hafa viðhöfn við sýslu- og bæjarmörk.

Boðað var til fundar snemma vors 1979 með fulltrúum þátttökuaðila til að fara yfir ýmis atriði er snerti hlaupið ekki síst þau atriði er snerti öryggi hlauparanna og að jafnan væri læknishjálpar ekki langt undan ef slys bæri að höndum. Sem betur fer þurfti aðeins einu sinni að kalla til lækni en við skoðun reyndist allt vera í lagi.

Ákveðið var að fulltrúar FRÍ myndu fylgja

hlaupurunum alla leið og voru til þess valdir auk mín Örn Eiðsson form., Sigurður Björnsson varaform., Magnús Jakobsson, Hreinn Erlendsson og Kristinn Sigurjónsson er öku sérmerktum bilum.

Ýmsar leiðir voru farnar til að fjármagna hlaupið. Fjárhagur Frjálsíþróttasambandsins stóð illa um þessar mundir og séð var að kostnaður heimaáðila yrði mikill. Búin voru til rúðumerki til að fjármagna kostnað heimaáðila og á síðustu stundu var ákveðið að gera samning við Morgunblaðið um að styrkja hlaupið gegn því að hlauparar bæru merki blaðsins. Þessi ákvörðun mæltist misjafnlega fyrir og var mótmælt af nokkrum héraðssamböndum. En á þetta var sæst að lokum og voru hlauparar látnir ráða því hvort þeir báru auglýsingar eða ekki.

Daginn áður en haldið var af stað var Þingeyingum tilkynnt að ekki yrði hægt að hlaupa um Hólssand niður í Keldnahverfi eins og fyrirhugað var vegna aurbleytu. Þessi ákvörðun varð N-Þingeyingum mikil vonbrigði, en þeir tóku henni með skilningi og völdu aðra leið sem tók sama tíma og áætlað var. Að kvöldi 16. júní taldi ég að allt væri tilbúið. Ég var í senn spennur og kvíðinn vegna þess að hér var um frumraun að ræða sem gat brugðið til beggja vona, um að myndi takast.

Ekki svaf ég mikið þessa nótt en kl. 13:30 var ég mættur við Laugardalsleikvanginn til að fylgja hlaupurunum fyrsta áfangann.

Ekki var veðrið sem best, SV-kalsi og súld. Á Laugardalsvelli fór fram athöfn sem Örn Eiðsson form. FRÍ stýrði. Að loknu ávarpi hans og Sigurjóns Péturssonar forseta bæjarstjórnar afhenti Örn, Gísla Halldórssyni forseta ÍSí boðhlaupskeflið sem listamaðurinn Halldór Sigurðsson í Miðhúsum hafði smíðað og skorið út. Keflið var holt að innan og hafði að geyma kveðju frá forseta Íslands, Kristjáni Eldjárn. Gíslu flutti stutt ávarp en afhenti síðan borgarstjóranum í Reykjavík, Agli Skúla Ingibergssyni keflið sem hljóp fyrstu 200 metrana. Við keflinu tók síðan Úlfar Þórðarson form. ÍBR sem afhenti það Eiríki Tómassyni sem síðan rétti það Rúnari Bjarnasyni og hlupu þeir allir 200 metra á hringbraut Laugardalsvallar.



Sigurður Helgason var formaður útbreiðslunefndar FRÍ í 18 ár frá 1966 til 1984. Á þessum árum var mikil útbreiðsluaukning og bryddað upp á mörgum nýjungum, tekið var upp viðtækt samstarf við skóla landsins, víðamesta verkefnið á því sviði var þrjúbraut barnblaðsins Æskunnar og FRÍ sem náði til þúsunda skólabarna á hverju ári. Sigurður kom einnig á samstarfi við mótshaldara Andrésar Andarleikanna í Kongsberg í Noregi og fóru þangað árlega bestu unglingar okkar sem stóðu sig ávallt vel. Afrakstur þessa mikla útbreiðslustarfs og stóruorku þátttöku í frjálsum íþróttum og fram kom íþróttafolk sem margt átti eftir að gera garðinn frægan bæði sem Íslandsmeistarar og methafar. Þrjúbraut FRÍ sem þátttaka á Andrésar Andarleikunum féll niður um tíma eftir 1985 en þrjúbrautin var endurvakin aftur 1990 og eru sigurlaun hennar keppnisferð á Eyarsundsleikana í Helsingborg og á þann hátt sameinuð þau tvö stórverkefni sem Sigurður var aðalhvatamaður að. Sigurður var kjörinn heiðursfélagi FRÍ 1984 þegar hann lét af störfum sem formaður útbreiðslunefndar.



Merki Landshlaupsins 1979 var teiknað af Þorvaldi Jónassyni stjórnarmanni FRÍ.

Við norðurhlið vallarins tók síðan fyrsti íþróttamaðurinn við keflinu. Hlaupið var hafið. Leiðin lá nú niður í miðborgina en hlaupið átti að vera liður í þjóðhátíð Reykvíkinga. Þegar þangað kom sást varla nokkur hræða á ferli og var sem veðrið hafi valdið því. Við Fossvogslæk tók við hópur íþróttafólks úr UMSK sem skiluðu keflinu til Hafnfirðinga sem hlupu með það að Grindavíkurfleggjara. Þegar þangað kom vorum við talsvert á undan áætlun, enda voru í sveit Hafnfirðinga margir þekktir íþróttagarpar. Það kom þó ekki að sök því að Grindvíkingar voru mættir og hlupu áleiðis til Grindavíkur. Þar leiðrétti ég tímunn með því að láta þá hlaupa nokkra hringi á hafnarsvæðinu en síðan var haldið til móts við liðsmenn Skarphéðins sem biðu með fána sína við sýslumörkin.

Áfram var haldið og þurfti ég öðru hvoru að gefa merki um að of greitt væri hlaupið. Kl. 1.20 um nóttina var hlaupið fram hjá Hveragerði eins og áætlað var. Þar var kominn saman hópur fólks enda þjóðhátíð í fullum gangi þar í bæ. Að Selfossi komum við svo kl. 2.10 og þar var margmenni á götum sem fagnaði hlaupurunum ákaft. Þar tók Hreinn Erlendsson við stjórninni og ég horfði á eftir liðinu austur þjóðveginn út í nóttina.

Ég vaknaði snemma morguns eftir væran svefn hjá heiðurshjónum á Selfossi. Kl. 11.25 áttu hlauparar Skarphéðins að skila keflinu til V-Skaftfellinga við sýslumörk og Sigurður Björnsson að taka við stjórninni. Við vorum með talstöðvar í bílum okkar og reyndi ég að ná sambandi við hann en án árangurs. Þegar ég loks náði honum kom í ljós að talstöðin var biluð og vorum við án fjarskipta það sem eftir var.

Kl. 20.10 þann 18. júní tók ég aftur við stjórn hlaupsins á Kirkjubæjarklaustri og átti ég fyrir höndum að aka í fyrsta gir í rúma 16 klst. með hlaupurum úr Vestur- og Austur-Skaftafellssýslum. Þegar komið var að merkjasteini á sýslumörkum á Skeiðarársandi rétt fyrir miðnætti sáum við ekkert til Austur-Skaftfellinga enda vorum við á undan áætlun. Ekki vildu vestanmenn sækja austur yfir landamærin en hlupu í þess stað með keflið um sandinn til að halda á sér hita því nóttin var hrollköld.



Brátt sást til mannaferða og var þar kominn sýslumaður þeirra austan manna með liðsöfnuð nokkurn. Hjúp hann fyrsta sprettinn en síðan tóku við íbúar Öræfasveitar. Þeirra hlutur var mikill. Sveit þeirra var skipuð aðeins 25 manns en þeir þurftu að hlaupa 70 km. Margir

hlupu allt að 4 km og sumir oftast en einu sinni. Þegar í Suðursveit kom var uppi fótur og fit. Hvarvetna við bæi voru heilar fjölskyldur sem biðu eftir því að fá að taka þátt í hlaupinu þó að um miðja nótt væri. Helmingur hreppsþúa mun hafa tekið þátt í hlaupinu.

Að vegamótum við Höfn var komið kl. 12.45 þann 19. júní. Þar var margt um manninn en Hreinn sá ég hvergi, en hann átti að taka þar við stjórninni. Ég hélt því áfram yfir Almansskarð og inn Lón. Við rætur Lónsheiðar náði Hreinn mér og fylgdi Austfirðingum sem tóku við keflinu á sýslumörkum kl. 16.30. Þarna urðu þau leiðu mistök að Austur-Skaftfellingar mættu með fána sína við sýslumörk í Hvalnesskriðum fullvissir um að þangað kæmu Austufirðingar. Ég fékk hins vegar boð frá þeim að koma yfir Lónsheiði og varð því fátt um kveðjur. En á Lónsheiði gerðist aftur á móti sá skemmtilegi atburður að hreindýr fylgdi hlaupurunum góðan spöl og virtist hafa gaman af.

Kl. 02.25 þann 20. júní voru Austfirðingar komnir í Breiðdalsvík og tók Sigurður Björnsson þar við stjórninni. Hlaupið gekk mjög vel en sífellt þurfti að gæta að hraðanum. Á Fagradal náði ég Sigurði og tók við. Til Egilsstaða var komið kl. 13.00 og var þar mikill fjölmenni saman komið. Einnig var mikill mannfjöldi á Lagarfjósbrú en þar eru sýslumörk Suður- og Norður-Múlasýslu. „Þar var mikill viðbúnaður þegar „faðir keflisins“ Halldór í Miðhúsum afhenti það Gisla Helgasyni fráfarandi hreppstjóra Fellamanna á miðri brúnni og var það síðasta embættisverk Gisla að koma þessum merkisgrip yfir í umdæmi sitt“ segir í skýrslu frá ÚÍA um hlaupið.

Norðmýlingar hlupu nú af stað og fóru geist. Leið ekki langur tími uns þeir voru orðnir um klst. á undan áætlun. Tímamismunur þennan leiðréttu Jökuldælingar síðan með því að hlaupa góðan spöl til baka handan Jökulsár. Við Skjöldólfsstaði tók Hreinn við stjórninni á sýslumörkum Norðurmúlasýslu og Norður-Þingeyjarsýslu á Biskupshálsi. Þá höfðu félagar úr ÚÍA hlaupið alls 371 km með keflið.

Talsverður mannfjöldi var við sýslumörkin og fánaborg vegleg. Ekki voru allir ásáttir um hvar sýslumörkin væru og er því lýst svo í skýrslu ÚÍA.

„Lengi hefur ekki verið á hreinu hvar sýslumörkin eru á þessum slóðum, enda fátt um kennileiti og melöldurnar í Biskupshálsinum hver annari líkar. Glöggir bændur af Jökuldal höfðu þá haft það af að hrekja Þingeyinga ca. 100–200 metra til baka, frá þeim stað sem þeir ætluðu að taka við keflinu, og höfðu þá engan sýslumann í sínu liði.“

Að lokinni athöfn buðu hjónin á Grímsstöðum öllum viðstöddum í kaffiveislu og var þá kominn nýr dagur, 21. júní.

Veður hafði nú breyst til hins betra og fengu Norður-Þingeyingar gott veður yfir Myvatnsöræfin í fylgd Sigurður Björnssonar fararstjóra. Flestir þeirra voru langt að komnir, því þeir urðu að fara á einkabílum sínum fyrir Tjörnes og um

Greinarhöfundur á æfingu fyrir hlaupið

Húsavík að sýslumörkum eða allt að 160 km leið til að taka þátt í hlaupinu. Á þessari leið vann Aðalbjörn heitinn Gunnlaugsson skólastjóri í Lundi það afrek að fara á hækjum sínum eina 500 metra en hann var nær lamaður upp að mitti.

Í Námaskarði tóku S-Þingeyingar við keflinu og hlupu með það sunnan við Mývatn, niður Reykjadal og Aðaldal, suður Kinn, inn Ljósa- vatnsskarð og norður Fnjóskadal inn Dalsmynni til Eyjafjarðar. í Reykjadal hljóp elsti þátttakandi hlaupsins Grímur Hólmgeirsson frá Vallakoti 89 ára gamall.

Skömmu síðar tók ég við stjórninni af nafna mínum og fylgdi rösku íþróttafólki Suður-Þing- eyinga að Garðsvík á Svalbarðsströnd þar sem Akureyringar tóku við keflinu kl. 17.05 þann 21. júní.

Kl. 19.00 var hlaupið um Ráðhústorg á Akur- eyri. Þar var mikill mannfjöldi saman kominn og mikill hátíðarbragur yfir öllu. M.a. annars lék lúðrasveit meðan forseti bæjarstjórnar hljóp hring um torgið með keflið. Við bæjarmörkin sáu skátar um fánahyllingu og var þar einnig margmenni. Þar tóku Eyfiðingar við keflinu og hlupu undir stjórn Arnar Eiðssonar formanns F.R.Í. til móts við Ólafsfirðinga sem biðu á svokölluðu „plani“ á Múlavegi tilbúnir í slaginn kl. 23.50.

Um Ólafsfjörð var svo hlaupið skömmu eftir miðnætti 22. júní og voru flestir bæjarbúar á ferli til að fylgjast með sínum mönnum. Þeir skil- uðu síðan keflinu til Skagfirðinga á sýslumörk- um á Lágheiði kl. 01.45. Vegna aurbleytu var ekki fært yfir heiðina á venjulegum bílum og varð Örn því að snúa við en Skagfirðingar hlupu einir alla nóttina eða þar til ég kom til móts við þá í Varmahlíð rétt fyrir hádegi. Að næstu sýsl- mörkum var komið kl. 12.55 og fór þar fram sýslumannaboðskipting eins og hún gerist best.

Til Blönduóss voru Austur-Húnavetningar komnir kl. 15.50 og Vestur-Húnavetningar tóku við keflinu við sýslumörk kl. 17.20. Þá tók nafni minn við stjórninni að Brú í Hrutafirði, en þang- að var komið kl. 23.15.

Það kom því í hlut Strandamanna að hlaupa næstu nótt. Framundan var einn erfiðasti kafli leiðarinnar vegna þess að síðasti hluti hennar var ekki fær nokkru farartæki. Þeir héldu samt ótrauðir af stað í fylgd Arnar Eiðssonar á móti norðan strekkingi og slyddu. Ekki var laust við að um mig færi hrollur og nokkur kvíði þegar ég horfði á eftir þeim.

Við Sigurður Björnsson ókum að Laugum í Dalasýslu til hvíldar en þeir Magnús Jakobsson og Kristinn Sigurjónsson ætluðu að taka á móti síðustu boðhlaupurum Strandamanna á Þorska- fjarðarheiði kl. 11.30 daginn eftir. Ekki tókst þó betur til en svo að þeir sátu fastir í snjó á heið- inni hvað eftir annað og náðu ekki hlaupurun- um fyrr en við Kirkjuból í Langadal og voru þá Djúpverjar teknir við en Strandamennirnir komnir heim til sín. En af þeim er annars það að segja að ferðin inn Strandirnar gekk seint í



Kornungur drengur, einn þátttakenda hlaupsins 1979, stillir sér upp til myndatöku fyrir greinarhöfund. Keflið sem drengurinn heldur á og var notað í hlaupinu er nú varð- veitt á Þjóðminjasafn- inu.

fyrstu en þegar komið var í Bitrufjörð minnkaði úrkoman og birta tók af degi.

Á Ennishálsi var hlaupið í snjó en það kom ekki í veg fyrir að tímamörk öll stóðust. Kl. 9.00 að morgni 23. júní var komið til Hólmavíkur. Síðan var haldið upp Staðardal eins langt og fært var á jeppa. Þegar hann festist í snjóskafli var ekki um annað að ræða en að skilja hann eftir. Síðustu 5 km hlupu þeir Jón Ólafsson kennari á Hólmavík og Pálmi Sigurðsson bóndi á Klúku eftir merktum slóða í áttina að Þjóðveg- inum yfir Þorskafjarðarheiði. Nokkuð dimm hrið var á heiðinni og því ekki auðratað. En þeir fé- lagar notuðu gömlu vörðurnar við slóðann sem vegvísi og örkuðu snjóinn víða upp í hné. Þrátt fyrir það komu þeir á réttum tíma til móts við Djúpmenn sem létti stórlega þegar þeir sáu þá félagar koma skokkandi út úr hriðarmuggunni.

Þeim Djúpverjum miðaði hratt áfram á sínu svæði með aðstoð frá Bolungarvík og Súðavík. Þegar ég loks náði sambandi við fylgdarliðið af Klettshálsi á leið í Flókalund varð kona ein fyrir svörum og sagði að allt gengi vel með þeirri undantekningu að hraðinn væri of mikill, helsti þyrfti að binda stein aftan í hlauparana til að halda aftur af þeim.

Ísfirðingar tóku við keflinu í Ögri kl. 19.40 þann 23. júní.

Þeir komu með keflið til Ísa- fjarðar kl. 3 næstu nótt, sem var Jóns- messunótt. Þar tóku við öflug- ir skiðamenn þeirra Ísfirð- inga og hlupu með keflið að sýslumörkum á Breiðadal- heiði sem var snævi þakin og hálf ófær bíl- um. Þar beið Jón Guðjóns- son form. H.V.Í. með sveit sína sem brunnaði niður



Oft þurftu hlaupararnir að leggja töluvert á sig til að komast leiðar sinnar. Myndin talar sínu máli.

af heiðinni sem af tók. Þeir Kristinn og Magnús höfðu þegar hér var komið haft vaktaskipti og fylgdi sá síðarnefndi þeim Vestur-Ísafirðingum að sýslumörkum, en þangað komu þeir á tilsettum tíma kl. 14.25 þann 24. júní. Þrátt fyrir að þeir þyrftu að hlaupa yfir þrjá fjallgarða. Tóku nú við hlauparar frá ýmsum stöðum í Vestur-Barðastrandarsýslu og man ég vel eftir börnum og unglingum sem komu með rútu alla leið frá Patreksfirði til að hlaupa að sýslumörkum og um hluta Múlahrepps sem þá var kominn í eyði. Til stóð að sérstök sérsveit frá F.R.Í. hlypi um þessa eyðibýggð. En þessir kátu krakkar sáu um að sú aðstoð var óþörf og einnig íbúar hins fámenna Gufudalshrepps sem skiluðu keflinu að Bjarkarlundi kl. 4.05 um nóttina. Þá komu félagar úr UDN til sögunnar en við Kristinn höfðum verkaskipti.

Við Gljúfurá sem skiptir löndum Dalamanna og Snæfellinga hittust sveitir þessara byggða kl. 13.00 þann 25. júní. Var þar fánaborg mikil og móttökur virðulegar. Þar tók Sigurður Björnsson við stjórninni. Snæfellingum fannst hlutur sinn eðlilega of lítill eða aðeins 50 km leið um Heydal að Hítará. Sé ég enn eftir því að hafa ekki samþykkt tillögu þeirra um að hlaupa um Kerlingarskarð sem hefði verið leikur einn.

Borgfirðingar biðu við Hítará og tóku með viðhöfn á móti Snæfellingum.

Kl. 17.10. Þeir hlupu greitt og leyfðu sér að taka á sig tvo króka, annan þeirra í þeim tilgangi að heilsa upp á Snorra Sturluson í Reykholti, án þess að það hefði áhrif á tímaáætlun. Við Magnús Jakobsson, sem báðir erum Borgfirðingar, tókum við stjórninni frá Kleppjárnsreykjum til Reykjavíkur. Hann hljóp sinn sprett fyrir framan æskuheimili sitt að Hömrum í Reykholtaldal en ég hljóp fram hjá Fosstúni í Bæjarsveit og yfir Grímsárbrú í minningu um bróður minn sem þar bjó eitt sinn.

Að sýslumörkum í Botnsdal komu Borgfirðingar á tilsettum tíma kl. 3.05 aðfararnótt 26. júní. Þá voru aðeins 63 km eftir af hlaupinu. Kampakátir Kjal-nesingar tóku þar við og hlupu áleiðis að markinu. Margir biðu hlauparanna með eftirvæntingu. Í Kollafirði beið fólk í bílum

sínum við veginn til að fylgjast með hlaupinu. Síðan fjölgaði fólki stöðugt og þegar við komum að borgarmörkum Reykjavíkur var þar mikið fjölmenni. Þar var mikil fánaborg og lúðrasveit lék. Reykvíkingar tóku nú við keflinu og hlupu þá 7 km sem eftir voru í mark. Vegna gífurlegrar umferðar var erfitt að komast áfram en með góðri aðstoð lögreglu tókst það. Ólafur Unnsteinsson kom með keflið inn á Laugardalsleikvanginn en síðasta spölinn hljóp in aldna frjálsíþróttakempa Jóhann Jóhannesson og fór vel á því. Honum var fagnað ákaft af hinum fjölmörgu áhorfendum sem beið höfðu þessa viðburðar í áhorfendastúkunni. Kl. var 8.23 að morgni 26. júní og voru tæpir 10 sólarhringar liðnir frá því hlaupið hófst á sama stað.

Að loknum ávörpum var Þór Magnússyni þjóðminjaverði afhent keflið til varðveislu og þar með lauk þessu ævintýri, en eftir lifir minningin ein.

Ég hef með vilja sleppt að nefna nema örfá nöfn þeirra 5600 sem þátt tóku. Allt þetta fólk átti það sameiginlegt að taka þátt í hlaupinu af ánægjunni einni saman þó að sumir hafi þurft að leggja á sig mikið erfiði þess vegna. Þetta boðhlaup er eitt hið lengsta sem kunnugt er um í heiminum. Elsti þátttakandinn var eins og fyrr sagði 89 ára en sá yngsti 11/2 árs sem hljóp 85 m á Vestfjörðum.

Undirbúningur og framkvæmd hlaupsins sem ungmenna- og íþróttafélög um land allt önnuðust var líka afrek. Við sem stjórnuðum hlaupinu nutum víða gestrisni sem við gleymum seint. Eitt af því sem vakti sérstaka athygli mína var það hversu vel fólk var á sig komið líkamlega, sama hvort það hafði stundað reglulega þjálfun eða ekki. Það var líka úr hinum ólíkustu stéttum þjóðfélagsins. Sumir mættu til leiks klæddir íþróttabúningum aðrir komu beint frá vinnu sinni eins og þeir voru klæddir. Einn fararstjórinn orðaði það svo að aðeins hefði vantað konu í peysufötum og klerk í hempu. Með svo almennri þátttöku gerði fólk í landinu þetta hlaup að sínu.

Sigurður Helgason

Mestu varðar að grunnstarfið sé vel unnið

Á tímamótum er oft staldrað við, umhverfið metið, lítið yfir farinn veg og hugað að framtíð.

Staða íslenskra frjálsíþróttar er um margt önnur en fyrr í heimi ört fjölgandi íþróttagreina og tiskusveiflna í þeim. Þrátt fyrir þetta hafa frjálsar íþróttir bæði vaxið og þróast að eðli og umfangi, nýjar greinar hafa haslað sér völl, aukin breidd í aldursflokkum og ekki hvað síst gífurleg aukning í almenningsíþróttum.

Allt þetta og margt fleira kemur upp í hugann þegar staða frjálsíþróttar almennt er metin. Ekki má gleyma síaukinni samkeppni við aðra tómsundaíðju og hvers kyns afþreyingu í nútíma þjóðfélagi. Lítil hættu er þó á því, að frjálsar íþróttir bíði nokkurn tímann lægri hlut í þessari samkeppni, ef haldið verður áfram því markvissa uppbyggingastarfi, sem góðu heilli hefur ætíð verið unnið víðsvegar um landið af ötulum áhugamönnum íþróttarinnar.

Frjálsar íþróttir hafa ávallt haft nokkra sérstöðu hér á landi. Sem dæmi má nefna samfellda þátttöku á Ólympíuleikum allt frá árinu 1936. Þrátt fyrir það að ýmsum hafa þótt ríkja stöðnun og afrek ekki alltaf í takt við framþróun í íþróttinni, hefur hér ætíð verið afreksfólk, sem fyllilega er gjaldgengt til keppni á alþjóðlegum mótum.

Í dag er staðan sú, að við eigum nokkurn hóp íþróttafólks í fremstu röð í heiminum og enn gleðilegri er að sjá í þeim hópi unga einstaklinga, sem örugglega eiga eftir að feta í fótspor þeirra, sem gert hafa garðinn frægan í fortíð og nútíð.

Oft hefur verið rætt um aðstöðu eða aðstöðuleysið hér á landi. Skal ekki fjölýrt um þann þátt hér, en fullyrða má þó, að afreksfólk okkar hefði varla náð svo langt, sem raun ber vitni, nema fyrir það að hafa dvalið langtínum saman, einkum á vetrum, erlend-

is við nám og æfingar í því skyni að ná sem lengst í íþrótt sinni.

Þó að fullkomin innanhússaðstaða hér myndi breyta stórlega öllum framgangi íþróttarinnar, bæði hvað varðar unglिंगastarf og aukna möguleika til æfinga hér heima, hlýtur sú staðreynd að blasa við að fyrir þá, sem stefna að árangri á heimsmeikvarða er dvöl erlendis að einhverju leyti nauðsyn. Þar gildir sama lögmál og í annarri menningu og listum, aukin yfirsýn, nýjungar og reynsla, sem nýtist vel í keppni á alþjóðavettvangi.

Íslenskir frjálsíþróttamenn hafa ætíð verið aúfúsugestir í háskólum erlendis og ávallt styrkt keppnislið þeirra með góðum árangri. Full ástæða er að ætla að svo verði einnig um ókomin ár.

Í langan tíma hefur íslensk íþróttahreyfing reynt af fremsta megni að styðja við bakið á okkar mesta afreksfólki, sem vinnur markvisst að því að komast í fremstu röð í heiminum. Þrátt fyrir góðan vilja hefur máttur hennar óstuddrar varla nægt til þessa stóra verkefnis.

Margir forystumenn íþróttahreyfingarinnar hafa lagt á sig mikla vinnu og náð góðum árangri bæði innanlands og utan til að tryggja nauðsynlegan stuðning við þetta stórverkefni. Fullyrða má, að það skipti sköpum fyrir framtíð íslenskra afreksíþróttar.



Magnús Jakobsson var fyrst kjörinn í stjórn FRÍ 1968 og sat þar með litlum hléum til 1993, þar af formaður 1989 til 1993. Hann var fyrsti formaður landsliðsnefndar þegar hún var stofnuð og einnig formaður mótanefndar 1995 til 1996.



Sydney höpur, sumarið 1997. Aftari röð: Einar Karl Hjartarson, USAH, hástökk, Sigurður Karlsson, UMSS, tugþraut - kúluvarp, Sveinn Þórarinnsson, FH 400 m grindahlaup, Magnús Aron Hallgrímsson, HSK, kringlukast. Fremri röð: Björn Margeirsson, UMSS, 800 m, Guðrún Sunna Gestsdóttir, USAH, 200 m, Þórey Edda Elisdóttir, FH, stangarstökk, Sveinn Margeirsson, UMSS, 3000 m hlaup. Á myndina vantar Völu Flosadóttur, ÍR, stangarstökk og Halldóru Jónasdóttur, UMSSB, spjótkest.

Fyrsta unglingsalandsliðið í frjálsum íþróttum, sem keppti við Dani og Norður-Þjóðverja í Odense sumarið 1970. Þjálfari og fararstjóri dr. Ingimar Jónsson.



Sérstaka athygli vekur sú ánægjulega staðreynd, að ýmsir aðilar ótengdir íþróttahreyfingunni skuli nú upp á síðkastið leggja metnað sinn við að styðja afreksíþróttafólk og tengja þannig afreksíþróttir við þjóðlífið með enn áþreifanlegri hætti en áður.

Þegar lítið er til þess, sem að framan segir er ljóst að ótæmandi framfaramöguleikar eru í frjálsum íþróttum. Mestu varðar þó sem fyrr, að grunnstarfið sé vel unnið og börnum og unglingum séu sköpuð góð skilyrði, bæði hvað varðar aðstöðu og þjálfun. Það má aldrei vanrækja mikilvægi markvissrar íþróttþjálfunar. Þá er hinn félagslegi þroski ein meginforsenda þess að ná á topp afreksmennskunnar, því að hver sem þangað kemst verður að hafa til að bera bæði andlegt og líkamlegt atgervi.

Eins og má hafa nú þróast ætti að vera auðveldara fyrir afreksfólk að leggja sig fram til aukins árangurs í íþrótt sinni með auknum stuðningi. Þannig hljóta þessir nýju möguleikar að örva ungt frjálssíþróttafólk til þess að takast enn frekar á við svo stórkostlegt verkefni, sem er markviss þjálfun með stefnu á heimsárangur.

Í stuttri samantekt má segja að staða íslenskra frjálssíþróttanna sé sterk í smanburði við aðrar íþróttir. Gott samstarf og mikil þátttaka er

augljós einkum í barna- og unglingsflokki. Hinsvegar er talsvert brottfall þegar unglingsárum lýkur nokkurt áhyggjuefni, en hér er um að ræða vandamál, sem öll íþróttahreyfingin þarf að takast á við, það snertir allar íþróttgreinar að meira eða minna leyti.

Óflug staða er einnig hvað varðar almenningssíþróttir, þar sem mikið starf hefur verið unnið. Í mörgum tilfellum hefur tekist gott samstarf með ýmsum aðilum bæði

innan og utan íþróttahreyfingarinnar. Þennan þátt starfsins má í engu vanmeta, sér í lagi vegna þeirra staðreynda að aukin þátttaka almenningss einkum barna og unglinga efla mjög íþróttáhuga og njóta afreksíþróttir ekki síst góðs af því. Afreksíþróttir og almenningssíþróttir eru órofa heild sem stutt hafa hvor aðra og mun svo verða áfram.

Þeirri framtíðarsýn sem nú blasir við Frjálssíþróttasambandinu verða ekki gerð tæmandi skil í stuttri grein, enda er hún í sífelldri þróun og endurskoðun. Ýmsir þættir í starfsemiinni krefjast þó meiri athygli og umhugsunar en aðrir og ber þar fyrst að nefna þjálfun og fræðslumál, sem er ótvírætt grunnurinn að þeim framförum sem við öll óskum frjálsum íþróttum.

Sá góði kjarni þjálfara sem unnið hafa mikið og gott starf fá varla meiru áorkað. Því er brýn nauðsyn að leggja aukna áherslu á fræðslu og menntun nýrra þjálfara, því þeirra hlutur í grunnstarfi barna og unglinga skilar sér betur til afreksíþróttanna er flest annað.

Þau miklu umskipti sem urðu með tilkomu styrktarsamninga við okkar besta afreksfólk er vonandi aðeins byrjunin á þeirri þróun, sem hlýtur að verða í framtíðinni. Óskandi er að skilningur framámanna ríkis og sveitarfélaga aukist, þannig að hægt verði að gera afreksmannasjóð þess megnugan að styrkja afreksfólk eins og hugmyndin var með væntanlegri þátttöku ríkis og sveitarfélaga í starfsemi sjóðsins.

Með þeirri verkaskiptingu, sem þessu fylgdi ykjast til muna möguleikar Frjálssíþróttasambandsins á að verja meiri fjármunum til aðkallandi verkefna. Þar má nefna eflingu á því mikla starfi, sem unnið hefur verið á vegum „FRÍ 2000“, þannig að á þeim tímamörkum sjaist verulegur árangur, þ.e.a.s. stór hópur afreksfólks, sem styrktur myndi verða af afreksmannasjóði. Nægir þar að nefna „Sydneyhópin“, sem ásamt fleirum stefnir markvisst að þátttöku í Ólympíuleikunum árið 2000.

Einar Karl Hjartarson sigurvegari í hástökki á Evrópskum olympíudögum æskunnar í Portúgal 1997.



Í þessu felast auknir möguleikar á ýmsum öðrum sviðum m.a. viðtækara verkefna fyrir þann hóp sem næstur stendur besta afreksfólkinu, öflugri erlend samskipti, sem þrátt fyrir þröngan fjárhag hefur ætíð verið snar þáttur í starfi Frjálsíþróttasambandsins.

Öllu því aukna starfi, sem hlýtur að verða í framtíðinni fylgir þó sú kvöð að halda áfram sem viðtækustu samstarfi við sambandsaðila og hafa ætíð að leiðarljósi notagildi þess til eflingar frjálsíþróttastarfinu í heild.

Allt sem hér hefur verið dregið á er ávallt háð því frumskilyrði að hér leggist allir á leitt, eins og reyndin hefur ætíð verið. Á það jafnt við forystumenn félaga og þjálfara íþróttafólksins og forystu æðstu samtakann, Ólympíunefndar og ÍSí. Með þann bakgrunn hefur Frjálsíþróttasambandið fulla möguleika á að takast á við þau fjölmörgu framtíðarverkefni sem við blasa, því nógur er efniviður í þeim glæsilega fjölda frjálsíþróttaiðkenda, sem tilbúinn er að takast á við þau undir stjórn öruggrar forystu.

Það er von og trú allra frjálsíþróttunnenda á þessum tímamótum að á ókomnum árum eigi frjálsar íþróttir sem allra glæsilegasta framtíð og nýti vel augljósan meðbyr sem er um þessar mundir og til þess fallinn að laða fram áhuga hjá stórum hópi íslenskra unglinga.



Þátttakendur Íslands í Evrópskum olympíudögum æskunnar 1997. Frá vinstri: Egill Eiðsson, fararstjóri og þjálfari, Sveinn Þórarinnsson, Guðný Eypórsdóttir, Silja Úlfarsdóttir, Rafn Arnason og Einar Karl Hjartarson.

Með þeim mikla fjölda sem stendur að baki Frjálsíþróttasambandinu er framtíð þess björt og vonandi árangursrík. Fyrir hönd allra frjálsíþróttunnenda eru því færðar bestu óskir á 50 ára afmælinu með von um gróskumikið afmælisár og í sameiningu tökumst við öll á við þau verkefni sem framtíðin ber í skauti sér.

Magnús Jakobsson.



Þátttakendur í æfingabúðum unglinga á Laugarvatni 1991 ásamt Þórdísi Gísladóttur, irisi Gronfeldt, Ragnheiði Ólafsdóttur og Stefáni P. Stefánsyni þjálfurum,, einnig eru á myndinni þau Geirlaug B. Guðlaugsdóttir formaður unglinganeftndar og Jónas Egilsson formaður Landsliðsneftndar.

3 afreksmenn komu heim með 3 gull og 2 silfurverðlaun

Myndin er frá 100 m hlaupinu í Aþenu. Keppendur, taldir frá vinstri: Hilmar Þorbjörnsson (sigraði örugglega á 10,8 sek.), Kolev (3. á 10,9), Nilsen (4. á 10,9), Georgopoulos (5. á 10,9), Kadar (6. á 11,1) og Bunæs (2. á 10,8 sek.)



Hér á árum áður keppti sameiginlegt lið Norðurlanda við Bandaríkin og einnig lið Balkanlanda og með góðum árangri.

Haustið 1957 voru 3 Íslendingar í liði Norðurlanda, sem sigraði Balkanlöndin með yfirburðum. Þessir kappar voru Vilhjálmur Einarsson, Hilmar Þorbjörnsson og Valbjörn Þorláksson.

Íslendingarnir stóðu sig afburðavel og á sínum tíma var talið, að hér hefði verið um að ræða einhverja mestu frægðarför íslenskra íþróttamanna til þess tíma. En svo sagði í forsíðufrétt Morgun-

Vilhjálmur Einarsson í þrístökkskeppni Aþenumótsins.



blaðsins.

Vilhjálmur Einarsson sigraði í þrístökki með miklum yfirburðum, stökk 15,95 m. Annar maður Sviinn Normann stökk 15,03 m. Þetta var 5. besti árangur í þrístökki í heiminum þetta ár. Hilmar Þorbjörnsson sigraði í 100 m hlaupi á 10,6 sek, en varð annar í 200 m á 21,6 sek. Þá var hann í sigursveitum Norðurlanda í 4X100 m og 1000 m boðhlaupum.

Valbjörn Þorláksson var annar í stangarstökki með 4,30 metra, sem var sama hæð og sigurvegarinn stökk, en það var Finninn Sutinen.



Valbjörn Þorláksson varð annar í stangarstökki stökk 4,30 m sömu hæð og sigurvegarinn.

Upphaf frjálsra íþróttá á Íslandi

Með stofnun og starfsemi ungmenna- og æskulýðsfélaga höfuðstaðarins má segja, að íþróttastarfsemi hafi hafist. Á ég þar við hin ágætu og öflugu íþróttafélög bæjarins, Glimufélagið Ármann, Íþróttafélag Reykjavíkur (ÍR), Knattspyrnufélag Reykjavíkur (KR) og Ungmennafélag Reykjavíkur.

Þrjú hin fyrstnefndu félög voru beinlínis stofnuð í þeim tilgangi að glæða áhuga og þekkingu manna á íþróttamálum og hið síðasttalda, sem hafði mörg menningarmál á stefnuskrá sinni, lét líka íþróttamálin mikið til sín taka. Tvö fyrstnefndu félögin helguðu sig framanaf eingöngu sérgreinum sínum, glímu og knattspyrnu. Hin félögin, ÍR og UMFR höfðu ekki eins einkoröðaða stefnuskrá í íþróttamálum og létu fleiri greinar til sín taka. Fyrst framanaf mun ÍR hafa starfað mest sem fimleikafélag, og UMFR æfði glímu og fimleika. En síðan bættu þau fleiri greinum við sig: ÍR frjálsum íþróttum og UMFR aðallega sundi.

ÍR var fyrsta félag hér í bænum - og líklega hér á landi - sem fékk sér áhöld - spjót, kringlu, kúlu og stöng - til æfinga í frjálsum íþróttum, líklega sumarið 1907, en UMFR ekki fyrr en undir Landsmót UMFÍ 1911, Sigurjón Pétursson fékk sér líka snemma spjót, kringlu og kúlu og æfði nokkuð spjótkast með honum fyrir leikmótið 1911. Fyrstu æfingar sínar í frjálsum íþróttum hélt ÍR á Landakotstúninu, þar sem nú er Landakotsspítalinn. Þar sá ég oft ýmsa góðkunna Reykvíkinga, eins og Helga Jónsson, Jón Halldórsson, Ólaf Magnússon, Böðvar Kristjánsson og Magnús Magnússon, (lipra), o.fl. á æfingum félagsins í spjótkesti, stangarstökki, hástökki o.fl. greinum. Ég var þá ekki félagi í ÍR og tók ekki þátt í æfingum, en ég fékk strax mikinn áhuga á þessum íþróttum, einkum spjótkastinu, því mér þótti alltaf gaman að kasta. Áhöld þessi voru mun óvandaðri en nú gerist.

Eins og vonlegt var, var íþróttaiðkun manna á þessum tíma mjög á reiki, enda þekkingin lítil á þeim málum. Forgöngumennirnir hvöttu menn til ástundunar í íþróttaiðkunum og dáða í kappleikjum. „Táp og fjör og friskir menn“ voru einkunnarorð og stefnumál þeirra - og íþróttirnir voru efling þessara eiginleika. Og þetta var ágætt, svo langt sem það náði. Menn æfðu sig á ýmsan hátt, voru í leikfimi og glímdu á vetrum, iðkuðu heimaleikfimi (Mullersæfingar), fóru í gönguferðir á sunnudögum á sumrin, fóru í „boltaleik“ og knattspyrnu, fóru í sjó og sólbað og sundlaugar o.fl.

Kennsla og leiðbeining var haldur lítilfjörleg eftir því sem nú gerist. Þetta átti einkum við um frjálsar íþróttir. Í glímunni voru hæg heimatök-in, þekking á henni þurfti ekki að sækja út fyrir landsteinana. Knattspyrna, sund og leikfimi höfðu verið iðkaðar hér allengi. Fyrstu mennirnir, sem leiðbeint hafa hér í bænum, munu hafa verið Andreas J. Bertelsen hinn ágæti og áhugaami forgöngumaður og leikfimikennari ÍR og Helgi Jónasson, hinn áhugasami og íþróttfróði formaður félagsins um langt skeið. Um þetta leyti (1908-1909) var gefin út í Danmörku bók er nefndist „Ildrætsbogen“. Keyptu allmargir áhugamenn á íþróttamálum bók þessa og fengu þar ýmsan íþróttfróðleik, þ.á.m. um frjálsar íþróttir. Einnig seldi Haraldur Árnason smábæklinga er hétu „Spaldings Athletic Library“, er fjölluðu um ýmsar sérgreinar og sérgreinaflokka íþróttanna. Þar var enn meiri og betri fróðleik að fá, því þeir voru sumir skrifaðir af meisturunum sjálfum og myndir ágætar. En fáir munu hafa notið sér þá. Síðar, einkum eftir þátttöku Íslendinga í Ólympiuleikunum 1912, fengu íslenskir frjálsíþróttamenn enn betri hugmynd í stíl í ýmsum greinum en áður, t.d. var Magnús Tómannsson (Kjaran) fyrstur hér á landi til að kasta spjóti með afturfærslu spjótisins í atrennunni og Sigurjón Pétursson fyrstur til að kasta kringlu með snúningi. Áður höfðu menn haldið spjótinu í beinum handlegg alla atrennuna og kastað kringlunni snúningslaust. Í ýmsum öðrum greinum var smátt og smátt breytt til. Í spretthlaupum var kropviðbragðið tekið upp af ýmsum og sumir fóru að nota hliðarstökk í hástökki í stað leikfimisstöcks. Hinar nýju hástöksaðferðir (háskóla- og Kaliforníulag) komu ekki fyrr en löngu síðar og breyting á stangarstöcksstílnum (uppfærsla neðri handarinnar á stönginni) ekki heldur.

Eins og önnur þekking á íþróttamálum, var þekking á lögum og leikreglum nokkuð á reiki á þessum tíma. Aðalvitneskja manna um þessi efni mun hafa verið frá áður nefndri íþróttabók á dönsku. Leikreglnapési, sem gefinn var út fyrir fyrsta landsleikmótið (Leikmót UMFÍ 1911) mun aðallega hafa verið þýddur eftir þeirri bók. Um eiginleg leikmót gat heldur varla verið um að ræða fyrr en eftir stofnun Íþróttasambands Reykjavíkur (1910), sem var samtök um byggingu gamla Íþróttavallarins - og Íþróttasambands Íslands (1912), því þá sköpuðust fyrst aðstæður til brautarhlaupa - þó lélegar væru - og réttur aðila til samninga og útgáfu reglugerða



Ólafur Sveinsson var mikill áhugamaður um framgang frjálsra íþróttá á Íslandi og vann þar mikið starf. Hann gegndi fjölda trúnaðarstarfa fyrir hreyfinguna og var m.a. fararstjóri á Ólympiuleikunum í Melbourne 1956.

og leikreglna. Með stofnun þessara tveggja sambanda má segja, að nýtt tímabil hefjist í íþróttamálum bæjarins - og jafnvel landsins í heild, því með því var ráðin bót á þeim skipulagsvandkvæðum, en áður höfðu háð viðgangi íþróttamálanna á ýmsan hátt og dregið úr gagnsemi þess ágæta starfs, sem einstök félög inntu af hendi. - Því miður hef ég ekki leikreglnapésann áður umtalaða við hendina, en ég minnst eins atriðis, sem nú myndi þykja mikil fjarstæða. Það var að atrennan í spjótkafti mátti ekki vera lengri en 10 metrar. Eftir því ákvæði var farið á Leikmóttinu 1911 - en aldrei síðan, því 1912 var ekki leikmót háð í frjálsum íþróttum og 1913 höfðu menn kynnst leikreglum Ólympíuleikanna 1912 og felldu þetta atriði niður í samræmi við þær. - Í kúluvarpi var ferhyrningur í stað hrings, en í kringlukasti var ekki keppt. Á þessu móti var keppt í fyrsta sinn í köstum hér á landi - og reyndar í fleiri greinum - og vegalengdir voru margar eftir ensku máli 402 1/3 m (1/4 Mile) og 804 2/3 m (1/2 Mile) o.s.frv. Stafaði það auðvitað af áhrifum frá Ólympíuleikum 1908, er haldnir voru í London er Íslendingar kepptu og sýndu á.

Fyrsti visirinn til kappleika í frjálsum íþróttum hér í Reykjavík mun hafa verið í sambandi við Þjóðhátíðina gömlu, sem jafnframt var háð 2. ágúst á Landakotstúninu. - Ekki minnst sá, sem þetta ritar, þess, að hafa séð neinar sameiginlegar æfingar eða undirbúning keppenda undir þátttöku, svo teljandi væri, að æfingum ÍR undanskildum, og munu einstakir keppendur hafa undirbúið sig hver í sínu lagi, þegar um einhvern undirbúning var að ræða. Annars mun hann í flestum tilfellum hafa verið lítill eða enginn, einkum framan af. Og menn kepptu þar algerlega sem einstaklingar, en ekki sem fulltrúar félaga eins og nú. Til dæmis um „undirbúning“ keppenda má geta þess, að ég vissi til, að tveir

af þátttakendum í Álafosshlaupinu, - sem þá var mesta þrekaunin af þessum kappleikum, hlupu alla vegalengdina einu sinni 2 dögum áður en kapphlaupið fór fram! Þetta var allur undirbúningurinn. Og um marga aðra keppendur var líkt farið. Aftur á móti voru aðrir, sem lögðu talsverða vinnu og alúð í undirbúning sinn undir þetta og önnur kapphlaup, sem háð voru á þessum árum. Voru það einkum þeir sem æft höfðu aðrar íþróttir, t.d. glímu eða fimleika og öðlast nokkurn skilning á undirstöðuatriðum íþróttabroskans. Þótt ég minnst hér sérstaklega á Árbæjarhlaupið - sem reyndar var aðeins háð tvö síðustu árin áður en Íþróttavöllur Reykjavíkur var byggður - þá mun undirbúningi keppenda í öðrum greinum sem keppt var í, - sprett-hlaupi, hástökki og langstökki - hafa verið líkt farið, sumra hvern. En þar kom fimleika eða glímuæfingin að vetrinum eða knattspyrnuæfingin að sumrinu að betra haldi. Í stangarstökki, þristökki og köstum var aldrei keppt fyrr en eftir að Íþróttavöllurinn á Melunum var byggður.

Kappleikar þeir, sem háðir voru hér í Reykjavík áður en Íþróttavöllurinn var byggður, voru þessi:

Þjóðhátíðin 1909 (1. ágúst)

1 mílu hlaup (Árbæjarhlaupið) 1. Helgi Árnason 28 mín., Sigurjón Pétursson 28:05,0 mín., Jóel Ingvarsson, Hf. 28:10,0 mín. - 2. ágúst: 100 m hlaup: 1. Helgi Jónasson 12,5 sek., Sigurjón Pétursson 13,3 sek., 3. Guðmundur Sigurjónsson 14 sek. 1000 m hlaup: Sigurjón Pétursson 3:03,0 mín., Guðmundur Sigurjónsson 3:08,0 mín., Magnús Tómasson 3:10,0 mín. Hástökk: Kristinn Pétursson 1,45 m, 2. Jón Halldórsson, 3. Hallgrímur Benediktsson. Langstökk: 1. Kristinn Pétursson, 2. Theódór Árnason, 3. Guðbrandur Magnússon. Aðrar frjálsíþróttgreinar munu ekki hafa verið reyndar. Hlaupin fóru fram á Melunum á líkum stað og Íþróttavöllur-

Íþróttagarnir frá Leikmóti UMFÍ 1911 - 25 árum síðar. Efri röð f.v.: Stefán Ólafsson, útgm., Carl Ryden, kaupm., Geir Jón Jónsson, bókh., Hallgr. Benediktsson, stórkaupm., Sigurjón Pétursson, verksm.eig., Helgi Tómasson, læknir, Vilhelm Jakobsson, fyrrv. tollv., Agúst Markússon, veggf., Kjartan Ólafsson, rakari. - Neðri röð: Ben. G. Wäge, kaupm. og forseti ÍSÍ, Magnús (Tómasson) Kjaran, stórkaupm., Jón Ásbjörnsson, hrm., Helgi Þorkelsson, klæðsker, Kristinn Pétursson, blikksm., Erlingur Pálsson, yfirlögregluþjónn og Guðm. Jónsson, trésm.



inn var. Einnig var keppt í sundi við sundskála UMFR og hann þá vígður.

5. júní 1910 var Leikmót haldið á Melunum og keppt í: 1000 m hlaupi: 1. Jón Halldórsson 11,6 sek., 2. Helgi Jónasson 12,8 sek., 3. Kjartan Konráðsson 13,0 sek. 1000 m hlaup: Sigurjón Pétursson 2:45,0 mín, Ólafur Magnússon 2:55,0 mín., 3. Magnús Tómasson 3:03,0 mín. Veðurfar þennan dag man ég greinilega, var sunnanátt og skýjað en þurr, mun það hafa bætt tímana. 1000 m hlaupið var a.m.k. hlaupið undan vindi. 26. júní: Árbæjarhlaupið (1 dönsk míla): Sigurjón Pétursson 28:14,0 mín. 31. júlí: 500 m á Melunum: Ólafur Magnússon 1:20,8 mín., 2. Magnús Tómasson 1:22,2 mín., 3. Guðmundur Þórðarson 1:25,0 mín.

Þetta munu hafa verið helstu mótin í frjálsum íþróttum, sem háð voru hér í bænum árin áður en Íþróttavöllur Reykjavíkur var byggður og fyrsta Landsmót íþróttamanna var háð árið 1911 á 100 ára afmæli Jóns Sigurðssonar.

En hingað og þangað út um land voru líka mót háð, t.d. á Akureyri, Húsavík og við Þjórsárbrú. Aðilar þeir, sem stóðu að mótum þessum, voru oftast ungmennafélög staðarins, en einnig stundum nefnd sú, er sá um framkvæmdir í sambandi við Þjóðhátíð staðarins, eins og hér.

Á Þjóðhátíð Vestmannaeyja 1909 er í frásögu fært, að keppt hafi verið í 800 m hlaupi í fyrsta sinn. Sigaði þar Jóhann A. Bjarnason, kaupamaður.

17. júní 1909 er háð MÓT á Akureyri og þar keppt í glímu (5 flokkum) sundi, göngu, hlaupum, knattspyrnu, hástökki, langstökki og stangarstökki. - 100 m hlaup vann Jón Haraldsson á 14 sek. Í göngu (402 1/3 m) sigraði Jakob Kristjánsson á 1:40,6 mín. Langstökk vann Kári Arngrímsson stökk 5,40 m og í hástökki sigraði Kári einnig stökk trúlega 1,48 m. Annar maður stökk jafnhátt, en tekið var fram um Kára að hann hafi stökkið jafnfætis og því gert betur. Jakob Kristjánsson, prentari, sigraði í stangarstökki stökk 2,46 m.

17. júní 1910 er LEIKMÓT NORÐLENDINGA-FJÓRDUNGS háð á Húsavík. Keppt er í 5 greinum frjálssípróttu, auk glímu og sunds.

Þessir unnu: 100 m hlaup Ragnar Dinesen 13,8 sek. 500 m hlaup Ingólfur Indriðason 1:18,4 mín. Langstökk Óskar Jónsson 4,80 m. Hástökk Jónas Þorbergsson og Albert Sigtryggsson jafnir með 1,62 m. Það er tekið fram um báða þessa menn, að þeir séu gagnfræðingar og virðist ekki ólíklegt, að stökkfimi þeirra - sem er afbragð á þessum árum - standi í sambandi við skólavistina. Stangarstökk Arngrímur Ólafsson prentari 2,32 m.

17. júní 1911 var LEIKMÓT NORÐLENDINGA-FJÓRDUNGS háð á Akureyri. Þar var aðeins keppt í tveimur frjálssípróttagreinum, auk glímu, sunds, pokahlaups o.fl. 100 m hlaup Haraldur Ólafsson og Jakob Einarsson voru jafnir á 13,4 sek. Hlupu þeir tvisvar og urðu í bæði skiptin jafnir (!). Langstökk vann Jakob Einarsson með 5,4 m. - Ekki er vitað um aðstæður á þessum mótum Norðlendinga, veðurfar eða þessháttar, en afrek virðast standast nokkurn veginn samburð við afrek Sunnlendinga, talsvert lakari í spretthlaupum, en dálítið betri í stökkum. Þó hlaup eru engin hjá Norðlendingum og sameiginlegt er hjá báðum, að ekki er keppt í neinum köstum fyrr en á Landsmóti UMFÍ 1911. Í sambandi við fábreytni Akureyrmótsins 1911 má geta þess, að glíman um Grettisbeltið og Leikmót UMFÍ var háð í Reykjavík um þetta leyti og ýmsir bestu íþróttamenn Norðlendinga höfðu farið til þeirrar keppni. Þetta hefur að öllum líkindum dregið úr fjölbreytni mótsins - og svo hitt einnig, að ýmsir af vöskustu íþróttamönnum Norðlendinga voru þá utanlands að sýna íslenska blímu í ýmsum löndum Evrópu. En eins og hér sunnanlands voru glímumenn þar líka þátttakendur í frjálsum íþróttum. Ég hef þekkt ýmsa af íþróttamönnum Norðlendinga frá þessum árum þ.á.m. Jakob Kristjánsson, prentari. Hann var ágætur fimleika og glímumaður og vann oft í flokkaglímum á Akureyri, en hann hafði líka mikinn áhuga og þekkingu á frjálsum íþróttum. Þekkingu sína hafði hann að mestu eftir dönsku íþróttabókinni, sem áður er getið. Hann hafði ágæta þekkingu á því, sem sú bók kenndi í sumum greinum, einkum göngu. Mun óhætt að fullyrða, að þekking íþróttamanna á



Vigsla íþróttavallarins í Reykjavík 11. júní 1911.

frjálsum íþróttum norðanlands hafi verið af sömu eða líkum rötum runnin og hér sunnanlands og því tilhöggun öll og leikreglur verið svipaðar.

Að síðustu skulu hér tilfærð afrek íþróttamanna í frjálsíþróttagreinum þeim, sem keppt var í á LEIKMÓTI UMFÍ 1911 - fyrsta landsmótiinu.

100 m hlaup: Kristinn Pétursson, 11,8 sek. Geir Jón Jónsson 12,2 sek. Sigurjón Pétursson 12,4 sek.

402 1/3 m hlaup: Sigurjón Pétursson 61 sek. Geir Jón Jónsson 64 sek. Magnús Tómasson 64,5 sek.

804 2/3 m hlaup: Sigurjón Pétursson 2:19,0 mín. Magnús Tómasson 2:21,0 mín. Ólafur Sveinsson.

Míluhlaup (7500 m): Guðmundur Jónsson 28:02,4 mín. Einar Pétursson 28,21,4 mín. Jónas Snæbjörnsson 29:03,0 mín. Helgi Tómasson.

110 m grindahlaup: Kristinn Pétursson 21,2 sek., Magnús Ármannsson 21,6 sek., Sigurjón Pétursson 23,4 sek.

804 2/3 m kappganga: Sigurjón Pétursson 4:15,0 mín., Helgi Þorkelsson 4:16,0 mín. Kári Arngrímsson.

Hástökk: Magnús Ármannsson 1,48 m, Kristinn Pétursson 1,44 m. Kári Arngrímsson.

Langstökk: Kristinn Pétursson 5,37 m, Sigurjón Pétursson 5,26 m, Kári Arngrímsson 5,22 m.

Stangarstökk: Benedikt G. Wåge 2,28 m, Kjartan Ólafsson 2,00 m.

Spjótkast: Karl Ryden 29,40 m, Ólafur Sveinsson 28,75 m, Magnús Tómasson 28,62 m.

Kúluvarp: Sigurjón Pétursson 8,87 m, Helgi Jónasson 7,75 m.

Einnig var svokallað hnattkast, sem teljast mætti til frjálsíþróttar. Þar sigraði Sigurjón Pétursson með 70,84 m. Annar varð Ágúst Markússon með 61,15 m og þriðji Bjarni Magnússon.

Eins og sést af afrekaskránum frá öllum þessum mótum, var geta manna á mjög lágu stigi, þegar miðað er við afreksgetu íþróttamanna nú. En margt kemur til greina, er dregið hefur úr getunni. Menn voru ekki „við eina fjöllina felldir“ þá, eins og nú, sumir - eins og Sigurjón Pétursson - kepptu í flestöllum greinum mótanna. Nú helga menn sig meira sérgreinum og þroska hæfileika sína í ákveðna átt. Kunnátta og æfing var lítil sem engin, og margir komnir af því skeiði, sem íþróttarþroskinn er auðsóttastur, þegar þeir kynast frjálsum íþróttum. Ytri að-

stæður til afreka voru og stundum afleitar, t.d. var gamli íþróttavöllurinn alveg ný ofaní borinn malarvöllur, þegar leikmótið var haldið 1911. Má það teljast stórfurðulegt, að 100 metra spretturinn skyldi vera hlaupinn á tíma undir 12 sek. og sýnir að afreksgeta manna í sumum greinum hefur ekki verið öllu lakari en nú. Óef- að stafaði spretthraði Kristins Péturssonar frá knattspyrnunni. Hann var bæði ÍR-ingur og KR-ingur. Það er auðvitað einkanlega í „nýju“ greinnunum, sem munurinn er mestur, enda var það svo um suma keppendur, að þeir höfðu varla séð áhöldin, hvað þá fengið nokkra æfingu í notkun þeirra. Búningur keppenda var óhentugur og ófullkominn, enginn hafði þá gaddaskó og buxur náðu þá almennt niður fyrir hné. Undirbúningur fyrir keppni lítill sem enginn og menn æfðu fram á síðustu stundu og undu sér ekki hæfilegrar hvíldar. Og engum datt þá í hug að vera hlytt búinn eða fá sér hitaspjett fyrir keppni. Það þótti heimska og eyðsla á kröftum, sem þyrfti að notast til keppinnar. Engin stökkgrýfja var á gamla íþróttavellinum til æfinga fyrr en 2-3 síðustu árin. Þegar mót voru háð, var grýfja gerð á miðjum vellinum, sem var fyllt upp strax að loknu mótinu. Sést af þessu, að ýmsar aðstæður gerðu það að verkum að afrekin hlutu að verða mjög léleg.

Ég hefi nú í framanrituðu lýst að nokkru upphafi æfinga og keppni íslenskra frjálsíþróttamanna hér á landi. Má vera, að mér séu einhver tildrög ekki nægilega kunn, en ég hef skýrt frá þeim eftir bestu vitund.

Það sem virðist hvað mest hafa stuðlað að því að sérstök frjálsíþróttamót eru hafin, er för Íslendinga á Ólympíuleikana í London 1908. Strax á næsta ári er hafist handa bæði norðanlands og sunnan. Sýnir það, að ólympíufararnir hafa orðið fyrir sterkum áhrifum á þessu sviði íþróttanna. Er það og eigi að furða, þar sem aðalþáttur Ólympíuleikanna var og hefur alltaf verið frjálsar íþróttir. Fyrir þann vettvang sem æðsta markmið eiga íslenskir frjálsíþróttamenn að æfa og framtíðar stefnumál þeirra á að vera það að láta sig aldrei vanta á þann vettvang, því að Ólympíuandinn lifir.

Ólafur Sveinsson

(Greinin er skrifuð árið 1941.)

Þríþraut FRÍ og Æskunnar

Þegar ákveðið var sumarið 1966 að ég tæki sæti í stjórn FRÍ sem formaður útbreiðslunefndar fór ég strax að leita að verkefnum sem henta myndu til kynningar á frjálsíþróttum í skólum landsins. Þá mundi ég eftir að ég hafði séð í norsku blaði frásögn af þríþrautakeppni sem norska frjálsíþróttasambandið hafði staðið fyrir. Ég skrifaði því sambandinu og óskaði eftir heimild til að mega nota þeirra fyrirmynd við framkvæmd svipaðrar keppni á Íslandi. Ég fékk jákvætt svar og með fylgdu allar nánari upplýsingar m.a. stigatafla sem átti eftir að koma að góðum notum. Ég hóf þegar undirbúning að framkvæmd með samþykki stjórnar FRÍ og þegar ég tók formlega við formennsku í útbreiðslunefndinni um haustið var keppnin hafin.

Til þess að ná sem best til nemenda í barnaskólum landsins fékk ég Barnablaðið Æskuna til samstarfs. Ég vissi að blaðið væri lesið af meirihluta þeirra barna sem ég þurfti að ná til og því samdi ég um að blaðið birti kynningu og upplýsingar um keppnina og úrslit. Einnig fékk ég þáverandi íþróttafulltrúa ríkisins, Þorstein Einarsson til liðs við mig, en hann hafði þá um árabíl staðið fyrir keppni úr fjarlægð milli héraðsskóla landsins, sem ég fullyrði að hafi verið frjálsíþróttum mikil lyftistöng en hvergi getið að verðleikum. Hann veitti heimild til að keppnin færi fram í barnaskólum landsins og hvatti íþróttakennara skólanna til að veita keppninni brautargengi. Hann kom því einnig til leiðar að Fræðslumálaskrifstofa ríkisins greiddi allan kostnað við prentun og útsendingu gagna sem myndskreytt voru af Þorvaldi Jónassyni kennara sem síðar sat í útbreiðslunefnd og stjórn FRÍ.

Síðsumars 1966 var öllum barna- og gagnfræðaskólum landsins send sérstök bréf um keppnina, reglur og tillögur um framkvæmd. Keppnin var í því fólgin að íþróttakennarar skólanna mældu árangur 11, 12 og 13 ára nemenda í 60 metra halupi, hástökki og boltakasti (80 gr. bolti). Þessar greinar voru valdar með tilliti til þess að sem flestir gætu verið með, þrátt fyrir mismunandi aðstæður. Skólarnir sendu síðan til baka árangur 2ja bestu telpnanna og drengjanna í hverjum aldursflokki.

Árangur 20 bestu telpnanna og drengjanna í hverjum aldursflokki var birtur í Æskunni en 6 bestu var boðið að taka þátt í úrslitakeppni að Laugarvatni vorið eftir, alls 36 börnum.

Þátttaka í þessari fyrstu keppni var framar öllum vonum sem þakka má fyrst og fremst íþróttakennurum skólanna. Alls tóku þátt 3580 börn eða nálægt 28% allra barna á þessum aldri. Fyrsta úrslitakeppnin fór síðan fram á Laugarvatni vorið 1967 þar sem nemendur íþróttakennaraskóla Íslands sáu um dómara- störf. Keppnin var afar jöfn og spennandi enda gaf stigataflan öllum jafna möguleika til sigurs. Svo fór að lokum að Kolbrún Kolbeinsdóttir 12 ára frá Barnaskóla Vestmannaeyja og Gunnar Guðmundsson 13 ára úr Laugalækjarskóla í Reykjavík stóðu uppi sem sigurvegarar og hluti í verðlaun ferð til Grænlands í boði Flugfélags Íslands. Önnur verðlaun voru einnig í boði svo sem verðlaunapeningar og bækur frá Æskunni.



Frá setningu úrslitakeppninnar í þríþraut á Laugarvatni en þar fór hún oftast fram.

Margir stigu sín fyrstu spor á frjálsíþróttuferlinum í þríþraut FRÍ. Meðal þeirra var Lára Sveinsdóttir, sem síðar varð margvaldur Íslandsmeðhafni og meistari og keppti fyrst íslenskra kvenna á Olympiuleikum.



Þar sem svo vel tókst til með keppnina var ákveðið að næsta forkeppni færi fram haustið 1968 og úrslitakeppni vorið 1969. Keppnin fór síðan fram á tveggja ára fresti þau 18 ár sem ég veitti útbreiðslunefnd forystu. Mest var þátttakan haustið 1976 eða alls 5760 nemendur frá 48 skólum.

Óhætt er að fullyrða að keppnin hafi náð tilgangi sínum. Þúsundir barna um land allt kynntust frjálsíþróttum og fram komu í dagsljósið fjölmargir efnilegir einstaklingar sem áttu eftir

að verða afreksmenn, sumir á heimsmælikvarða. Margir þessara einstaklinga hafa lyst því yfir í samtölum við fjölmiðla að þeirra íþróttaféll hafi byrjað með þátttöku í þríþrautinni þeirra á meðal Lára Sveinsdóttir, Vilmundur Vilhjálmsson og Þórdís Gísladóttir. Það er því gleðilegt að þessi skemmtilega keppni skuli hafa verið endurvakin þó að enn hafi ekki fengist sú þátttaka sem áður var.

Sigurður Helgason



Fulltrúi FRÍ í Alþjóðastarfi

Birgir Guðjónsson á sæti í læknanefnd Alþjóðafrjálsíþróttasambandsins. Hann hefur einnig alþjóðadómaraáttindi og hefur starfað sem slíkur á fjölmörgum stórmótum, var m.a. einn af eftirlitsdómurum á HM í Gautaborg 1995.

Andrésar Andarleikar í Noregi

Árið 1968 efndi norska frjálsíþróttasambandið í fyrsta sinn til keppni í frjálsíþróttum fyrir börn á aldrinum 11-12 ára í samvinnu við A/S Hjemmet í Osló en það fyrirtæki gefur m.a. út myndablöðin um Donald Duck þar í landi. Íþróttakeppni þessi hlaut nafnið „Donald Duck lekene I fri-idrett“ í höfuðið á kappanum sem við á Íslandi þekkjum betur undir nafninu Andrés önd. Mótsstaður var valinn í Kongsberg, vinalegum bæ á stærð við Kópavog. Boðið var til leikanna nál. 500 börnum frá öllum fylkjum landsins. Verndari leikanna var Sonja krónprinsessa og núverandi drottning landsins.

Keppnisgreinar voru 60 m hlaup, 600 m hlaup, langstökk, kúluvarp og boðhlaup. Þessir fyrstu leikar þóttu takast svo vel að ákveðið var að halda þá árlega framvegis. Útbreiðslunefnd FRÍ athugaði fljótlega möguleika á að íslensk börn fengju að taka þátt í leikunum. Svar barst í byrjun árs 1970 þess efnis að tveimur íslenskum börnum væri boðið að vera með á leikunum þá um sumarið. Buðust Norðmenn til að greiða allan upphaldskostnað og ferðakostnað að hálfu. Þetta góða boð þeirra var kynnt aðildarfélagum FRÍ og jafnframt var boðað til sérstaks úrtökumóts til að velja fulltrúa Íslands. Fyrir valinu urðu María Guðjohnsen, 11 ára úr Reykjavík og Friðjón Bjarnason 12 ára úr Borgarnesi. Fararstjóri barnanna var undirritaður sem einnig var fararstjóri flest árin sem leikarnir voru haldnir.

Við flugum að sjálfsgöðu til Osló en þar biðu okkar á flugvöllinum fulltrúar frá framkvæmdastjórn leikanna sem óku okkur á sérmerktum bíl til Kongsberg þar sem við bjuggum á fyrsta flokks hóteli mótsdagana. Ég fann að börnin voru nokkuð spennit og kvíðin en við reyndum að gleyma öllum áhyggjum með því að skoða okkur um og hvíla okkur vel þess á milli.

Snemma að morgni fyrri keppnisdag mættum við á mótsstað. Það sem vakti athygli okkar í upphafi var hin glæsilega umgjörð leikanna. Allt mótssvæðið var skreytt fánum og gríðarlega stórum myndum af Andrési önd og félagum auk þess sem þeir örkuðu um svæðið í eigin persónu. Lúðrasveit lék og keppendur streymdu að í búningum í öllum regnbogans litum. Brátt var stillt upp til skruðgöngu og gengu þátttakendur frá öllum fylkjum Noregs og öllum Norðurlöndunum í stafrófsröð inn á leikvanginn. Ísland var um miðja röðina og þegar fánaberinn með íslenska fánann birtist og börnin tvö var þeim fagnað meira og innilegar en öðrum,

meðal annars reis fólk úr sætum sínum í heiðursstúkunni. Þetta var eðins byrjunin á þeim hlýju móttökum sem við fengum ætíð síðar.

Svo hófst keppnin. María keppti í 60 m hlaupi og stóð sig mjög vel. Keppendur voru 72 og var skipt í 12 riðla. Hún komst alla leið í undanúrslit þar sem hún lenti í riðli með 3 fljótustu keppendunum og féll úr keppninni. Aðeins þessar 3 telpur náðu betri tíma en hún. Friðjón keppti í langstökki en þar voru keppendur 72. Hann stóð sig einnig mjög vel, náði 5. sæti og var aðeins nokkrum cm frá verðlaunasæti. Daginn eftir keppti María svo í langstökki og Friðjón í 60 m hlaupi. Er skemmst frá því að segja að þau náðu ekki jafngóðum árangri og fyrri daginn og er mér nær að halda að því hafi ráðið þreyta og spenna.

Eins og fram kemur hér að framan vakti þátttaka íslensku barnanna mikla athygli. Áður en



Sigurvegarar á Andrésar andarleikum 1972. Ásta B. Gunnlaugsdóttir næst efst til hægri sigraði í tveim greinum og einnig í einni grein árið eftir, sem er einstakt afrek í sögu leikanna. Guðmundur Geirdal, fyrir framan Ástu, sigraði í einni grein á leikunum.

Verðlaunaafhending í langstökki á Andrésar andarleikum 1975. Sigurvegarinn Kristján Harðarson varð síðar Íslandsmethafi í langstökki og keppti á Olympíuleikum 1984.



við héldum heim spurðist ég fyrir um framhaldið og var tjáð að framkvæmdaaðilar hefðu þá þegar ákveðið að bjóða framvegis fjórum börnum frá Íslandi með sömu kostnaðarskiptingu og áður.

Þar með hófst ævintýrið. Næstu fjórtán ár fóru því fjögur íslensk börn til þátttöku í leikunum að undangenginni úrtökukeppni hér heima. Keppnisgreinar voru þær sömu og í upphafi að öðru leyti en því að hástökki var bætt við 1974 og frá 1975 var keppt í 800 m hlaupi í stað 600 m hlaupi áður.

Árið 1981 urðu nokkur þáttaskil. Norska frjálsípróttasambandið ákvað þá að hætta að efna til keppni fyrir yngri börn en 13 ára. Frá því ári voru þátttakendur í leikunum því 13 og 14 ára. Keppnisgreinum var fjölgað og tekin upp keppni í kringlukasti, stangarstökki og 60 m grindahlaupi. Með þessari breytingu urðu leikarnir mun erfiðari í framkvæmd auk þess sem yfirbragð þeirra breyttist til verri vegar. Enda kom fljótlega að því að leikarnir voru aflagðir og voru þeir síðustu haldnir árið 1984.

Árangur íslensku barnanna á leikunum var ætíð mjög góður miðað við að þar mættust bestu einstaklingar í þessum aldursflokkum frá öllum Norðurlöndunum.

Árið 1971 kræktum við í okkar fyrstu verðlaun þegar Guðjón Guðmundsson kom þriðji í mark í 600 m víðavangshlaupi af 52 keppend-

um. eftir það komu börnin aldrei heim án verðlauna. Árið eftir unnu þau þrenn gullverðlaun. Ásta B. Gunnlaugsdóttir sigraði með yfirburðum í 60 m hlaupi og einnig í 600 m hlaupi í flokki 11 ára og Guðmundur Geirdal sigraði í 600 m hlaupi í flokki 12 ára drengja. Auk þess hlaut Súsanna Torfadóttir silfurverðlaun í kúluvarpi í flokki 12 ára. Þessi árangur var sérlega glæsilegur og þulur leikanna vakti athygli á því að ef svona héldi áfram myndi Ísland hirða öll verðlaun sem í boði væru.

Árið eftir hlaut Ásta aftur gullverðlaun í 60 m hlaupi, þá í flokki 12 ára. Næstu gullverðlaun hlaut Kristján Harðarson í langstökki árið 1975 og Björn Sveinbjörnsson í 800 m hlaupi árið 1980. Alls hlutu íslensku börnin því sex gullverðlaun og auk þeirra níu silfurverðlaun og átta bronsverðlaun. Vert er að geta þess að keppendur í einstökum greinum leikanna voru að jafnaði 40 til 80.

Þau börn sem á sínum tíma voru svo lánsöm að fá að taka þátt í þessum glæsilegu íþróttaleikum fyrir Íslands hönd munu eflaust minnst þeirra með gleði. Þátttaka þeirra og árangur varð þeim flestum hvatning til að halda áfram iðkun frjálsíprótta og mörg þeirra áttu eftir að klæðast íslenska landsliðsbúningnum og jafnvel að setja Íslandsmet í grein sinni.

Sigurður Helgason

Svavar Markússon vann marga glæsta sigra

Í lok sjötta áratugarins og í upphafi þess sjöunda var Svavar Markússon einn besti millivegalengdahláupari landsins. Hann keppti á Evrópumeistaramótinu í Stokkhólmi 1958 og á Ólympíuleikunum í Róm 1960 og stóð sig vel, setti m.a. Íslandsmet. Það afrek hans, sem e.t.v. vakti hvað mesta athygli var sigurinn í minningarhlaupinu um Rudolf Harbig 1957. Harbig var fyrrum heimsmethafi í 800 m hlaupi, en féll í stríðinu 1939-1945. Svavar vann marga fræga kapp í þessu hlaupi, en sigurtími hans í afleitu veðri var kannski ekkert sérstakur, 1:53,1 mín.



Svavar Markússon kemur fyrstur í mark í minningarhlaupinu um Rudolf Harbig, annar í hlaupinu varð Norðmaðurinn Árne Hemmarsson og þriðji Hanka frá Tékkóslóvakíu.

Afreksmaðurinn Jón J. Kaldal

Íþróttiferill Jóns J. Kaldal var á margan hátt einstæður. Jón fluttist til Reykjavíkur 19 ára gamall 1915 og árið eftir gerðist hann félagi í ÍR. Íþróttiferill Kaldals hefst 1916, er hann sigrar í Viðavangshlaupi ÍR og hann sigraði einnig í Viðavangshlaupinu 1917. Fyllilega má gera ráð fyrir að hann hefði sigrað í þriðja skiptið, en Jón hélt utan til Kaupmannahafnar sama dag og hlaupið fór fram og lagði stund á ljósmyndarnám.

Glæsilegur íþróttiferill Jóns fór nánast allur fram í Danmörku og hann varð margsinnis danskur meistari, bæði í Viðavangshlaupum og brautarhlautum. - Árið 1922 var mesta afreksár Kaldals. Þá var hann nánasti ósigrandi á danskri grund og setti íslenskt met í 5000 metra hlaupi - 15:23,0 mín., sem hélt velli í áratugi. Þetta ár setti hann einnig íslenskt met í 3000 metra hlaupi 9:01,5 mín.

Árið 1923 flutti Jón J. Kaldal heim til Íslands, en þá var honum einnig bannað að taka þátt í keppni vegna blóðleysis, enda þótt hann stæði á hátindi frægðarinnar og væri í blóma lífsins.



Þessi mynd er tekin af Jóni Kaldal árið 1920. Þarna gefur að líta ýmsa verðlaunagripa Jóns, en þó ekki nær alla, t.d. vantar Spörtubikarinn og fleiri gripi. Þremur árum síðar hætti Jón allri keppni í íþróttum. Þessi mynd er tekin af Jóni Kaldal árið 1920. Þarna gefur að líta ýmsa verðlaunagripa Jóns, en þó ekki nær alla, t.d. vantar Spörtubikarinn og fleiri gripi. Þremur árum síðar hætti Jón allri keppni í íþróttum.

Evrópumeistararnir Gunnar Huseby og Torfi Bryngelsson taka á móti Hreini Halldórssyni eftir sigur hans á Evrópumeistaramótinu í San Sebastian 1977. Með þeim á myndinni er eiginkona Hreins, Jóhanna Þorsteinsdóttir.



200 m hlaup á 17. júní móti á melavelli 1950. Sigurvegarinn Hörður Haraldsson setur Íslandsmet 21,5 sek., annar varð Haukur Clausen á 21,6 sek., þriðji Ásmundur Björnsson á 21,7 sek. og fjórði Guðmundur Lárusson á 21,8 sek.



Ýmsar myndir

Stjórn FRÍ 1954

Frá vinstri: Örn Eiðsson, Lárus Halldórsson, Brynjólfur Ingólfsson formaður, Guðmundur Sigurjónsson og Gunnar Sigurðsson.

Fimm fræknir frjálsíþróttamenn á æfingu. Þeir hafa allir átt eða eiga Íslandsmet í sínum greinum. Frá vinstri: Elías Sveinsson, Erleundur Valdimarsson, Einar Vilhjálmsson, Óskar Jakobsson og Hreinn Halldórsson.



Stjórn FRÍ 1972-1976

Frá vinstri: Magnús Jakobsson, Sigurður Björnsson, Páll Ó. Pálsson, Örn Eiðsson formaður, Svavar Markússon, Þorvaldur Jónasson og Sigurður Helgason. Örn var kjörinn fyrsti heiðursformaður FRÍ er hann lét af formennsku 1984 og Sigurður Björnsson og Sigurður Helgason heiðursfélagar sama ár er þeir létu af stjórnarstörfum. Örn hafði þá setið í stjórn FRÍ í 30 ár og þeir nafnarnir í tæp 20 ár.



Glæsilegur boðhlaupssigur

Dagana 19. og 20. júlí 1956 var háð landskeppni Íslendinga og Dana í Kaupmannahöfn. - Þessa tvo fallegu júlídaga minnst þeir lengi, sem voru svo heppnir að fylgjast með þessari skemmtilegu og spennandi keppni.

Þegar ein grein var eftir af landskeppninni, 4X400 metra boðhlaupið var staðan þannig, að ynnu Danir boðhlaupið lyki keppninni með jafntefli. Það þótti Íslendingum afleitt og nánast eins og tap, þar sem íslenskir frjálsíþróttamenn höfðu tvívegis áður unnið Dani örugglega. Þessa síðustu keppnisgrein varð því að vinna, þó að Danir væru með jafnbetri hlaupara, þegar liðið var til besta árangurs hvers hlaupara, sem voru í boðhlaupinu.

Íslenska fararstjórnin tók þá djöfrú ákvörðun að Hilmar Þorbjörnsson, sem var afburða sprett-hlaupari, en hafði aldrei keppt í 400 m hlaupi, hlypi fyrsta sprettinn. Hinir hlaupararnir voru Svavar Markússon, Daníel Halldórsson og Þórir Þorsteinsson. Höfst nú boðhlaupið, en spenn-ingurinn var rafmagnaður á vellinum.

Hilmar tók strax forystuna og fór geyst. Tölu-verðrar taugaveiklunar gætti meðal Íslendinga, menn voru hræddur um að hann myndi ekki halda þetta út, en þetta gekk vel og hann skilaði töluverðu forskoti til Svavars, sem hljóp næsta sprett. - Þó að Svavar væri búinn að keppa í erfiðum greinum báða dagana, hljóp hann skínandi vel og skilaði keflinu á undan til Daníels Halldórssonar, sem hljóp á móti Gunnari Nielsen, frægasta danska hlauparanum. Það var augljóst, að Daninn ætlaði sér að skunda fljótlega fram úr hinum óþekkta Daníel, en það reyndist ekki auðvelt. Þeir skiluðu keflunum svo til jafnt til síðustu manna, Gunnar þó aðeins á



Hin sigursæla 4x400 m boðhlaupssveit, f.v.: Hilmar, Svavar, Daníel, Þórir. Í baksýn „Iðræts-huset“, með lokastigunum 102-108 uppi yfir dyrunum.

undan, en þann sprett hljóp hinn frægi keppn-ismaður Þórir Þorsteinsson gegn danska meistaranum. Þórir lét Danann halda forystunni, en fylgdi fast á eftir. Spennurinn var nánast óþolandi og allir áhorfendur risnir á fætur. Á síðustu 50 metrunum tók Þórir endasprettinn og Daninn átti ekki möguleika. Íslendingar siguðu örugglega í boðhlaupinu á nýju glæsilegu Íslandsmeti 3:17,2 mín. og um leið var tryggður íslenskur sigur í landskeppninni 108,5 gegn 102,5 stigum.

Þessi sigur var einn af hinum stóru og gleðin í herbúðum íslenska liðsins var mikil. Dönsku blöðin voru afskaplega óhress og daginn eftir var heilsíðu umsögn um keppnina í einu blaðanna og mest skammir um dönsku boðhlaups-sveitina og blaðamanninum var svo mikið niðri fyrir að hann gleymdi að gera þess að Ísland hefði sigrad í keppninni!

Guðmundur Hermannsson átti Íslandsmet í kúluvarpi um árabíl. Hann setti fyrsta metið 1967 þá 41 árs gamall. Lengsta kast Guðmundar var 18,48 m. Guðmundur keppti á Olympíuleikunum í Mexíkó 1968.



Ýmsar myndir

Óskar Jakobsson einn fjölhæfasti kastari okkar, átti um skeið Íslandsmet í spjótkaсти. Keppti í öllum kastgreinum í landskeppni. Óskar keppti á tvennum Olympíuleikum og komst í úrslit í kúluvarpi í Moskvu 1980.

Jón Þ. Ólafsson var um langt skeið besti hástökkvari Íslendinga. Met hans í hástökki 2,10 m stóð í 18 ár. Jón keppti á Olympíuleikunum í Tókýó 1964 og Mexíkó 1968.



Þórdís Gísladóttir keppti í fyrsta sinn í landsliði 1975 og hefur síðan verið besti hástökkvari kvenna, hún á Íslandsmet í hástökki 1,88 m, hefur keppt á tvennum Olympíuleikum og mörgum fleiri stórmótum.

Helga Halldórsdóttir er mjög fjölhæf íþróttakona sem á langan keppnisferil. Hún átti m.a. lengi Íslandsmet í grindahlaupum og 400 m hlaupi og á enn met í 300 m hlaupi og boðhlaupi. Helga keppti á Olympíuleikunum í Seul 1988.



Marta Ernstsóttir á Íslandsmet í öllum langhlaupum frá 5000 m og upp í maraþonhlaup. Hún hefur náð athyglisverðum árangri einkum í hálfu maraþonhlaupi.





Guðrún Arnardóttir og Jón Arnar Magnússon voru kjörin besta frjál-
síþróttakona og frjálssíþróttakarli árið 1997.



Óskar Jónsson sigraði
glæsilega í 1500 m
hlaupi á Oslóleikum
1948 á Íslandsmeti
3:53,4 mín. Þetta met
stóð á annan áratug.

Ýmsar myndir



Þrefaldur Íslenskur sigur í 200 m á Norðurlandamóti í Stokkhólmi 1949. Norðurlandameistari
varð Finnbjörn Þorvaldsson, annar Haukur Clausen og þriðji Guðmundur Lárusson.



Íris Grönfeldt, Þórdís Gísladóttir og Marta Ernstdóttir
kepptu allar á HM í Tokýó 1991 og hafa Íslendingar ekki
átt fleiri kvenfulltrúa á slíku móti.



Birgitta Guðjónsdóttir
methafi í sjóþraut.
Fjölhæf íþróttakona og
keppti m.a. í spjótkesti
og langstökki í
landskeppni.



Jóel Sigurðsson kastaði
spjóti fyrstur Íslendinga
yfir 60 m. Hann átti
Íslandsmet 66,99 sett
árið 1949 og stóð það
í 27 ár.

Árið 1970 fór fram í fyrsta skiptir hér á landi Evrópubikarkeppni. Myndin er frá keppni í 100 m hlaupi. Bjarni Stefánsson varð þriðji í hlaupinu á nýju unglíngameti 10,6 sek.



Frá keppni í Marabonhlaupi 1983. Frá vinstri Sigurður P. Sigmundsson methafi í hálfmarabon og marabonhlaupi, Sighvatur Dyri Guðmundsson, Sigfús Jónsson methafi í 10000 m hlaupi og Steinar Friðgeirsson.



Ýmsar myndir

Vilmundur Vilhjálmsson átti Íslandsmet í 100 og 200 m hlaupum. Hann var einnig góður 400 m hlaupari og keppti í öllum þessum greinum í landskeppni.



Bryndís Hólm methafi í langstökki var einnig í landsliði í spjótkaсти og bødhlauptum.



Sigríður Anna Guðjónsdóttir methafi í þristökki hefur náð athyglisverðum árangri í einni nýjstu keppnisgrein kvenna.